| 321 Geislavarnir ríkisins .....                          | 6 295                          | 8 097                       | 12 494                       |
| 322 Heilbrigðiseftirlit ríkisins .....                   | 26 699                         | 29 678                      | 45 174                       |
| 323 Tryggingaeftirlitið .....                            | 84                             | —                           | —                            |
| 371 Landspítalinn .....                                  | 3 736 260                      | 3 726 841                   | 6 141 483                    |
| 372 Fæðingardeild Landspítalans .....                    | 473 233                        | 458 019                     | 992 997                      |
| 373 Kleppsspítali .....                                  | 1 154 432                      | 1 147 059                   | 1 933 946                    |
| 374 Vífilsstaðaspítali .....                             | 491 306                        | 409 487                     | 676 926                      |
| 375 Kristneshælið .....                                  | 186 523                        | 196 790                     | 307 334                      |
| 376 Kópavogshælið .....                                  | 512 181                        | 506 550                     | 812 530                      |
| 377 Vistheimilið Gunnarsholti .....                      | 75 518                         | 75 660                      | 126 123                      |
| 378 Læknishéraðasjóður .....                             | 679                            | 18 000                      | 22 500                       |
| 379 Til kaupa á Landakotsspítala .....                   | 1 200 000                      | —                           | —                            |
| 380 Námslán læknastúdenta .....                          | 1 397                          | 3 000                       | 2 000                        |
| 381 Til sjúkrahúsa og læknabústaða ....                  | 1 150 950                      | 1 559 097                   | 2 064 483                    |
| 391 Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar                   | 346 531                        | 423 299                     | 780 851                      |
| 392 Berklavarnir .....                                   | 9 508                          | 7 523                       | 15 617                       |
| 393 Skólayfirlæknisembættið .....                        | 5 005                          | 6 124                       | 11 156                       |
| 399 Ýmis heilbrigðismál .....                            | 177 126                        | 264 527                     | 359 903                      |
| 471 Gæsluvistarsjóður, framlag .....                     | 41 103                         | 67 900                      | 61 600                       |
| 481 Bindindisstarfsemi .....                             | 15 680                         | 18 735                      | 24 910                       |
| 501 Ljósmaðraskóli Íslands .....                         | 20 599                         | 21 327                      | 35 242                       |
| 502 Þroskajálfaskólinn .....                             | 22 281                         | 16 890                      | 27 988                       |
| 503 Ýmsir skólar heilbrigðisstétta .....                 | 22 895                         | —                           | —                            |
| <b>09 Fjármálaráðuneytið .....</b>                       | <b>4 276 472</b>               | <b>16 938 739</b>           | <b>8 233 114</b>             |
| 101 Aðalskrifstofa .....                                 | 118 133                        | 140 213                     | 243 737                      |
| 103 Ríkishókhald .....                                   | 74 651                         | 100 451                     | 167 590                      |
| 104 Ríkisfjárhirsla .....                                | 27 418                         | 28 501                      | 46 025                       |
| 201 Embætti ríkisskattstjóra .....                       | 97 877                         | 138 826                     | 224 008                      |
| 202 Skattstofan í Reykjavík .....                        | 204 891                        | 210 747                     | 371 886                      |
| 203 Skattstofa Vesturlands, Akranesi ...                 | 25 885                         | 30 406                      | 53 645                       |
| 204 Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði .....                | 18 234                         | 31 327                      | 47 639                       |
| 205 Skattstofa Norðurlands vestra, Siglu-<br>firði ..... | 24 872                         | 30 906                      | 51 605                       |
| 206 Skattstofa Norðurlands eystra, Akur-<br>eyri .....   | 41 656                         | 55 540                      | 96 739                       |
| 207 Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum                  | 25 426                         | 27 848                      | 46 064                       |
| 208 Skattstofa Suðurlands, Hellu .....                   | 24 734                         | 32 484                      | 53 594                       |
| 209 Skattstofa Vestmannaeyja .....                       | 11 012                         | 11 640                      | 22 637                       |
| 211 Skattstofa Reykjaness, Hafnarfirði ..                | 62 251                         | 74 472                      | 120 593                      |
| 212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld ....                | 62 900                         | 51 721                      | 88 992                       |
| 214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd                  | 17 101                         | 22 654                      | 37 407                       |
| 251 Gjaldheimtan í Reykjavík .....                       | 46 789                         | 63 162                      | 90 881                       |
| 261 Tollstjórinn í Reykjavík .....                       | 161 666                        | 194 830                     | 321 840                      |
| 263 Tollgæsla .....                                      | 263 409                        | 273 473                     | 434 658                      |

|   | Reikningur<br>1977<br>þús. kr. | Fjárlög<br>1978<br>þús. kr. | Frumvarp<br>1979<br>þús. kr. |
|---|--------------------------------|-----------------------------|------------------------------|
| 282 Tollamál, sameiginlegur kostnaður ..                        | 9 602                          | 10 000                      | 14 300                       |
| 381 Uppbætur á lifeyri .....                                    | 1 181 768                      | 1 890 925                   | 3 585 039                    |
| 382 Eftirlaun samkvæmt launalögum ..                            | 15 827                         | 17 153                      | 25 034                       |
| 383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, em-<br>bættismenn .....       | 35 816                         | 32 420                      | 32 420                       |
| 384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur                        | —                              | 20 590                      | 20 590                       |
| 402 Fasteignamat ríkisins .....                                 | 66 957                         | 63 832                      | 137 504                      |
| 481 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum<br>og heimildarlögum ..... | 2 754                          | 100 000                     | 110 000                      |
| 901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnun-<br>ar ríkisins .....       | 23 315                         | 23 872                      | 46 890                       |
| 971 Ríkisábyrgðasjóður, framlag .....                           | 729 394                        | 566 000                     | 660 000                      |
| 981 Skrifstofubýgging við Grensásveg ..                         | 54 009                         | 105 000                     | 135 000                      |
| 989 Vegna launa- og verðlagsmála .....                          | —                              | 11 414 000                  | —                            |
| 998 Kjaradómur og kjaranefnd .....                              | 5 149                          | —                           | —                            |
| 999 Ýmislegt .....  | 842 976                        | 1 175 746                   | 946 797                      |
| <b>10 Samgönguráðuneytið .....</b>                              | <b>10 412 775</b>              | <b>13 783 701</b>           | <b>18 003 150</b>            |
| 101 Aðalskrifstofa .....  | 39 294                         | 42 474                      | 72 301                       |
| 211 Vegagerð ríkisins .....                                     | 6 381 657                      | 9 305 000                   | 12 300 000                   |
| 321 Strandferðir, framlög .....                                 | 351 400                        | 448 055                     | 696 518                      |
| 325 Rekstrardeild ríkisskipa .....                              | 31 295                         | 37 231                      | 64 960                       |
| 331 Vita- og hafnamál, aðalskrifstofa ..                        | 352 321                        | 64 998                      | 116 221                      |
| 332 Vitamál .....   | 132 336                        | 181 961                     | 267 184                      |
| 333 Hafnamál .....  | 1 591 115                      | 1 928 796                   | 1 878 368                    |
| 341 Siglingamálastofnun ríkisins .....                          | 82 218                         | 107 493                     | 177 323                      |
| 342 Sjóslýsanefnd .....   | 6 769                          | 7 239                       | 8 583                        |
| 471 Flugmálastjórn .....  | 1 080 680                      | 1 250 206                   | 1 768 766                    |
| 481 Flugbjörgunarsveitir, framlög .....                         | 700                            | 700                         | 700                          |
| 651 Ferðamál .....  | 93 492                         | 51 700                      | 64 840                       |
| 652 Veðurstofan .....   | 208 271                        | 290 974                     | 484 318                      |
| 656 Landmælingar .....  | 48 545                         | 49 874                      | 81 068                       |
| 672 Sérleyfissjóður .....                                       | 12 682                         | 17 000                      | 22 000                       |
| <b>11 Iðnaðarráðuneytið .....</b>                               | <b>3 233 064</b>               | <b>3 658 872</b>            | <b>7 105 750</b>             |
| 101 Aðalskrifstofa .....  | 39 688                         | 48 072                      | 78 710                       |
| 201 Iðntæknistofnun Íslands .....                               | 85 873                         | 107 396                     | 286 371                      |
| 202 Rannsóknastofnun iðnaðarins .....                           | 53 278                         | 74 454                      | —                            |
| 203 Rannsóknastofnun byggingaiðn. ....                          | 78 118                         | 92 845                      | 158 797                      |
| 204 Verkstjórnarnámskeið .....                                  | 3 524                          | 8 034                       | 11 837                       |
| 205 Stjórnunarnámskeið .....                                    | 5 800                          | 6 692                       | 10 882                       |
| 206 Námskeið í stjórn vinnuvéla .....                           | 4 213                          | 5 784                       | 9 671                        |
| 207 Til eftirmentunar í iðju og iðnaði                          | 11 021                         | 12 000                      | 12 000                       |
| 221 Lánasjóður iðnaðarins .....                                 | 225 000                        | 300 000                     | 320 000                      |
| 233 Ríkisprentsmiðjan Gutenberg .....                           | 12 338                         | —                           | —                            |
| 235 Fyrirtæki og stofnanir, framlög ....                        | 78 647                         | 17 400                      | 20 000                       |
| 299 Iðja og iðnaður, framlög .....                              | 73 768                         | 54 475                      | 119 775                      |
| 301 Orkustofnun .....   | 549 482                        | 752 620                     | 1 172 134                    |
| 302 Rafmagnseftirlit ríkisins .....                             | 101 828                        | 104 100                     | 160 573                      |

|   | Reikningur<br>1977<br>þús. kr. | Fjárlög<br>1978<br>þús. kr. | Frumvarp<br>1979<br>þús. kr. |
|---|--------------------------------|-----------------------------|------------------------------|
| 311 Landsvirkjun, eiginfjárframlag ....                   | 2 750                          | —                           | —                            |
| 371 Orkusjóður .....                                      | 1 898 936                      | 2 075 000                   | 4 745 000                    |
| 399 Til jarðhitaleitar .....                              | 3 800                          | —                           | —                            |
| <b>12 Viðskiptaráðuneytið .....</b>                       | <b>6 645 745</b>               | <b>7 827 003</b>            | <b>18 971 220</b>            |
| 101 Aðalskrifstofa .....                                  | 57 855                         | 51 927                      | 92 858                       |
| 201 Niðurgreiðslur á vöruverði .....                      | 5 769 993                      | 6 831 000                   | 18 037 000                   |
| 202 Styrkur vegna olíunotkunar til húsa-<br>hitunar ..... | 743 425                        | 856 000                     | 680 000                      |
| 902 Verðlagsstofnun .....                                 | 72 972                         | 86 576                      | 152 184                      |
| 903 Skráning hlutafélaga .....                            | —                              | —                           | 7 678                        |
| 999 Vörusýningar erlendis .....                           | 1 500                          | 1 500                       | 1 500                        |
| <b>13 Hagstofa Íslands .....</b>                          | <b>77 667</b>                  | <b>97 495</b>               | <b>162 473</b>               |
| 101 Aðalskrifstofa .....                                  | 54 423                         | 71 085                      | 116 884                      |
| 102 Þjóðskráin .....                                      | 23 244                         | 26 410                      | 45 589                       |
| <b>14 Ríkisendurskoðun .....</b>                          | <b>99 552</b>                  | <b>128 720</b>              | <b>220 301</b>               |
| 101 Aðalskrifstofa .....                                  | 99 552                         | 128 720                     | 220 301                      |
| <b>15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun .....</b>              | <b>3 392 099</b>               | <b>3 459 505</b>            | <b>7 050 669</b>             |
| 101 Aðalskrifstofa .....                                  | 45 604                         | 54 857                      | 90 712                       |
| 181 Ríkisbifreiðir, framlög .....                         | —                              | 12 000                      | 17 000                       |
| 991 Ýmis lán ríkissjóðs .....                             | 3 346 495                      | 3 367 648                   | 6 942 957                    |
| <b>Samtals öll ráðuneyti (A-hluti)</b>                    | <b>102 821 127</b>             | <b>138 473 434</b>          | <b>198 485 865</b>           |

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna er lögð á það rík áhersla að höfuðverkefni stjórnarinnar á næstu misserum sé að ráða fram úr þeim mikla vanda sem blasir við í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Í því skyni mun ríkisstjórnin leggja áherslu á að draga markvisst úr verðbólgunni með því að lækka verðlag og tilkostnað, draga úr víxlhækkunum verðlags og launa og halda heildarumsvifum í þjóðarbúskapnum innan hæfilegra marka. Þá mun hún leitast við að koma í veg fyrir auðsöfnun í skjóli verðbólgu.

Er stjórnin tók við völdum 1. september sl. höfðu allmörg fyrirtæki í undirstöðugreinum stöðvast og önnur voru í þann mund að stöðvast. Stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum eins og hún er skýrð í stefnuyfirlýsingu samstarfsflokka er því tvíþætt. Annars vegar felur hún í sér skjótar aðgerðir til að tryggja rekstur höfuðatvinnuveganna og frið á vinnumarkaðinum og hins vegar ráðstafanir, þegar til lengri tíma er litið, til að vinna markvisst að hjöðnun verðbólgunnar án þess þó að tefla atvinnuöryggi í tvísýnu. Þá stefnir ríkisstjórnin að því að ná jöfnuði í viðskiptum þjóðarinnar við útlönd á árinu 1979 og draga úr erlendum lántökum. Að þessum málum ætlar stjórnin sér að vinna í samstarfi við fulltrúa launafólks og vinnuveitenda og með nýrri stefnu í atvinnu-, fjárfestingar- og kjaramálum.

Til að forða stöðvun útflutningsatvinnuveganna og tryggja vinnufrið beitti ríkisstjórnin sér fyrir 15% gengislækkun og setningu bráðabirgðalaga um ráðstafanir í framhaldi af henni (nr. 95/1978), m. a. um ráðstöfun á gengismun. Þá voru sett bráðabirgðalög um kjaramál (nr. 96/1978) en með þeim var m. a. ákveðin niðurfærsla verðlags í landinu með auknum niðurgreiðslum 1978 og 1979. Jafnframt kváðu lögin á um verðbótageiðslur á laun í samræmi við kjarasamninga alls þorra launþega. Gengisbreytingin var einnig liður í þeirri viðleitni að draga úr innflutningi og nálgast þannig markmiðið um jöfnuð í viðskiptum við útlönd. Í kjölfar gengislækkunarinnar hlaut hins vegar að fylgja hækkun verðlags á innfluttum vörum og því var mikilvægt að vega á móti þeirri hækkun með niðurfærslu verðlags og koma þannig í veg fyrir frekari vöxt verðbólgunnar, sem komin var yfir 50% í ágúst síðastliðnum. Ári áður hafði hún hins vegar verið innan við 30%. Þessar aðgerðir voru þó aðeins til að skapa svigrúm til frekari aðhaldsaðgerða. Í framhaldinu er nauðsynlegt að stefnt verði að jafnvægi í ríkisfjármálum þegar litið er yfir tímabilið frá 1. september 1978 til ársloka 1979. Vegna niðurfærsluráðstafana er óhjákvæmilegt að nokkur halli verði á ríkisbúskapnum á árinu 1978. Þann halla verður að fullu að bæta upp á árinu 1979, og reyndar nokkru betur, ef hamla á gegn verðbólgu. Þá er mikilvægt að stefnt verði að samdrætti í opinberum framkvæmdum og að heildarfjármunamyndun verði takmörk sett. Til þess að fylgja þessari stefnu eftir mun ríkisstjórnin beita sér fyrir takmörkun útlána og peningamagns í umferð til þess að draga úr verðþenslu.

Fjárlagafrumvarpið mótast af þeirri meginstefnu sem að ofan er lýst. Aðhalds er gætt í hvívetna um rekstrarútgjöld stofnana og áformaður er samdráttur í fjárfestingu ríkisins á árinu 1979. Það er keppikefli ríkisstjórnarinnar að ríkissjóður verði rekinn hallalaus fyrstu 16 mánuði starfsferils hennar. Með setningu bráðabirgðalaganna í september sl. um kjaramál var stigið skref í þá átt að rjúfa vítahring víxlhækkana verðlags og launa með auknum niðurgreiðslum og lækkun óbeinna skatta. Þar sem verulega var liðið á árið þegar þessar aðgerðir áttu sér stað verða aukin útgjöld og tekjumissir ríkissjóðs á árinu 1978 ekki að öllu leyti bættur með skattheimtu á því ári. Til að mæta útgjöldum, sem að hluta voru bein afleiðing efnahagsaðgerðanna og ekki síst til að ná jöfnuði í ríkisfjármálum í lok ársins 1979, verður óhjákvæmilega að koma til aukin tekjuöflun eða lækkun

útgjalda. Frumvarpið felur í sér auknar tekjur ríkissjóðs í formi beinna skatta sem ekki leiða til sjálfkrafa hækkunar launa og verðlags. Ef markmið ríkisstjórnarinnar um hallalausán ríkisbúskap fyrstu 16 mánuðina á að nást er mikilvægt að fjárlagafrumvarpið 1979 verði afgreitt með 3 000 m.kr. greiðsluafgangi.

Áður en tekju- og gjaldahlið frumvarpsins er rædd nánar þykir rétt að vika að nokkrum efnisatriðum frumvarpsins sem enn eru ekki endanlega afgreidd.

1. Áætlun frumvarpsins um tekjuöflun á árinu 1979 er byggð á því að framhald verði á skattlagningu hliðstæðri þeirri sem ákveðin var með bráðabirgðalögum nr. 96/1978. Form þessarar skattlagningar hefur þó ekki verið endanlega ákveðið en frumvörp um þetta efni verða lögð fram á Alþingi á næstunni. Gert er ráð fyrir að tekjuöflun samkvæmt þeim verði að fjárhæð ígildi framlengingar skattaákvæða bráðabirgðalaganna. Þingmannanefnd stjórnarflokkanna vinnur að endurskoðun skattalaganna en áður en endanlega verður gengið frá skattforminu verða höfð samráð við aðila vinnu- og atvinnu- aðarins.
2. Lögð verði sérstök áhersla á að stórauka aðhald í ríkisbúskapnum og stefnt að því að lækka rekstrarkostnað um 1 milljarð króna.
3. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir lækkingu aðflutningsgjalda í samræmi við samning um aðild Íslands að EFTA og samning við EBE. Í samstarfssamningi stjórnarflokkanna er gert ráð fyrir „að samkeppnisaðstaða íslensks iðnaðar verði tekin til endurskoðunar og spornað með opinberum aðgerðum gegn óeðlilegri samkeppni erlendis iðnaðar, m. a. með frestun tollalækkana.“ Ekki er fullráðið með hvaða hætti þetta verður gert. Sérstök nefnd þriggja ráðuneyta hefur málið til athugunar.
4. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að verja til verklegra framkvæmda, sem tilheyra A-hluta fjárlaga, samtals 18 470 m.kr. Ennfremur virðist svigrúm til að verja til viðbótar allt að 1 000 m.kr. til framkvæmda. Með því móti væri stefnt að um það bil 16% magnmínkun verklegra framkvæmda sem tilheyra A-hluta fjárlaga. Þar sem ekki hefur verið gengið frá lánsfjáráætlun næsta árs er á þessu stigi ekki endanlega ákveðið hversu mikil magnmínkun verði í ríkisframkvæmdum í heild. Hins vegar er ljóst að verði dregið minna úr framkvæmdum en að framan greinir verður að koma til samsvarandi tekjuöflun. Telja verður að 12% magnmínkun á A-hluta fjárlaga sé í samræmi við fyrirætlunir ríkisstjórnarinnar í fjárfestingarmálum, en stefnan á að miðast við það, að landsmenn geti búið við atvinnuöryggi og jafnframt sé komið í veg fyrir ofþenslu efnahagslífsins.
5. Nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins hefur m. a. verið falið að gera tillögur til iðnaðarráðherra um skiptingu á jöfnunargjaldi iðnaðarins. Hér er um breytingu að ræða frá því sem verið hefur og þarf af þeim sökum að endurskoða skiptingu jöfnunargjaldsins.
6. Lánsfjáröflun til orkumála er sett fram í frumvarpinu hliðstætt og á undanförunum árum, en þar sem nægur tíma hefur ekki gefist til að ljúka endanlega athugun á öllum þáttum orkumálanna er gerður sá fyrirvari að einhverjar breytingar kunni að verða gerðar á þessum áætlunum þegar lánsfjáráætlun næsta árs verður í heild lögð fyrir þingið.
7. Í fjárlagafrumvarpi 1979 er gert ráð fyrir að samtals fari 18 037 m.kr. til niðurgreiðslu á vöruverði eða sem svarar 9,1% af útgjöldum. Þessi fjárhæð verður endanlega ákveðin við meðferð fjárlagafrumvarpsins á Alþingi. Verði niðurgreiðslur hækkaðar umfram þessa fjárhæð þarf að afla tekna til þess sérstaklega.
8. Fyrirhugað er að endurskoða styrkja- og útflutningsbótakerfi landbúnaðarins með það að marki, að greiðslur komi bændum að betri notum en nú er. Ekki hefur unnist tími til að hafa eðlileg samráð við bændastéttina í þessu efni.

9. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að miða skattvísitölu við breytingu verðlags milli skattára eins og í gildandi fjárlögum en við lokaafgreiðstu frumvarpsins verður tekin ákvörðun um hvernig skattvísitölunni verður beitt. Hækkun vísitölnnar krefst aukinna tekna með öðrum hætti, eða lækkunar útgjalda.

Í frumvarpinu er greiðsluafgangur 3 929 m.kr. Gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði 206 708 m.kr. og gjöld 198 486 m.kr. Samkvæmt því verður rekstrarjöfnuður, þ.e. tekjur umfram gjöld, 8 222 m.kr. Aftur á móti er reiknað með að úr ríkissjóði verði greiddar 4 293 m.kr. vegna lánahreyfinga umfram það sem verður greitt inn í ríkissjóð vegna þeirra. Þegar sú stærð hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði kemur fram greiðslujöfnuður 3 929 m.kr. sem að framan er getið. Meginástæða þess að útstreymi úr ríkissjóði á lánahreyfingum er meira en innstreymi er að afborganir lána eru meiri en lantaka. Má þar nefna að afborganir af samningsbundnum erlendum lánnum eru 5 476 m.kr. og afborganir af samningsbundnum innlendum lánnum 1 533 m.kr. auk þess sem gert er ráð fyrir 4 550 m.kr. til innlausnar spariskirteina. Áðurnefndar upphæðir, 5 476 m.kr. og 1 533 m.kr., samtals 7 009 m.kr., koma fram á lánahreyfingum í 1. gr. fjárlagafrumvarpsins og eru þar færðar á Seðlabanka Íslands 5 099 m.kr. og á aðra 1 910 m.kr.

Verðlagsforsendur frumvarpsins eru miðaðar við verðlag í desember 1978 og á það bæði við um tekju- og gjaldahlið frumvarpsins. Við samningu frumvarpsins var gætt aðhalds í hvívetna. Þannig var höfð að leiðarljósi sú meginstefna að bæta ekki við nýjum stöðum og hamla þannig á móti aukningu launakostnaðar. Sömu leiðis verður leitast við að draga úr yfirvinnu og álagsgreiðslum með skipulagsbreytingum. Þær tölulegu hækkunir sem orðið hafa á launum og rekstrargjöldum eru nær eingöngu vegna launa- og verðlagsbreytinga. Aftur á móti er gert ráð fyrir nokkrum samdrætti í viðhaldi. Þessir þrír liðir til samans ásamt vöxtum mynda liðinn samneysla og nemur hann 80 576 m.kr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að neyslu- og rekstrartilfærslur verði 86 879 m.kr. Af þeirri upphæð fara til almannatrygginga 48 003 m.kr. Reiknað er með hækkunum bóta lífeyristrygginga í samræmi við hækkun launakostnaðar en að sjúkratryggingar hækki að nokkru umfram launa- og verðlagshækkunir. Auk almannatrygginga falla undir þennan lið niðurgreiðslur á vöruverði innanlands 18 037 m.kr., uppbætur á útflutning landbúnaðarvara 5 337 m.kr. sem skiptist í átlaðar útflutningsuppbætur 1979 4 500 m.kr., verðjöfnunargjald bænda 300 m.kr. og útflutningsuppbætur að upphæð 537 m.kr. sem falla á árið 1978 en ekki var gert ráð fyrir á fjárlögum það ár. Þá eru aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur 15 002 m.kr.

Að því er snertir framkvæmdaframlög er þeirri meginstefnu fylgt að þau verði hin sömu að krónutölu 1979 og 1978 nema lög eða samningar, t. d. verksamningar, kveði á um annað. Samt er gert ráð fyrir að til vegamála verði varið 12 300 m.kr. en á fjárlögum 1978 var 9 305 m.kr. ætlað til vegamála. Markaðir tekjustofnar til vegamála nema 9 640 m.kr. svo að ríkissjóður þarf að bæta við þá upphæð 2 660 m.kr. sem verður tekin að láni samkvæmt lánsfjáráætlun. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að ríkissjóður greiðir 2 405 m.kr. í vexti og afborganir af lánnum sem tekin hafa verið til vegagerðar en þau útgjöld eru hér ekki talin með útgjöldum til vegamála.

Til viðbótar við þær aðgerðir sem getið er hér að framan var ákveðið að lækka framlög til ýmissa fjárfestingarsjóða um 10% og nemur sá niðurskurður 993 m.kr. Til þess að framkvæma þetta þarf nokkrar lagabreytingar og verða frumvörp um það efni lögð fram á Alþingi á næstunni.

Á undanförunum árum hafa fjármagnsútgjöld (þ.e. vextir og afborganir) af lánnum vegna Kröfluvirkjunar og byggðalína að jafnaði verið fjármögnuð með nýjum lánnum. Nú er horfið af þeirri braut. Í þess stað er gert ráð fyrir að Orkusjóður sjái um greiðslur vegna fjármagnsútgjalda Kröfluvirkjunar og er fjárveiting til sjóðsins í því skyni 2 080 m.kr. Aftur á móti er Bygðasjóði ætlað að standa straum af fjármagnsútgjöldum vegna byggðalína en þau nema 1 130 m.kr.



Af heildartekjum 206 708 m.kr. nema beinir skattar 45 582 m.kr. eða 22,1% en óbeinir skattar 157 882 m.kr. eða 76,4%. Hlutdeild beinna skatta í heildartekjum ríkissjóðs er áætluð nokkru meiri árið 1979 en 1978 en í fjárlögum fyrir það ár voru beinir skattar 18,2% af heildartekjum.

Eins og tekið var fram í fyrirvörum hér að framan voru beinir skattar 1979 miðaðir við sambærilega skattlagningu og felst í ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 96/1978. Jafnframt var skattvisitala miðuð við verðbreytingar milli skattára hliðstætt því sem gert var 1978. Að öðru leyti er miðað við óbreytt lög og reglur um mikilvægustu heina og óbeina skatta frá því sem er á árinu 1978.

Lánsfjáráætlunin 1979 verður væntanlega lögð fyrir Alþingi í nóvembermánuði n. k. og ber að líta á hana sem nánari mótun á þeirri meginstefnu í efnahagsmálum sem kemur fram í stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna og framfylgt er í þessu frumvarpi. Lánsfjáráætluninni 1979 er m. a. ætlað að fylgja eftir þeirri stefnu að fjármunamyndunin í landinu verði innan við fjórðung þjóðarframleiðslunnar á árinu 1979 í því skyni að draga úr verðhækkunum innanlands og til að bæta efnahagsstöðu þjóðarinnar út á við.

Þess skal getið að sérstakt yfirlit yfir skiptingu lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár hefur verið fellt niður í frumvarpi þessu.

Í yfirliti á bls. 188 með greinargerð um lánahreyfingar kemur fram lánsfjáröflun að fjárhæð 9,8 milljarðar króna til opinberra framkvæmda á vegum ríkisins á árinu 1979. Í fjárlögum 1978 var sambærileg áætlun að fjárhæð 10,5 milljarðar króna. Með tilliti til verðbreytinga verður hér um samdrátt að ræða á lánsfjármögnuðum ríkisframkvæmdum. Í þessu sambandi má nefna að munur á innheimtu af endurlánuðu spariskírteinafé og innlausn spariskírteina er mun minni á árinu 1979, eða 874 m.kr., en í fjárlögum 1978 en þá var munurinn 2 316 m.kr. Innstreymi í ríkissjóð verður því 1 442 m.kr. minna frá þessum liðum 1979 en 1978 og verður því erlend lánsfjáröflun hliðstæð afborgunum erlendra lána vegna takmarkaðra lánamöguleika innanlands.

## YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1978

### Meginforsendur frumvarpsins

Gjöld frumvarpsins eru miðuð við verðlag í lok ársins 1978 og er það í samræmi við forsendur tekjuáætlunar. Laun ársins 1979 eru miðuð við launataxta eins og þeir eru taldir verða í desember 1978. Hækkun launataxta ríkisstarfsmanna frá ársbyrjun 1978 til ársloka er um 41%. Aftur á móti er hækkun launaliða einstakra stofnana frá fjárlögum 1978 nokkru meiri eða 67,5%. Munurinn skýrist af tvennu. Annars vegar af launahækkunum á síðasta ársfjórðungi 1977 til áramóta um 17,3% og hins vegar af flokkaskriði ríkisstarfsmanna sem var metið um 1,3%. Launagjöld frumvarpsins nema 54 186 m.kr. og hækka um 10 962 m.kr. eða um 25,3% frá fjárlögum 1978. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1978 var gert ráð fyrir launagjöldum á árinu 1978 í samræmi við kjarasamninga auk áætlaðra vísitölubóta til ársloka. Umsamdar og áætlaðar launahækkanir á árinu 1978 auk launahækkana síðast á árinu 1977 voru ekki færðar á launaliði einstakra stofnana í fjárlögum 1978. Þess í stað voru 11 414 m.kr. hafðar á sérstökum launalið í fjárlögum 1978, og var þeirri fjárhæð úthlutað síðar á einstakar stofnanir í samræmi við hækkun launa. Þannig skýrist munur á prósentuhækkun á launalið, annars vegar þegar rætt er um einstakar stofnanir og hins vegar þegar fjallað er um launaútgjöld í heild vegna A-hluta fjárlaga.

Rétt er að taka fram að tekjuáætlun fjárlaga 1978 byggist m. a. á fyrrgreindum forsendum um hækkun launa.

Framlög til lífeyristrygginga hækka á hliðstæðan hátt og laun en framlög til sjúkratrygginga hækka nokkuð umfram launa- og verðlagsbækkunir.

Almenn verðlagshækkun hefur reynst 41—43% frá gerð síðustu fjárlaga og þar við bætast áhrif gengisfellingarinnar í september síðastliðnum. Hliðsjón var höfð af þessum hækkunum við gerð fjárlagafrumvarpsins auk raunverulegra útgjalda einstakra stofnana á síðasta reikningsári. Reiknað er með að launa- og verðlagsforsendur gjalda- og tekjubliðar frumvarpsins verði endurskoðaðar fyrir afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins.

Tekjuáætlun miðast við hliðstæðar kauplags- og verðlagsforsendur og gjaldaáætlun. Magnbreytingar helstu stofna óbeinna skatta eru miðaðar við 1% aukningu á næsta ári og er þá tekið mið af þeirri aukningu þjóðarútgjalda sem talin er geta samrýmst því markmiði að ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd á árinu 1979. Verðlagsforsendur eru í aðalatriðum miðaðar við áætlað verðlag undir lok ársins í ár. Einnig er reiknað með svipaðri verðhækkun innflutnings í erlendri mynt og á árinu 1978 en verðhækkun í krónum er miðuð við gengi í október 1978. Í áætlun um tekju-skatt einstaklinga er miðað við skattvísitölu 143 á árinu 1979, miðað við 100 í ár. Hækkar skattvísitalan þá svipað og vísitala framfærslukostnaðar á árinu 1978. Í tekjuáætluninni er reiknað með framhaldi tekjuöflunar í hátt við ákvæði bráðabirgðalaga nr. 96/1978 um eignarskattsauka, sérstakan skatt á háar tekjur og skatt á tekjur og fyrningar eigna í atvinnurekstri. Þessi tekjuöflun er nauðsynleg til þess að mæta útgjöldum vegna niðurfærsluráðstafananna í september. Enn hefur þó ekki verið endanlega ákveðið með hvaða hætti teknanna verður aflað og þess vegna eru áætlanir um framhald tekjuöflunar samkvæmt fyrrnefndum bráðabirgðalögum settar fram með fyrirvara um að þær gætu breyst við afgreiðslu frumvarpsins. Samkvæmt tollskrá lækka tollar á samkeppnisvörum um næstu áramót auk þess sem smávægilegar breytingar verða á öðrum tollum. Í tekjuáætluninni er reiknað með þessari tollalækkun og er hún metin um 1 350 m.kr. Að öðru leyti er miðað við óbreytt lög og reglur um mikilvægustu beina og óbeina skatta frá því sem er á árinu 1978.

### Gjaldahlið

Heildargjöld á rekstrarreikningi eru 198 486 m.kr. Er það hækkun um 60 013 m.kr. frá fjárlögum 1978 eða 43,3%. Af heildarhækkun útgjalda nemur hækkun markaðra tekjustofna 9 605 m.kr. eða 46,3%. Hækkun að frátöldum mörkuðum tekjustofnum verður þannig 50 408 m.kr., sem er 42,8%, eins og sést af eftirfarandi yfirliti.

|                                    | Fjárlög<br>1978<br>m. kr. | Frumvarp<br>1979<br>m. kr. | Hækkun |      |
|------------------------------------|---------------------------|----------------------------|--------|------|
|                                    |                           |                            | m. kr. | %    |
| Útgjöld á rekstrarreikningi .....  | 138 473                   | 198 486                    | 60 013 | 43,3 |
| Þar af markaðir tekjustofnar ..... | 20 757                    | 30 362                     | 9 605  | 46,3 |
| Útgjöld án markaðra tekjustofna .. | 117 716                   | 168 124                    | 50 408 | 42,8 |

Forsendur frumvarpsins fela m. a. í sér að framlög til fjárfestingarsjóða eru skert um 10% eins og áður er greint frá. Þessi lækkun nær einnig til sjóða sem hafa markaða tekjustofna og nemur sú lækkun 691,5 m.kr., sbr. töfluyfirlit 9 og 10. Lækkun þessi skýrist þannig að markaðir tekjustofnar byggingarsjóðs ríkisins af launaskatti lækka um 620 m.kr., af tekjuskatti og eignarskatti og aðflutningsgjöldum um 55,5 m.kr. og ennfremur er markaður tekjustofn erfðafjárjóðs, þ.e. erfðafjárskattur, lækkaður um 16 m.kr.

Markaðar tekjur samkvæmt tekjuáætlun nema 31 054 m.kr. og hækka um 10 297 m.kr. eða 49,6%. Þá ber að taka tillit til þess að tekjustofn Styrktarsjóðs vangefinna, sem er hluti af vörugjaldi, telst ekki til markaðra tekjustofna í frumvarpi þessu þar sem lög þar að lútandi gilda aðeins til eins árs í senn. Í fjárlögum 1978 nam þessi stofn 150 m.kr.

Yfirlit það sem hér fer á eftir gefur til kynna skiptingu ríkisútgjalda á helstu gjaldategundir ásamt samanburði við fjárlög 1978. Á eftir töflunni fylgja skýringar á helstu orsökum útgjaldaaukningarinnar.

|  | Fjárlög<br>1978<br>m. kr. | Frumvarp<br>1979<br>m. kr. | Hækkun |       |
|--|---------------------------|----------------------------|--------|-------|
|  |                           |                            | m. kr. | %     |
| <b>Rekstrarliðir og rekstrartilfærslur:</b>            |                           |                            |        |       |
| Laun .....   | 43 224                    | 54 186                     | 10 962 | 25,3  |
| Önnur rekstrargjöld .....                              | 9 243                     | 14 147                     | 4 904  | 53,0  |
| Viðhald .....  | 4 023                     | 5 298                      | 1 275  | 31,6  |
| Vextir .....   | 3 394                     | 6 946                      | 3 552  | 104,6 |
| Almannatryggingar .....                                | 33 885                    | 48 003                     | 14 118 | 41,6  |
| Niðurgreiðslur .....                                   | 6 831                     | 18 037                     | 11 206 | 164,0 |
| Útflutninguþpbætur .....                               | 2 963                     | 5 337                      | 2 374  | 80,1  |
| Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur                    | 9 473                     | 13 749                     | 4 276  | 45,1  |
| Samtals  | 113 036                   | 165 703                    | 52 667 | 46,5  |
| Frá dregst: Sértekjur .....                            | 2 768                     | 3 986                      | 1 218  | 43,9  |
| Mismunur   | 110 268                   | 161 717                    | 51 449 | 46,6  |
| <b>Framkvæmdaframlög:</b>                              |                           |                            |        |       |
| Hreinar ríkisframkvæmdir .....                         | 9 086                     | 11 356                     | 2 270  | 25,0  |
| Framkv. kostnaðar af fleiri aðilum                     | 6 358                     | 7 122                      | 764    | 12,0  |
| Fjárfestingarstyrkir til sveitarfélaga                 | 755                       | 1 252                      | 497    | 65,8  |
| Fjárfestingarstyrkir til einstaklinga og samtaka ..... | 326                       | 259                        | -67    | -20,6 |
| Framlög til fjárfestingarsjóða ....                    | 9 263                     | 11 650                     | 2 387  | 25,8  |
| Framlög til lánagreiðslna .....                        | 2 417                     | 5 130                      | 2 713  | 112,2 |
| Samtals  | 28 205                    | 36 769                     | 8 564  | 30,4  |
| Heildarútgjöld í A-hluta .....                         | 138 473                   | 198 486                    | 60 013 | 43,3  |

**Laun.** Laun hækka í heild um 10 962 m.kr. eða 25,3% og nema alls 54 186 m.kr. Laun ársins 1979 eru miðuð við launataxta eins og þeir eru taldir verða í desember 1978 en auk þess er tillit tekið til sérstakra aðgerða til að draga úr yfirvinnu og álagsgreiðslum á árinu 1979. Að þessu er vikið síðar. Launaáætlun ársins 1978 fól í sér samningsbundnar launahækkunir og spá um verðbótavísitölu til ársloka 1978. Umsamdar grunnlaunahækkunir voru 3% 1. júní og aftur 1. september 1978 en spá um hækkun verðbótavísitölu var þessi: 5,5% 1. mars, 5,5% 1. júní, 4,0% 1. september og 3,5% 1. desember. Það sem af er árinu 1978 víkja launahækkunir í reynd nokkuð frá launaforsendum fjárlaga þess árs. Þannig hækkaði verðbótavísitala launa um 10,64% 1. mars 1978 en í samræmi við lög nr. 3/1978, um ráðstafanir í efnahagsmálum, voru verðbætur greiddar sem nemur hálfri vísitöluhækkun eða 5,32%, að viðbættum verðbótaviðauka, en áhrif hans voru hverfandi. Þann 1. júní hækkuðu laun ríkisstarfsmanna almennt um sem svarar 12,4%, þ. e. 3,0% grunnlaunahækkun (samsvarar 5000 kr. hækkun samkvæmt samningi ASÍ), 6,4% hækkun vegna hálftrar verðbótavísitölu, og vegna áhrifa verðbótaviðauka sem er talinn jafngilda 2,8% launahækkun ríkisstarfsmanna í heild, sbr. bráðabirgðalög nr. 63/1978 um breytingu á lögum nr. 3/1978. Þá er áætlunin miðuð við að laun ríkisstarfsmanna hafi hækkað um 10,8% 1. september s. l., þar af 3% vegna grunnkaupshækkana (samsvarar 4000 kr. hækkun samkvæmt samningi ASÍ) og 7,8% vegna gildistöku bráðabirgðalaga nr. 96/1978 um kjaramál. Loks er miðað við að laun hækki um 7,5% vegna hækkunar verðbótavísitölu 1. desember n. k. og er ekki áætlað fyrir frekari launabreytingum. Heildartaxtahækkun frá ársbyrjun 1978 til ársloka er því um 41,0%. Taxtahækkun frá fjárlögum 1978, eins og laun standa á einstökum stofnunum, er hins vegar nokkru meiri eða 67,5% og skýrist þessi mismunur af tvennu. Annars vegar af launahækkunum á síðasta ársfjórðungi 1977 til áramóta um 17,3% og hins vegar af flokkaskriði ríkisstarfsmanna sem var metið um 1,3% í ársbyrjun 1978.

Með sérstökum aðgerðum verður leitast við að lækka yfirvinnu og álagsgreiðslur á ríkisspítölum um 270 m.kr. og hjá löggæslunni um 125 m.kr. Þá er stefnt að lækkun launagjalda í grunnskólum um 150 m.kr. með því að skerða reglugerðarheimildir um hámarksfjölda kennslustunda á nemanda á viku. Samtals nemur lækkun þessi því 545 m.kr. Að öðru leyti vísast til greinargerðarinnar hér á eftir.

Athygli er vakin á að áhrif bráðabirgðalaga nr. 96/1978 um kjaramál og laga sama efnis fyrr á árinu valda því að launahækkunir eru allbreytilegar eftir launaflokkum og tegund launa. Launþegar í lægri flokkum hafa hlutfallslega fengið meiri hækkun en launþegar í hærri flokkum vegna ákvæða um greiðslu verðbótaviðauka. Þá hækkuðu laun vegna yfirvinnu og álagsgreiðslna hlutfallslega meira með bráðabirgðalögum frá því í september en nemur hækkun fastra launa. Þess skal loks getið að nokkur hópur ríkisstarfsmanna, t. d. löggæslumenn og hjúkrunarfræðingar, hafa fengið flokkahækkunir á árinu. Af því sem að ofan segir leiðir að launaútgjöld einstakra stofnana geta vikið frá þeim almennu launaforsendum sem tilgreindar eru hér að framan. Að svo miklu leyti sem leiðrétting á launalið stofnana vegna þessa hefur ekki farið fram, verður gerð nákvæmari leiðrétting á launum síðar og kemur til framkvæmda við verðbótageiðslur á laun á árinu 1979.

**Önnur rekstrargjöld.** Þessi gjaldaliður hækkar um 4 904 m.kr. eða 53,0%. Meðalhækkun verðlags sem á við þennan útgjaldalið er talin 54,0%. Er þar annars vegar að verki 40,0% verðlagshækkun vöru og þjónustu og hins vegar áætluð 10,0% áhrif gengisbreytingarinnar í september á rekstrargjöld.

**Viðhald.** Hækkun viðhaldsliðar er 1 275 m.kr. eða 31,6%. Vísitöluhækkun byggingarkostnaðar á tímabilinu maí 1977 — maí 1978 var 42,2% og áætluð áhrif gengis- og verðlagsbreytinga í september eru 8,8%. Verðlagshækkun samtals er því um 51,0% en útgjöld vegna viðhalds hækka um 31,6%. Þar af leiðir um 12,8% magnmínkun.

Af heildarviðhaldi nemur vegaviðhald um 70%. Vegaviðhald hækkar um 700 m.kr. eða 23,1% og verður alls 3 700 m.kr.

**Vextir.** Vaxtakostnaður eykst um 3 552 m.kr. sem er 104,0% hækkun. Þessi hækkun á rætur að rekja til tveggja meginorsaka. Í fyrsta lagi er reiknað með að nettóskuld ríkissjóðs aukist vegna áætlaðs halla á ríkissjóði í árslok 1978. Í öðru lagi valda gengisbreytingar á árinu 1978, þ. e. í febrúar og september, og hækkun verðbótavísitölu verulegri hækkun á vöxtum og afborgunum af lánnum. Að lána-málum ríkissjóðs er vikið síðar í greinargerðinni.

**Almannatryggingar.** Framlög til almannatrygginga hækka um 14 118 m.kr. eða 41,7%. Hér er reiknað með hækkunum bóta lífeyristrygginga í samræmi við hækkun launakostnaðar í desember. Þá er áætlað fyrir 7,5% hækkun vistgjalda sjúkrahúsa og hæla af sömu ástæðu og gildir um lífeyristryggingar. Útgjöld ríkissjóðs vegna sjúkratrygginga aukast alls um 61,7% og er það verulega umfram eðlilega hækkun launa og verðlags. Nokkurrar vanáætlunar gætti á ýmsum liðum sjúkratrygginganna í fjárlögum 1978. Leiðréttist það í frumvarpinu og skýrir jafnframt mikla aukningu útgjalda. Að öðru leyti vísast til athugasemda um einstaka liði almannatrygginga síðar í þessari greinargerð.

**Niðurgreiðslur.** Á þessum útgjaldalið verður 11 206 m.kr. hækkun eða 164,0%. Eru niðurgreiðslur áætlaðar samkvæmt því niðurgreiðslustigi sem gildir í október auk hækkunar niðurgreiðslna í desember n. k. að frádreginni lækkun á árinu 1979 sem nemur 2 800 m.kr.

**Útflutningsuppbætur.** Áætlaðar uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækka um 2 374 m.kr. eða 80,1%. Bætur vegna framleiðslu ársins eru áætlaðar 4 500 m.kr., eftirstöðvar af verðjöfnunargjaldi bænda eru 300 m.kr. og 537 m.kr. eru áætlaðar til greiðslu vegna uppgjörs 1978. Heildaráætlunin á þessum lið er þannig 5 337 m.kr.

**Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur.** Þessi þáttur útgjalda hækkar um 4 276 m.kr. eða 45,1% sem er nálægt eðlilegri launa- og verðlagshækkun. Í þessum þætti eru nokkrar stofnanir í B-hluta sem háðar eru fjárveitingum og þar sem launakostnaður og rekstrargjöld eru þung á metunum.

**Framkvæmdaframlög.** Framkvæmdaframlög í A-hluta hækka í heild um 8 564 m.kr. og er það 30,4% hækkun frá fjárlögum. Hækkun framlaga til hreinna ríkisfrankvæmda er alls 2 270 m.kr. eða 25,0%, þar af eru 1 715 m.kr. vegna vegagerðar eða 37,0% og 158 m.kr. vegna byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Hækkun framlaga til annarra ríkisfrankvæmda er því 397 m.kr. Framkvæmdir kostaðar af fleiri aðilum aukast um 764 m.kr. eða 12,0%, þar af nemur hækkun framlaga til byggingar grunnskóla og dagheimila 300 m.kr. Samtals hækka því framlög til verklegra framkvæmda um 3 034 m.kr. eða 19,6%. Er það nokkuð undir hækkun byggingarvísitölu frá gerð síðustu fjárlaga og felur þar af leiðandi í sér að dregið er úr verklegum framkvæmdum. Er þetta í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar eins og fram kemur fyrr í athugasemdum við lagafrumvarp þetta. Á liðnum fjárfestingarstyrkir til sveitarfélaga verður hlutfallslega mikil hækkun eða 65,8% og munar þar mestu um framlög til vegamála, þ. e. til vega í kaupstöðum og kaupúnum er hækka um 70,6%. Önnur framlög í þessum flokki lækka um 4,1%. Framlög til fjárfestingarsjóða hækka um 2 387 m.kr. eða 25,8% og er þá fylgt þeirri stefnu að framlög til allra veigamestu fjárfestingarsjóðanna verði skert um 10%. Helstu hækkunarliðirnir eru þessir: Fiskveiðasjóður 58,8%, Byggingarsjóður ríkisins 28,2%, Stofnlánadeild landbúnaðarins 31,1% og Bygðasjóður 18,2% en allir hafa þessir sjóðir markaða tekjustofna eða lögbundin framlög úr ríkissjóði. Til frekari skýringa á framlögum til einstakra sjóða vísast til greinargerðar um einstaka liði. Framlög til lánagreiðslna hækka um 2 713 m.kr. eða 112,2% og skýrist sú hækkun í veigamestu atriðum af tvennu. Annars vegar er Orkusjóði falið að annast greiðslur afborgana og vaxta af Kröflulánum

2 080 m.kr., sem fjármagnað er með fjárveitingu í fjárlögum, og hins vegar hafa erlendar lánagreiðslur hækkað verulega vegna mikilla gengisbreytinga frá fjárlögum 1978.

#### Ráðuneyti og málefnaflokkar

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum gjaldaliða frá fjárlögum 1978 innan hvers ráðuneytis og málefnaflokkss. Einnig verður sérstaklega fjallað um breytingar markaðra tekjustofna. Hér er fyrst og fremst um yfirlitshluta að ræða en í síðasta hluta athugasemdanna er fjallað um einstaka fjárlagaliði á nákvæmari hátt, eftir því sem tilefni gefst.

00 Æðsta stjórn ríkisins. Framlag í þessum flokki hækkar um 577,5 m.kr. Mest verður hækkunin á Alþingi eða 474,5 m.kr. Embætti forseta Íslands hækkar um 24 m.kr., ríkisstjórn hækkar um 51,8 m.kr. og Hæstiréttur um 26,7 m.kr. Samtals er hækkun í þessum málaflokki 62,2% frá fjárlögum 1978.

01 Forsætisráðuneytið. Málefnaflokkar forsætisráðuneytisins hækka frá fjárlögum 1978 sem hér segir í m.kr.:

|                  | Breyting frá<br>fjárlögum 1978 | Þar af markaðir<br>tekjustofnar |
|------------------|--------------------------------|---------------------------------|
| Yfirstjórn ..... | 72,8                           | -                               |
| Annað .....      | 453,4                          | 65,0                            |
| Samtals          | 526,2                          | 65,0                            |

Yfirstjórn. Hækkunin á þessum lið skýrist m. a. af því að gert er ráð fyrir launum og rekstrarkostnaði blaðafulltrúa fyrir ríkisstjórnina og ritara hans, samtals 11,8 m.kr. Þá hækkar framlag til Hrafnseyrarnefndar um 3,0 m.kr. Ennfremur hækkar viðhald umfram eðlilegar verðlagshækkunar en gert er ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til að mála Stjórnarráðshúsið. Aðrar hækkunar á yfirstjórn eiga rót sína að rekja til eðlilegra launa- og verðlagshækkana.

Annað. Framlög í þessum flokki hækka samtals um 453,4 m.kr., þar af framlag til Bygðasjóðs um 379 m.kr. (af því er álgjald 65 m.kr.). Kostnaður við Þjóðhagsstofnun hækkar um 30,1 m.kr. og framlag til Húsameistara ríkisins hækkar um 36,2 m.kr. sem er 99,0% hækkun frá fjárlögum 1978. Ástæður þessarar hækkunar eru þær að í tillögugerð stofnunarinnar við fjárlagagerð 1978 féllu stöður fulltrúa, deildararkitekts og tækniteknara niður. Þó er hækkun framlags til Þjóðgarðsins á Þingvöllum 8,1 m.kr. hærrí en í fjárlögum 1978.

02 Menntamálaráðuneytið. Eftirfarandi hækkunar verða á málefnaflokkum ráðuneytisins í m.kr.:

|  | Breyting frá<br>fjárlögum 1978 | Þar af markaðir<br>tekjustofnar |
|--|--------------------------------|---------------------------------|
| Yfirstjórn .....                               | 150,2                          | -                               |
| Fræðslumál .....                               | 10 922,4                       | 35,2                            |
| Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi ..... | 525,8                          | 36,0                            |
| Samtals  | 11 598,4                       | 71,2                            |

Yfirstjórn. Hækkunin sem verður á þessum flokki, 150,2 m.kr., er 12,4 m.kr. umfram eðlilegar launahækkunar. Hún er tilkominn vegna þess að tekið var mið af reikningstölum ársins 1977 við ákvörðun launaliðar.

**Fræðslumál.** Þessi liður hækkar um 10 922,4 m.kr. sem skiptist þannig: Vegna Háskólans 1 185,6 m.kr., vegna mennta- og fjölbrautaskóla 1 513,9 m.kr., vegna héraðs-skóla 209,9 m.kr., vegna iðnskóla 490,8 m.kr., vegna grunnskóla 4 474,6 m.kr., vegna ýmissa sérskóla 1 146,7 m.kr., vegna tónlistarfræðslu 181,9 m.kr. Framlag til lána-sjóðs íslenskra námsmanna hækkar um 826,7 m.kr. og á öðrum fjárlagaliðum innan þessa málaflokks verður hækkun um 892,3 m.kr. Einkaleyfisgjald happdrættis háskólans hækkar um 35,2 m.kr. og er það markaður tekjustofn sem rennur til bygg-ingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna.

**Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi.** Hækkunin á þessum málefnaflokki nemur samtals 525,8 m.kr. sem skiptist þannig niður á helstu liði: Framlag til Þjóð-leikhússins hækkar um 225,3 m.kr., vegna Sinfóníuhljómsveitarinnar 58,2 m.kr., vegna Landsbókasafns 46,0 m.kr. og vegna Þjóðminjasafns 46,7 m.kr. Þá hækkar liðurinn „Listir, framlög“ um 74,8 m.kr. og ýmsir smærri liðir hækka um 74,8 m.kr. Hækkun markaðra tekjustofna nemur 36 m.kr. og skiptist hækkunin þannig: Miða-gjald til Menningarsjóðs hækkar um 1,0 m.kr., skemmtanaskattur hækkar um 35 m.kr. en hlutur íþróttasjóðs af vindlingagjaldi er óbreyttur frá fjárlögum 1978 eða 14,6 m.kr.

**03 Utanríkisráðuneytið.** Framlög til málefnaflokka utanríkisráðuneytisins hækka sem hér segir í m.kr.:

|                                      | Breyting frá<br>fjárlögum 1978 |
|--------------------------------------|--------------------------------|
| Yfirstjórn .....                     | 119,5                          |
| Löggæsla á Keflavíkurflugvelli ..... | 204,5                          |
| Sendiráð .....                       | 383,8                          |
| Alþjóðastofnanir .....               | 74,3                           |
| Samtals                              | 782,1                          |

**Yfirstjórn.** Af 119,5 m.kr. hækkunin í þessum málefnaflokki eru 11,8 m.kr. vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum, vegna upplýsinga- og kynningarstarfsemi 5,2 m.kr. og hækkun vegna markaðsmála er 6,1 m.kr. Þá lækkar kostnaður vegna samninga við erlend ríki um 4,9 m.kr. Aðrar hækkunir skýrast að öðru leyti af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

**Löggæsla á Keflavíkurflugvelli.** Hækkun á launalið umfram eðlilegar launahækkunir er um 18,7 m.kr. Er það vegna meira launaflokkaskriðs hjá löggæslumönnum en öðrum starfsmönnum og ennfremur vegna þess að nú er gert ráð fyrir samningsbundnum álagsgreiðslum sem ekki voru með í fjárlögum 1978. Að öðru leyti skýrist hækkunin af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

**Sendiráðin.** Hækkun framlaga til þessa málaflokks er 383,8 m.kr. sem í meginatriðum skýrist þannig: Launaliður hækkar um 201,9 m.kr. og stafar því nær eingöngu af gengisbreytingum. Önnur rekstrargjöld hækka um 158,2 m.kr. og er það sömuleiðis að mestu leyti vegna gengisbreytinga en vegna óvissuþátta var hluti upp-hæðarinnar, 39,0 m.kr., færður á liðinn sendiráð almennt. Viðhald hækkar um 10,5 m.kr. og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 13,2 m.kr. Þessar hækkunir eru nær eingöngu vegna áhrifa gengisbreytinga íslensku krónunnar.

**Alþjóðastofnanir.** Hækkun framlaga til alþjóðastofnana hækkar um 74,3 m.kr. Ný framlög eru til Neyðarhjálparstofnunar S.þ. 260 þús. kr., til Kvennaáratugarsjóðs S.þ. 520 þús. kr. og til alþjóðsárs barnsins 650 þús. kr. Flest öll framlögin eru bundin í samningum og er samningsupphæðin ákveðin í bandarískum dólum, þannig að hækkunin á þessum málaflokki er nær eingöngu vegna áhrifa gengisbreytinga.

**04 Landbúnaðarráðuneytið. Málefnaflokkar á sviði þessa ráðuneytis breytast þannig í m.kr.**

|                  | Breyting frá fjárlögum 1978 |
|------------------|-----------------------------|
| Yfirstjórn ..... | 35,8                        |
| Búnaðarmál ..... | 3 564,2                     |
| Skólar .....     | 149,6                       |
| Samtals          | 3 749,6                     |

**Yfirstjórn.** Kostnaðarhækkunin 35,8 m.kr. kemur þannig fram að 37,0 m.kr. koma á aðalskrifstofu ráðuneytisins, þar af 7,5 m.kr. til nýs verkefnis, til athugunar á skipulagsmálum og stefnumörkunar í landbúnaði. Framlag til Jarðasjóðs lækkar um 1,2 m.kr.

**Búnaðarmál.** Þessi málefnaflokkur hækkar um 3 564,2 m.kr. og munar þar mest um útflutningsuppbætur 2 374,0 m.kr., jarðræktarframlög 233,3 m.kr. og verðuppbót á landgræðsluáætlun 210,9 m.kr. Að öðru leyti verður mest hækkun á eftirtöldum liðum: Stofnlánadeild landbúnaðarins 152,8 m.kr., Rannsóknastofnun landbúnaðarins 148,4 m.kr., Búnaðarfélagi Íslands 111,9 m.kr., til framræslu 85,0 m.kr., Skógrækt ríkisins án verðbóta á landgræðsluáætlun 64,9 m.kr., til búfjárræktar 61,7 m.kr., embætti yfirdýralæknis 57,0 m.kr. og Landgræðslu ríkisins án verðbóta á landgræðsluáætlun 53,3 m.kr. Aðrir liðir hækka nettó um 11,0 m.kr. og hefur þá verið tekið tillit til þess að felldar eru niður fjárveitingar til grasköggglaverksmiðja 47,8 m.kr. og laxastiga í Laxá 40,0 m.kr. Hluti Landgræðslusjóðs af vindlingagjaldi, sem er markaður tekjustofn, er óbreyttur frá fjárlögum 1978 eða 19,4 m.kr.

**Skólar.** Kostnaður við bændaskólana og garðyrkjuskólann hækkar um 149,6 m.kr. og skiptist hækkunin þannig: Hvanneyri 76,9 m.kr., Hólar 28,1 m.kr. og Garðyrkjuskólinn að Reykjum 44,6 m.kr.

**05 Sjávarútvegsráðuneytið. Fjárveitingar til málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast sem hér segir í m.kr.:**

|                  | Breyting frá fjárlögum 1978 | Þar af markaðir tekjustofnar |
|------------------|-----------------------------|------------------------------|
| Yfirstjórn ..... | 41,5                        | -                            |
| Útvegsfél .....  | 1 603,6                     | 70,0                         |
| Annað .....      | 48,3                        | -                            |
| Samtals          | 1 693,4                     | 70,0                         |

**Útvegsfél.** Framlög til þessa málefnaflokks hækka um 1 603,6 m.kr. og eru þessar hækkunir helstar: Hafrannsóknastofnun 514,3 m.kr., Fiskveiðasjóður 472,5 m.kr., Aflatryggingasjóður 205,8 m.kr. Framleiðslueftirlit sjávarafurða 184,3 m.kr., Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 81,1 m.kr., byggingarsjóður hafrannsóknaskips 42,0 m.kr., veiðieftirlit 26,3 m.kr., verðbætur á linufisk 20,0 m.kr. og aðrir liðir hækka nettó um 57,3 m.kr. Þá hækkar hluti útflutningsgjalds um 70,0 m.kr. en það er markaður tekjustofn sem rennur til byggingarsjóðs hafrannsóknaskips, byggingar rannsóknastofnana sjávarútvegsins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða.

**Annað.** Hér er um að ræða hækkun á framlagi til skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna.



**06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.** Meginbreytingar á málefnaflokkum þessa ráðuneytis eru eftirfarandi í m.kr.:

|                                   | Breyting frá fjárlögum 1978 |
|-----------------------------------|-----------------------------|
| Yfirstjórn .....                  | 61,7                        |
| Dómgæsla, lögreglumál o. fl. .... | 3 620,3                     |
| Þjóðkirkjan .....                 | 323,1                       |
| Samtals                           | 4 005,1                     |

**Dómsmál, lögreglumál o. fl.** Þessi málefnaflokkur hækkar um 3 620,3 m.kr. og koma helstu hækkunir á eftirtalda liði: Sýslumenn og bæjarfógetar 1 154,4 m.kr., landhelgisgæsla 837,3 m.kr., lögreglustjórnin í Reykjavík 750,2 m.kr., bifreiðaeftirlit 148,4 m.kr., rannsóknarlögregla ríkisins 145,5 m.kr., vinnuhælið á Litla-Hrauni 112,0 m.kr. og aðrir liðir samtals 472,5 m.kr.

**Þjóðkirkjan.** Framlög til þessa málefnaflokkis hækka um 323,1 m.kr. Þar af koma á þjóðkirkjuna sjálfa 309,9 m.kr., til kristnisjóðs 14,7 m.kr. og fjárveiting til kirkjubyggingarsjóðs lækkar um 1,5 m. kr.

**07 Félagsmálaráðuneytið.** Framlög til málefnaflokka á sviði félagsmálaráðuneytisins breytast þannig í m.kr.

|                       | Breyting frá fjárlögum 1978 | Þar af markaðir tekjustofnar |
|-----------------------|-----------------------------|------------------------------|
| Yfirstjórn .....      | 31,3                        | -                            |
| Húsnæðismál .....     | 1 348,7                     | 1 353,5                      |
| Önnur félagsmál ..... | 271,4                       | ÷ 53,9                       |
| Samtals               | 1 651,4                     | 1 299,6                      |

**Húsnæðismál.** Breytingar á liðum þessa málefnaflokkis eru þær að framlag til Húsnæðismálastofnunar ríkisins hækkar um 1 351,7 m.kr. en framlag til byggingarsjóðs verkamanna lækkar um 3,0 m.kr. Sú breyting verður á mörkuðum tekjum, sem renna til húsnæðismála, að launaskattshluti byggingarsjóðs ríkisins hækkar um 1 237,0 m.kr. og byggingarsjóðsgjöld af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum hækka um 116,5 m.kr.

**Önnur félagsmál.** Hækkun nemur samtals 271,4 m.kr. og er mest breyting á eftirtöldum liðum: Embætti ríkissáttasemjara 24,9 m.kr. er nýr liður en á móti fellur niður fjárveiting til sáttanefnda í vinnudeilum 9,7 m.kr. Fjárveiting til skipulagsstjóra hækkar um 58,0 m.kr., til erfðafjár sjóðs hækkar um 54,0 m.kr., til lána sjóðs sveitarfélaga hækkar um 39,6 m.kr., til vatnsveitna hækkar um 15,0 m.kr., til bjargráðasjóðs hækkar um 12,1 m.kr. og meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1947 hækka um 35,0 m.kr., til stuðnings við samtök vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi 7,6 m.kr. er nýr liður, vegna tjóns af náttúruhamförum í N-Þingeyjarsýslu 8,5 m.kr. er einnig nýr liður. Aðrir liðir hækka samtals um 26,4 m.kr. Markaðir tekjustofnar lækka um 53,9 m.kr. Hluti af vörugjaldi til Styrktarsjóðs vangefinna, 150,0 m.kr. í fjárlögum 1978, fellur niður þar sem lögin sem það byggist á falla úr gildi við næstu áramót verði þau eigi framlengd. Fjárveiting samkvæmt þessu frumvarpi, 150,0 m.kr., er því bein fjárveiting úr ríkissjóði. Á móti hækkar

skipulagsgjald um 42,0 m.kr., erfðafjárskattur um 54,0 m.kr. og hluti af gjaldi af seldum eldspýtum til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra hækkar um 0,1 m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast sem hér segir í m.kr.:

|                      | Breyting frá fjárlögum 1978 | Þar af markaðir tekjustofnar |
|----------------------|-----------------------------|------------------------------|
| Yfirstjórn .....     | 44,9                        | -                            |
| Tryggingamál .....   | 15 592,3                    | 3 681,8                      |
| Heilbrigðismál ..... | 5 914,4                     | 15,5                         |
| Annað .....          | 24,9                        | -                            |
| Samtals              | 21 576,5                    | 3 697,3                      |

**Tryggingamál.** Á þessum málefnaflokki kemur fram 15 592,3 m.kr. hækkun, þar af 14 118,2 m.kr. til almannatrygginga, þ. e. slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga. Þar af eru markaðir tekjustofnar lífeyrstryggingaiðgjald atvinnurekenda 743,0 m.kr. og slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda 647,4 m.kr. Sjúkratryggingagjald hækkar um 1 800,0 m.kr. Heildarframlag til atvinnuleysistryggingasjóðs nemur 1 474,1 m.kr., þar af atvinnuleysistryggingaiðgjald atvinnurekenda 491,4 m.kr.

**Heilbrigðismál.** Framlög til þessa málaflokks hækka um 5 914,4 m.kr. Helstu liðir sem hækka eru þessir: Ríkisspítalar 4 762,8 m.kr., til sjúkrahúsa og læknisbústaða 505,4 m.kr., héraðslækna og heilsugæslustöðva 357,6 m.kr. og aðrir liðir hækka um 288,6 m.kr. Markaðar tekjur til minningarsjóðs Landspítalans af samúðarskeytum Landssímans hækka um 15,5 m.kr.

09 Fjármálaráðuneytið. Málefnaflokkar á vegum þessa ráðuneytis breytast sem hér segir í m.kr.:

|   | Breyting frá fjárlögum 1978 | Þar af markaðir tekjustofnar |
|---|-----------------------------|------------------------------|
| Yfirstjórn .....                              | 188,2                       | -                            |
| Toll- og skattheimta .....                    | 816,5                       | -                            |
| Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun ..... | 1 702,0                     | -                            |
| Önnur mál .....                               | ÷11 412,3                   | 20,0                         |
|   | ÷8 705,6                    | 20,0                         |

**Yfirstjórn.** Kostnaðarhækkunin 188,2 m.kr. skiptist þannig að 103,5 m.kr. koma á aðalskrifstofu ráðuneytis, 17,5 m.kr. á ríkisfjárhirslu og 67,2 m.kr. á ríkisbókhald.

**Toll- og skattheimta.** Liðir þessa málefnaflökks hækka um 816,5 m.kr., þar af skattstofur og embætti ríkisskattstjóra um 481,5 m.kr., tollgæsla um 161,2 m.kr., embætti tollstjórans í Reykjavík um 127,0 m.kr. og aðrir liðir samtals 46,8 m.kr.

**Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun.** Af heildarupphæðinni 1 702,0 m.kr. eru 1 694,1 m.kr. vegna uppóta á lífeyri en 7,9 m.kr. vegna eftirlauna samkvæmt launalögum.

**Önnur mál.** Framlög í þessum málefnaflokki lækka um 11 412,3 m.kr. en í fjárlögum 1978 var sérstakur liður vegna launa- og verðlagsmála 11 414,0 m.kr. Þessi liður fellur nú niður og er hækkun annarra liða því 1,7 m.kr. Þeir liðir sem hækka

eru þessir: Tekinn er upp nýr liður, til að bæta framkvæmd skattalaga og skatt-  
eftirlit 75,0 m.kr., framlag til Ríkisábyrgðasjóðs hækkar um 94,0 m.kr., kostnaður  
við Fasteignamat ríkisins hækkar um 73,7 m.kr., skýrsluvélakostnaður vegna launa-  
greiðslna hækkar um 63,4 m.kr. og aðrir liðir um 35,6 m.kr. Óviss útgjöld lækka  
um 340,0 m.kr. Markaður tekjustofn til Ríkisábyrgðasjóðs, áhættufé af ríkisábyrgð-  
um, hækkar um 20,0 m.kr.

10 Samgönguráðuneytið. Breytingar á málefnaflokkum samgönguráðuneytisins  
eru þessar í m.kr.:

|                         | Breyting frá<br>fjárlögum 1978 | Þar af markaðir<br>tekjustofnar |
|-------------------------|--------------------------------|---------------------------------|
| Yfirstjórn .....        | 29,8                           | —                               |
| Vegamál .....           | 2 995,0                        | 3 840,0                         |
| Önnur samgöngumál ..... | 1 194,6                        | 9,5                             |
| Samtals                 | 4 219,4                        | 3 849,5                         |

Vegamál. Heildarhækkun framlaga til vegamála frá fjárlögum 1978 er 2 995,0  
m.kr. Markaðir tekjustofnar hækka um 3 840,0 m.kr. (innflutningsgjald af bensini  
3 023,0 m.kr., bifreiðaskattur 800,0 m.kr. og gúmmigjald 17,0 m.kr.), lántökur 460  
m.kr. en ríkissjóðsframlag fellur niður, var 1 305 m.kr. í fjárlögum 1978.

Önnur samgöngumál. Heildarhækkun framlaga til þessa málefnaflokkis er 1 194,6  
m.kr. og eru eftirtaldir liðir þyngstir á metunum: Flugmálastjórn 518,6 m.kr.,  
strandferðir 248,5 m.kr., Veðurstofa Íslands 193,4 m.kr., vitamál 85,2 m.kr., Siglinga-  
málastofnun ríkisins 69,8 m.kr., Vita- og hafnamálastofnun, aðalskrifstofa 51,2  
m.kr. og nettóhækkun annarra liða er 27,9 m.kr. Sú breyting verður á mörkuðum  
tekjustofnum að sérleyfisgjald hækkar um 5,0 m.kr., skipaskoðunargjald um 3,0  
m.kr. og vitagjald um 1,5 m.kr.

11 Iðnaðarráðuneytið. Framlög á sviði þessa ráðuneytis hækka sem hér segir  
í m.kr.:

|                  | Breyting frá<br>fjárlögum 1978 | Þar af markaðir<br>tekjustofnar |
|------------------|--------------------------------|---------------------------------|
| Yfirstjórn ..... | 30,6                           | —                               |
| Iðnaðarmál ..... | 270,3                          | 141,0                           |
| Orkumál .....    | 3 146,0                        | 391,5                           |
| Samtals          | 3 446,9                        | 532,5                           |

Iðnaðarmál. Í þessum málefnaflokki verður 270,3 m.kr. hækkun og kemur hún  
þannig fram: Iðnþróunarstofnun Íslands og Rannsóknastofnun iðnaðarins hafa verið  
sameinaðar í nýja stofnun, Iðnteknistofnun Íslands, og eru framlög til hennar hækkuð  
um 104,5 m.kr. Framlög til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins hækka um  
66,0 m.kr., til Iðnlánasjóðs um 20,0 m.kr. og liðurinn iðja og iðnaður hækkar um  
65,3 m.kr. Undir þeim lið er nýtt viðfangsefni, til iðnþróunar, og er veitt til þess  
76,0 m.kr. en fjárveiting til iðnkynningar 6,5 m.kr. fellur niður og framlag til nor-  
ræna iðnaðarsjóðsins 4,2 m.kr. telst nú með fjárveitingu til skrifstofu Ráðherra-  
nefndar Norðurlanda undir aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins. Aðrir liðir hækka  
um 14,5 m.kr. Markaðar tekjur hækka um 141,0 m.kr., byggingariðnaðarsjóðsgjald

hækkar um 17,0 m.kr. og jöfnunargjald, sem kemur í stað iðnaðargjalds, gefur 124,0 m.kr. hækkun (verður 167,0 m.kr. og renna 91,0 m.kr. til Iðntæknistofnunar Íslands en 76,0 m.kr. til iðnþróunar).

**Orkumál.** Framlög til orkumála hækka um 3 146,0 m.kr. og skiptist hækkunin þannig: Orkusjóður 2 670,0 m.kr., Orkustofnun 419,5 m.kr. og Rafmagnseftirlit ríkisins 56,5 m.kr. Markaðir tekjustofnar hækka um 391,5 m.kr., þ. e. verðjöfnunargjald af seldri raforku 335,0 m.kr. og rafmagnseftirlitsgjald 56,5 m.kr.

12 **Viðskiptaráðuneytið.** Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis í m.kr.:

|                      | Breyting frá<br>fjárlögum 1978 |
|----------------------|--------------------------------|
| Yfirstjórn .....     | 40,9                           |
| Niðurgreiðslur ..... | 11 206,0                       |
| Annað .....          | ÷ 102,7                        |
| Samtals              | 11 144,2                       |

**Niðurgreiðslur.** Framlög í þessum flokki hækka um 11 206,0 m.kr. Þar af eru beinar niðurgreiðslur 10 911,0 m.kr. og framlag í lífeyrissjóð bænda 295,0 m.kr.

**Annað.** Styrkir vegna oliunotkunar til húshitunar lækka um 176,0 m.kr., kostnaður við Verðlagsstofnun hækkar um 65,6 m.kr. og tekinn er upp nýr liður, skráning hlutafélaga 7,7 m.kr., þannig að nettólækkun á fjárveitingum til þessa málaflökks nemur 102,7 m.kr.

13 **Hagstofa Íslands.** Framlag hækkar um 65,0 m.kr., þar af 45,8 m.kr. til aðalskrifstofu en 19,2 m.kr. til þjóðskrárinnar.

14 **Ríkisendurskoðun.** Fjárveiting hækkar um 91,6 m.kr.

15 **Fjárhags- og hagsýslustofnun.** Hækkun fjárlagaliða frá fjárlögum 1978 er samtals 3 591,2 m.kr. Þar af 35,9 m.kr. til aðalskrifstofu, 3 550,3 m.kr. í vexti af lánum ríkissjóðs og 5,0 m.kr. framlag til endurnýjunar ríkisbifreiða.

### Tekjuhlíð

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1979 er gerð í Þjóðhagsstofnun og er að venju reist annars vegar á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á liðandi ári og hins vegar á ákveðnum þjóðhagsforsendum fyrir árið 1979 sem raktar eru hér að framan.

Innheimtar tekjur 1979 eru áætlaðar samtals 206 700 m.kr. samanborið við 154 200 m.kr. í endurskoðaðri áætlun 1978 og 139 500 m.kr. í fjárlögum ársins 1978. Hér er því gert ráð fyrir að tekjur aukist um 52 500 m.kr. eða um 34% en frá fjárlögum nemur aukningin 67 200 m.kr. eða rösklega 48%.

|                       | Fjárlög<br>1978<br>m. kr. | Áætlun<br>1978<br>m. kr. | Fjárlaga-<br>frumvarp 1979<br>m. kr. |
|-----------------------|---------------------------|--------------------------|--------------------------------------|
| Almennar tekjur ..... | 118 738                   | 133 071                  | 175 654                              |
| Markaðar tekjur ..... | 20 758                    | 21 094                   | 31 054                               |
| Heildartekjur .....   | 139 496                   | 154 165                  | 206 708                              |

Iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga nema í heild 6 123 m.kr. og er það 1 882 m.kr. eða 44% meira en á fjárlögum 1978.

**Eignarskattar.** Samkvæmt skattskrá nam álagður eignarskattur einstaklinga á þessu ári 905 m.kr. og eignarskattur félaga 923 m.kr. eða samtals 1 828 m.kr. samanborið við 1 349 m.kr. 1977. Innheimtur eignarskattur einstaklinga á þessu ári er áætlaður 814 m.kr. og eignarskattur félaga 817 m.kr. eða samtals 1 631 m.kr. en á fjárlögum var reiknað með að innheimtan næmi 1 919 m.kr. Ástæðan fyrir þessu virðist sú að eignastofn hafi hækkað minna en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga og minna en nam þeirri hækkun skattfrjálsrar eignar sem ákveðin var með lögum nr. 63/1977 í tengslum við hækkun fasteignamats. Álagður eignarskattur einstaklinga á þessu ári er um 36% hærri en 1977 en gjaldendur eru nú 15 300 eða 5½% fleiri en í fyrra. Að frátalinni fjölgun gjaldenda hefur skatturinn því hækkað um 29%. Álagður eignarskattur félaga hefur aukist svipað eða um 35% í heild.

Í áætlun fyrir árið 1979 er reiknað með hækkun fasteignamats í samræmi við 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna og er hækkun talin verða 40—45% en niðurstöður um breytingu fasteignamatsins lágu ekki fyrir við gerð þessarar áætlunar. Jafnframt er gert ráð fyrir að í tengslum við breytingu fasteignamatsins verði skattstiga eignarskatts breytt þannig að skattfrjáls eign hækki um svipað hlutfall og fasteignamatið. Þessar breytingar ásamt annarri aukningu skattskyldrar eignar er talin fela í sér um 40% hækkun álagðs eignarskatts einstaklinga. Aukning álagðs eignarskatts félaga er talin verða minni eða um 30%. Á þessum forsendum er álagður eignarskattur einstaklinga áætlaður um 1 270 m.kr. en eignarskattur félaga um 1 180 m.kr. Miðað við þá álagningu og innheimtureynslu ársins í ár og í fyrra er heildarinnheimta eignarskatts áætluð 2 189 m.kr. 1979 en byggingarsjóðsgjald af eignarskatti um 22 m.kr.

Með bráðabirgðalögum nr. 96/1978 var lagður á eignarskattsauki er nam 50% af eignarskatti einstaklinga og 100% af eignarskatti félaga. Nam álagning 449 og 922 m.kr. eða samtals 1 371 m.kr. Eins og getið var í almennum athugasemdum frumvarpsins hér að framan þarf að afla ríkissjóði tekna á næsta ári til þess að mæta auknum útgjöldum vegna niðurfærsluráðstafananna í september. Ekki hefur verið endanlega ákveðið hvernig þessari tekjuöflun verður hagað en hér verður reiknað með áframhaldi svipaðrar skattlagningar og samkvæmt bráðabirgðalögum í september. Þetta er þó með þeim fyrirvara að því kunni að verða breytt við endanlega afgreiðslu frumvarpsins.

Að teknu tilliti til eignarskattsauka má gera ráð fyrir að álagður eignarskattur einstaklinga verði um 1 900 m.kr. og eignarskattur félaga um 2 380 m.kr. Innheimtur eignarskattur einstaklinga yrði þá um 1 780 m.kr. og eignarskattur félaga tæplega 2 300 m.kr.

**Tekjuskattar.** Álagður tekjuskattur einstaklinga 1978, þ. e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu útsvars hefur verið dreginn frá, er um 21 800 m.kr. Barnabætur eru um 5 600 m.kr. og afsláttur til greiðslu útsvars nemur röskum 1 000 m.kr. og því nemur nettó-álagning tekjuskatts einstaklinga um 15 100 m.kr. Að meðtöldum eftirstöðvum fyrri ára og að frátöldum barnabótum og greiðslu upp í útsvar er áætlað að innheimtur tekjuskattur einstaklinga nemi 12 700 m.kr. 1978 að meðtöldu byggingarsjóðsgjaldi. Þetta er 600 m.kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun og er ástæðan sú að tekjur einstaklinga jukust talsvert meira á sl. ári en reiknað var með við gerð fjárlaga eða um 48—49% í stað 43%. Til viðbótar tekjuskattsinnheimtu kemur síðan innheimta sérstaks hátekjuskatts og skatts á atvinnurekstur samkvæmt ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 96/1978. Samtals gæti hluti einstaklinga í þessari skattheimtu numið um 350 m.kr. í innheimtum skatti í ár þannig að tekjuskattur einstaklinga verður samtals rúmlega 13 000 m.kr.

Áætlunin um tekjuskatt einstaklinga á árinu 1979 er einkum reist á mati á breytingum kauptaxta í ár. Auk þess hefur verið litið til þess sem vitað er um breytingar

annarra tekna, svo sem tekna sjómanna, ýmissa tilfærslutekna og eignatekna o. fl., auk viðbendinga um áhrif breytinga vinnutíma o. fl. Samkvæmt þessu er talið að meðaltekjur einstaklinga hækki um nálægt 50% á þessu ári og að tekjur einstaklinga til skatts hækki um 53% milli árana 1977 og 1978 að meðtalinni 1½% fjölgun framteljenda. Áætlun um álagningu tekjuskatts einstaklinga 1979 er reist á þessum forsendum um tekjur. Jafnframt er gert ráð fyrir að skattvísitala verði 143 stig miðað við 100 stig við álagningu 1978. Þetta er sama hækkun og áætlað er að verði á vísitölu framfærslukostnaðar milli árana 1977 og 1978. Eins og að framan sagði verður skattvísitalan ákveðin endanlega við afgreiðslu frumvarpsins frá Alþingi. Samkvæmt þessu er áætlað að álagður tekjuskattur einstaklinga á árinu 1979 verði rúmlega 36 000 m.kr. en um 27 000 m.kr. að fráregnum barnabótum og persónuafslætti til greiðslu útsvars. Miðað við svipaðar forsendur um innheimtu og í ár er innheimta tekjuskatts einstaklinga 1979 áætluð rúmlega 21 000 m.kr. og hefur þá verið tekið tillit til áætlaðra eftirstöðva um næstu áramót og innheimtu þeirra á næsta ári.

Eins og áður var sagt um eignarskattsaukann og með sama fyrirvara er hér gert ráð fyrir framhaldi skattlagningar á háar tekjur og tekjur af atvinnurekstri samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 96/1978 með sama hætti og í ár. Við þetta hækkar áætlun um innheimtan tekjuskatt einstaklinga á næsta ári um samtals 1 140 m.kr. Er þá bæði tekið tillit til innheimtu af álagningu í ár og af álagningu á næsta ári. Við þetta verður innheimtur tekjuskattur einstaklinga á árinu 1979 rúmlega 23 500 m.kr.

Álagt sjúkratryggingagjald 1978 er 4 150 m.kr. og er það nokkru lægri fjárhæð en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Sjúkratryggingagjald virðist hafa innheimst slælega fyrri hluta ársins en miðað við svipaðar forsendur um innheimtu gjaldsins árið allt og um innheimtu tekjuskatts einstaklinga er áætlað að innheimtan verði um 3 400 m. kr. samanborið við 3 800 m.kr. á fjárlögum. Við áætlun um sjúkratryggingagjald á árinu 1979 er gert ráð fyrir að gjaldið verði óbreytt og jafnframt er miðað við sömu forsendur um tekjubreytingar milli árana 1977 og 1978 og gert er við tekjuskattsáætlun. Samkvæmt því er talið að álagning sjúkratryggingagjalds nemi 6 350 m.kr. 1979 og miðað við svipaðar innheimtuforsendur og á þessu ári og að teknu tilliti til innheimtu áætlaðra eftirstöðva í árslok er innheimt sjúkratryggingagjald talið verða 5 600 m.kr. á árinu 1979.

Álagður tekjuskattur félaga á þessu ári er um 4 000 m.kr. en í fjárlagaáætlun var einungis reiknað með 3 250 m.kr. álagningu. Innheimta tekjuskatts félaga í ár er áætluð nema tæplega 3 300 m.kr. Við þetta bætist síðan innheimta af álögðum sérstökum skatti á tekjur og fyrningar eigna í atvinnurekstri skv. 10. gr. bráðabirgðalaga nr. 96/1978. Álagning á félög nam 1 274 m.kr. og kemur hluti af því til innheimtu í ár. Er hér reiknað með rúmlega 500 m.kr. innheimtu þannig að innheimtur tekjuskattur félaga nemi samtals rúmlega 3 800 m.kr. í ár. Vegna slakrar afkomu fyrirtækja í mörgum atvinnugreinum að undanförunu er reiknað með að álagning tekjuskatts félaga á árinu 1979 aukist töluvert minna en sem nemur áætlaðri almennri veltubreytingu milli árana 1977 og 1978. Er hér reiknað með að álagður tekjuskattur félaga 1979 verði 5 100 m.kr., eða um 30% meiri en í ár, og að innheimta skattsins nemi rúmlega 4 500 m.kr. Að teknu tilliti til sérstaks skatts á tekjur og fyrningar eigna í hátt við álagningu í ár — með sama fyrirvara og áður var nefndur fyrir eignarskattsauka, sérstakan skatt á háar tekjur einstaklinga og skatt á atvinnurekstrartekjur einstaklinga — hækkar innheimtuáætlun 1979 í rúmlega 6 000 m.kr.

Innheimt byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga og félaga er áætlað 224 m.kr. í ár og 343 m.kr. á árinu 1979.

Gjöld af innflutningi. Almennar tolltekjur ríkissjóðs 1978 eru nú áætlaðar verða 25 500 m.kr. og er það um 4 400 m.kr. eða rúmlega fimmtungi meira en í fjárlagaáætlun. Almennur vöruinnflutningur hefur reynst heldur meiri en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga og einkum hefur mikið verið flutt inn af bílum og annarri hátollavöru. Í áætlun fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir um 1% magnaukningu almenns

vöruinnflutnings í samræmi við hinar almennu forsendur tekjuáætlunarinnar um breytingar þjóðarútgjalda. Reiknað er með að innflutningsverð í erlendri mynt hækki um 7% að meðaltali á árinu 1979 en miðað við gengi í október svarar það til 26—27% verðhækkunar í krónum. Þá er gert ráð fyrir að samsetning innflutnings eftir tollflokkum breytist þannig að nokkuð dragi úr kaupum hátollavöru eftir mikinn innflutning 1977 og 1978. Loks er í frumvarpinu reiknað með tollalækkun í ársbyrjun 1979 samkvæmt gildandi tollskrá og er tolltekjutap ríkissjóðs vegna þessa talið nema um 1 350 m.kr. Í frumvarpinu eru tolltekjur ríkissjóðs 1979 áætlaðar 30 300 m.kr. eða 19% meiri en á þessu ári og er það talsvert minni aukning en á almennum vöruinnflutningi. Þessi mismunur stafar bæði af tollalækkuninni um nk. áramót og af áætlun um nokkurn samdrátt í innflutningi hátollavöru. Hefur þetta í för með sér að tollhlutfall í ríkissjóð lækkar úr 16,1% 1978 í 15,2% 1979.

Innflutningsgjald af bensíni er á þessu ári áætlað 4 680 m.kr. eða 220 m.kr. umfram fjárlagatölur. Stafar það bæði af meiri bensínsölu og heldur meiri hækkun bensíngjalds um mitt ár en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Í áætlun fyrir árið 1979 er reiknað með svipaðri aukningu í bensínsölu og í ár eða 5—6%. Þá er áætlað að bensíngjald hækki í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins, þ. e. hækki um áramót með byggingarvísitölu og síðan örlítið á miðju næsta ári. Á þessum forsendum er áætlað að heildartekjur af bensíngjaldi verði 7 480 m.kr. 1979 eða 2 800 m.kr. meiri en í ár. Gúmmígjald er áætlað 107 m.kr. á árinu 1979.

Innflutningsgjald af bifreiðum er áætlað 4 100 m.kr. á þessu ári. Í fjárlagaáætlun var gert ráð fyrir 3 000 m.kr. innheimtu en bilainnflutningur hefur verið mun meiri en reiknað var með í fyrstu. Á þessu ári er talið, að alls verði fluttir inn 9 000 bílar. Bilainnflutningur hefur verið mjög breytilegur frá ári til árs. Árin 1972—1974 voru að meðaltali fluttir inn 8 400 bílar á ári en síðan dró mjög úr bilainnflutningi. Á árinu 1975 voru fluttir inn 3 350 bílar og 2 755 bílar 1976 en 1977 varð mikil aukning og 7 558 bílar fluttir inn. Í áætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að inn verði fluttir um fimmtungi færri bílar en í ár og að óbreyttum reglum og með tilliti til verðbreytinga er innflutningsgjaldið talið nema 4 400 m.kr. á árinu 1979.

Af öðrum aðflutningsgjöldum má nefna að gjald af gas- og brennsluolíu er áætlað 545 m.kr. á næsta ári eða 20 m.kr. minna en í ár. Gjaldið er fast í krónutölu pr. kg gasolíu og brennsluolíu og reiknað er með að heldur dragi úr þeim olíuinnflutningi á næsta ári. Jöfnunargjald, sem tekið var upp með lögum nr. 83/1978 og leggja skal á innfluttar iðnaðarvörur, er talið skila á 400 m.kr. á þessu ári en innheimta gjaldsins hófst á miðju ári. Á næsta ári er áætlað að jöfnunargjaldið verði 1 000 m.kr. en þar af verði 500 m.kr. varið til endurgreiðslu uppsafnaðs sölu-skatts.

Gjöld af innflutningi á árinu 1979 eru í heild áætluð rúmlega 43 600 m.kr. samanborið við 35 500 m.kr. 1978 og er það um 23% aukning.

**Skattar af framleiðslu.** Heildartekjur af þessum gjöldum eru áætlaðar 9 113 m.kr. á þessu ári samanborið við 8 430 m.kr. í fjárlagaáætlun. Sérstakt vörugjald er talið vera 8 500 m.kr. á þessu ári en var áætlað 7 800 m.kr. í fjárlögum. Sú áætlun hefur hins vegar breyst töluvert á árinu. Annars vegar vegna breytinga á gjaldinu með lækkun þess úr 18% í 16% í febrúar og með hækkun í 30% á vissum vöruflokkum í september og hins vegar vegna þess að innflutningur gjaldskyldrar vöru hefur reynst nokkru meiri en áætlað var í fyrstu. Fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir að vörugjaldið verði innheimt á sama hátt og nú er, samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 96/1978, og að heildarinnheimta nemi 11 750 m.kr. Er þá miðað við sömu verð- og magnforsendur og notaðar eru um almennan vöruinnflutning.

Tekjur af hinu eldra vörugjaldi samkvæmt lögum nr. 97/1971, sem síðast var breytt með lögum nr. 83/1977 og gilda til loka þessa árs, eru áætlaðar 375 m.kr. á þessu ári og 395 m.kr. 1979. Er þá miðað við að lögin verði framlengd með óbreyttri gjaldskrá en ákvæði um framlag til Styrktarsjóðs vangefinna verði fellt

niður. Verði það framlag eftirleiðis ákveðið með fjárveitingu á sama hátt og gildir um flest önnur framlög ríkisins til félags- og líknarmála.

Álgjald er áætlað nema 238 m.kr. á þessu ári. Á næsta ári er reiknað með 72 þús. tonna gjaldskyldri framleiðslu, eða sem nemur fullum afköstum álverksmiðjunnar, og lágmarksgjaldi, \$20/tonn, en endanlegt framleiðslugjald er hins vegar einnig háð álverði og afkomu fyrirtækisins og því ekki ætlast á um það að svo stöddu. Í heild mun framleiðslugjaldið því nema 443 m.kr. á þessum forsendum. Þar af koma 270 m.kr. í hlut ríkissjóðs og er aðeins sá hluti gjaldsins færður hér.

**Skattar af seldri vöru og þjónustu.** Í fjárlögum ársins 1978 voru heildartekjur undir þessum lið áætlaðar 68 400 m.kr. en nú eru horfur á að þær nemi 73 200 m.kr. eða 7% umfram fjárlagatöluna. Tekjur af söluskatti eru nú áætlaðar 50 800 m.kr. samanborið við 48 400 m.kr. í fjárlögum og verða því að líkindum 5% umfram fjárlagatölur. Þetta stafar af því að verslunarvelta hefur aukist meira á þessu ári en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Á hinn bóginn var söluskattur að fullu felldur niður af matvælum í september samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum nr. 96/1978 og var sú ráðstöfun talin hafa í för með sér um 1 400 m.kr. tekjumissi ríkissjóðs á þessu ári. Áætlunin um söluskatt 1979 ræðst af þeim forsendum um kauplag og verðlag og þjóðarútgjöld sem áður er getið, auk þess sem tekið er tillit til afnáms söluskatts af matvælum. Á þessum forsendum er innheimtustofn söluskatts 1979 talinn aukast um 19% frá þessu ári. Innheimtur söluskattur er áætlaður 60 800 m.kr. 1979 eða um 29,5% af heildartekjum en verður að líkindum um 33% heildartekna ríkissjóðs í ár. Hér er eingöngu um að ræða hlut ríkissjóðs í hinu almenna 18% sölugjaldi auk 2% söluskattsaukans sem er óskiptur. Hluttur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, 8% af almenna sölugjaldinu, er ekki meðtalinn.

Launaskattur er áætlaður 8 000 m.kr. á þessu ári eða 400 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Í áætlun fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir að launaskattur verði áfram 3,5% af launum og 2% renni til Byggingarsjóðs ríkisins. Miðað við launaforsendur þessa framvarps, sem áður er frá greint, er launaskattur áætlaður 10 850 m.kr. 1979, þar af guma 6 200 m.kr. til byggingarsjóðs en 4 650 m.kr. til ríkissjóðs.

Rekstrarhagnaður ÁTVR var áætlaður 11 300 m.kr. í fjárlögum ársins 1978 og var þá gert ráð fyrir nokkurri verðhækkun á árinu. Framan af árinu varð hagnaðurinn töluvert umfram áætlun og áfengis- og tóbaksverð hefur nú verið hækkað í tvígang og töluvert umfram fjárlagaforsendur. Í áætlun þessa árs er gert ráð fyrir að hagnaðurinn nemi 13 500 m.kr. Þessi áætlun gæti raunar reynst fullhá. Á næsta ári eru tekjur ríkissjóðs af sölu áfengis og tóbaks áætlaðar 19 000 m.kr. og er þá miðað við óbreytt útsöluverð frá því sem nú er.

Flugvallagjald var í fjárlögum þessa árs áætlað 560 m.kr. en er nú talið verða 450 m.kr. á þessu ári og 470 m.kr. 1979.

Aðrir skattar af seldri vöru og þjónustu eru áætlaðir 476 m.kr. á þessu ári samanborið við 527 m.kr. í fjárlögum. Í áætlun fyrir 1979 eru aðrir skattar af seldri vöru og þjónustu áætlaðir 525 m.kr. og er þá iðnaðargjald ekki talið með en það var afnumið frá og með árslokum með lögum nr. 41/1978 um Iðntæknistofnun Íslands.

Aðrir óbeinir skattar eru áætlaðir 6 834 m.kr. á þessu ári og er það 617 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Stafar munurinn einkum af breytingu á stimpilgjaldi og þinglýsingargjaldi og af álagningu gjalds á ferðalög til útlanda samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 96/1978. Síðast talda gjaldið veldur mestu um aukningu annarra óbeinna skatta á næsta ári umfram aukningu vegna veltubreytinga en á næsta ári eru þessar tekjur samtals taldar nema 10 184 m.kr. Með lögum nr. 36/1978 og nr. 39/1978 var innheimtu stimpilgjalds og þinglýsingargjalds breytt á þann hátt að stimpilgjald var hækkað stórlega en þinglýsingargjald lækkað að sama skapi. Stimpilgjald er nú áætlað 2 600 m.kr. 1979 en þinglýsingargjald aðeins 70 m.kr. Aukatekjur ríkissjóðs eru áætlaðar miðað við óbreytta gjaldskrá og taldar verða 510 m.kr. 1979. Bifreiðaskattur — mælagjald og árgjald af disilbílum — er nú talinn verða 1 300



m.kr. á þessu ári eða 50 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Miðað við að þessi gjöld verði hækkuð til jafns við bensingjald er í áætlun fyrir næsta ár gert ráð fyrir að bifreiðaskattur nemi 2 050 m.kr. Tekjur af sölu erlends gjaldeyris eru taldar verða 1 250 m.kr. á þessu ári en 2 900 m.kr. 1979, þar af er gjald á ferðalög til útlanda talið nema 1 600 m.kr. Verðjöfnunargjald af raforku er í ár áætlað 890 m.kr. og er nánast óbreytt frá fjárlögum en á næsta ári er gert ráð fyrir að gjaldið nemi 1 210 m.kr.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta eru taldar nema 386 m. kr. í ár samanborið við 383 m.kr. í fjárlögum. Á næsta ári eru þær taldar nema 542 m.kr. en þar vega tekjur af frihöfninni á Keflavíkurflugvelli lang þyngst.

Ýmsar tekjur eru áætlaðar 2 211 m.kr. á þessu ári samanborið við 1 401 m.kr. í áætlun fjárlaga en þar voru vaxtatekjur vanmetnar. Á árinu 1979 eru þessar tekjur áætlaðar 2 702 m.kr. en þar af eru vaxtatekjur 2 150 m. kr.

**Yfirlit.** Hér fer á eftir yfirlit áætlaðra tekna ríkissjóðs 1979 og til samanburðar er sýnd tekjuáætlun fjárlaga 1978 og áætlun um innheimtar tekjur þessa árs. Fyrstu níu mánuði ársins námu tekjur ríkissjóðs 105 700 m. kr. og höfðu aukist um 57% frá sama tíma í fyrra. Hér er gert ráð fyrir að heildarinnheimta í ár verði 154 200 m. kr. þannig að 48 500 m. kr. verða innheimtar síðustu þrjú mánuði ársins.

Hlutdeild markaðra tekna í heildartekjum ríkissjóðs var tæplega 15% í fjárlögum 1978 og reynist að líkindum nokkru lægri í ár en fjárlög gerðu ráð fyrir eða 13,7%. Á næsta ári hækkar hlutfallið hins vegar í 15%.

Samkvæmt yfirlitinu verður hlutdeild beinna skatta í tekjum ríkissjóðs 17,4% í stað 18,2% í fjárlögum ársins en hlutdeild óbeinna skatta hækkar óverulega eða úr 80,6% í fjárlögum í 80,9% í áætlun 1978. Aðrar tekjur eru rúmlega 1% í fjárlögum en tæplega 2% í áætlun 1978. Samkvæmt frumvarpinu verður hlutdeild beinna skatta 22,1% 1979 og stafar hækkunin af álagningu eignarskattsauka, sérstaks tekju-skatts á hátekjur og sérstaks gjalds á atvinnurekstur. Hlutdeild óbeinna skatta verður 76,4% og hlutdeild annarra tekna verður 1,5%.

|  | Endurskoðuð     |                |                  |
|--|-----------------|----------------|------------------|
|  | Fjárlög<br>1978 | áætlun<br>1978 | Frumvarp<br>1979 |
| <b>1. Iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga ..</b> | <b>4 241</b>    | <b>4 241</b>   | <b>6 123</b>     |
| <b>2. Eignarskattar<sup>1)</sup> .....</b>               | <b>2 009</b>    | <b>2 347</b>   | <b>4 251</b>     |
| <b>3. Tekjuskattar<sup>1)</sup> .....</b>                | <b>19 074</b>   | <b>20 259</b>  | <b>35 208</b>    |
| a) Tekjuskattur einstaklinga .....                       | 12 143          | 13 047         | 23 563           |
| b) Tekjuskattur félaga .....                             | 3 131           | 3 812          | 6 045            |
| c) Sjúkratryggingagjald .....                            | 3 800           | 3 400          | 5 600            |
| <b>4. Gjöld af innflutningi .....</b>                    | <b>29 353</b>   | <b>35 548</b>  | <b>43 638</b>    |
| a) Almenn aðflutningsgjöld <sup>2)</sup> .....           | 21 201          | 25 594         | 30 460           |
| b) Bensín- og gúmmígjald .....                           | 4 550           | 4 784          | 7 590            |
| c) Innflutningsgjald af bílum .....                      | 3 000           | 4 100          | 4 400            |
| d) Annað .....   | 602             | 1 070          | 1 188            |
| <b>5. Skattar af framleiðslu .....</b>                   | <b>8 430</b>    | <b>9 113</b>   | <b>12 415</b>    |
| a) Sérstakt vörugjald .....                              | 7 800           | 8 500          | 11 750           |
| b) Annað .....   | 630             | 613            | 665              |
| <b>6. Skattar af seldri vöru og þjónustu .....</b>       | <b>68 387</b>   | <b>73 226</b>  | <b>91 645</b>    |
| a) Söluskattuatr .....                                   | 48 400          | 50 800         | 60 800           |
| b) Launasktur .....                                      | 7 600           | 8 000          | 10 850           |
| c) ÁTVR .....  | 11 300          | 13 500         | 19 000           |
| d) Annað .....   | 1 087           | 926            | 995              |
| <b>7. Aðrir óbeinir skattar .....</b>                    | <b>6 217</b>    | <b>6 834</b>   | <b>10 184</b>    |
| <b>8. Arðgreiðslur úr B-hluta .....</b>                  | <b>383</b>      | <b>386</b>     | <b>542</b>       |
| <b>9. Ýmsar tekjur .....</b>                             | <b>1 401</b>    | <b>2 211</b>   | <b>2 702</b>     |
| <b>Samtals</b>   | <b>139 49</b>   | <b>154 165</b> | <b>206 708</b>   |
| Markaðar tekjur .....                                    | 20 758          | 21 094         | 31 054           |
| Almennar tekjur .....                                    | 118 738         | 133 071        | 175 654          |
| Beinir skattar .....                                     | 25 324          | 26 847         | 45 582           |
| Óbeinir skattar .....                                    | 112 387         | 124 721        | 157 882          |
| Aðrar tekjur .....                                       | 1 784           | 2 597          | 3 244            |

<sup>1)</sup> Byggingarsjóðsgjald meðtalið.

<sup>2)</sup> Byggingarsjóðsgjald og aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum meðtalin.

### Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins er yfirlit yfir lánahreyfingar. Þar kemur fram, að halli á lánahreyfingum er 4 293 m.kr., sem jafnaður er með afgangi á rekstrarreikningi. Fjáröflun innanlands byggist á lögum nr. 36/1975, um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg svo og á heimild í 6. gr. fjárlaga. Heimildar til erlendra lántöku verður samkvæmt venju leitað með sérstöku lagafrumvarpi sem lagt verður fyrir þingið í sambandi við lánsfjáráætlun næsta árs. Hér á eftir verður vikið að einstökum liðum lánajafnaðarins, en um lánamálin í heild verður fjallað í skýrslu ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun 1979 sem lögð verður fram á haustþinginu.

### Lánahreyfingar út

Niðurstöðutala á lánahreyfingum út er 8 423 m.kr. Stærsti liðurinn þar eru afborganir af almennum lánum ríkissjóðs 7 009 m.kr., þar af 5 198 m.kr. af lánum í Seðlabanka. Þá er gert ráð fyrir 680 m.kr. hlutfjárframlagi til Járnblandifélagsins

og er þar meðtalin frestun greiðslu frá 1978. Þar með er lokið greiðslum á hluta-fjárframlagi ríkissjóðs samkvæmt samningi. Enn fremur er ráðgerð aukning á eigin-fjárframlagi ríkissjóðs í Landsvirkjun að fjárhæð 180 m.kr. og framlag í Iðn-þróunarsjóð Portúgals er 54 m.kr. Loks er áætlað 500 m.kr. nettó-ústreymi á við-skiptareikningum vegna innheimtufjár fyrir aðra (markaðra tekjustofna), tollalána o. fl. Hefur ekki verið áætlað fyrir slíku ústreymi fyrr á fjárlögum, en stuðst er við reynslu fyrri ára.

Ráðstöfun lánsfjár til framkvæmda skv. 1. gr. nemur 4 050 m.kr. vegna A-hluta og 5 781 m.kr. vegna B-hluta eða samtals 9 831 m.kr. Á fjárlögum 1978 var heildar-ráðstöfun lánsfjár 10 452 m.kr. eða 621 m.kr. hærri. Sú fjárhæð fól hins vegar í sér fjármagnsútgjöld vegna byggðalína og Kröfluvirkjunar samtals að fjárhæð 2 073 m.kr. en samkvæmt þessu frumvarpi verður staðið undir slíkum útgjöldum með fjárveitingum á rekstrarreikningi. Sambærileg heildartala verður því 8 379 m.kr. fyrir árið 1978, og er hækkun frá því ári þannig 1 452 m.kr. að því er framkvæmdir varðar, eða 17,3% sé miðað við fjárlög og lánsfjáráætlun. Hins ber þó að geta að því til viðbótar var ákveðið að afla lánsfjár til framkvæmda að fjárhæð 2 110 m.kr. og verður framkvæmdatilan fyrir árið 1978 því í raun 10 479 m.kr. Lækkar því fjáröflun til sambærilegra opinberra framkvæmda samkvæmt frumvarpi 1979 um 648 m.kr. eða 6,2%. Hér fer á eftir yfirlit yfir skiptingu fjármagns á einstakar framkvæmdir ásamt samanburði við fjárlög 1978 og fylgir greinargerð um hverja um sig.

#### Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir

|   | Fjárlög<br>1978 | Frumvarp<br>1979 |
|---|-----------------|------------------|
| <b>A-hluti fjárlaga:</b>                |                 |                  |
| Þjóðarbókhlaða .....                    | 205             | 200              |
| Laxastigi í Laxá .....                  | 40              | -                |
| Vegagerð .....                          | 2 200           | 2 660            |
| Landshafnir .....                       | 145             | 100              |
| Hafnargerð við Grundartanga .....       | 188             | 230              |
| Flugöryggistæki .....                   | 80              | -                |
| <b>Samtals</b>                          | <b>2 858</b>    | <b>3 190</b>     |
| Landsvirkjun, eigin fjárframlag .....   | -               | 180              |
| Járnblendifél., hlutafjárgramlag .....  | 820             | 680              |
| <b>A-hluti samtals</b>                  | <b>3 678</b>    | <b>4 050</b>     |
| <b>B-hluti fjárlaga:</b>                |                 |                  |
| RARIK, almennar framkvæmdir .....       | 1 331           | 1 608            |
| RARIK, vegna Vestmannaeyjastrengs ..... | -               | 290              |
| Orkubú Vestfjarða .....                 | 518             | 360              |
| Sveitarafvæðing .....                   | 200             | 130              |
| Byggðalínur .....                       | 2 714           | 1 853            |
| <b>Kröfluvirkjun:</b>                   |                 |                  |
| a. Stöðvarhús og vélar .....            | 1 301           | -                |
| b. Borholur og aðveitukerfi .....       | 278             | -                |
| Póstur og sími vegna jarðstöðvar .....  | 370             | 1 364            |
| Endurlán vegna Grundartangahafnar ..... | 62              | 176              |
| <b>B-hluti samtals</b>                  | <b>6 774</b>    | <b>5 781</b>     |
| <b>A- og B- hluti samtals</b> .....     | <b>10 452</b>   | <b>9 831</b>     |

Ath. Fjármagnsútgjöld vegna byggðalínu og Kröflufuramkvæmda eru meðtalin 1978 en ekki 1979.

### A-hluti fjárlaga

**Þjóðarþókkhláða.** Gert er ráð fyrir 200 m.kr. lántöku til áframhaldandi byggingarframkvæmda við þjóðarþókkhlöðu. Framlag ársins 1978 nemur 220 m.kr. auk þess sem geymdar fjárveitingar námu 44 m.kr.

**Vegagerð.** Lánsfjáröflun til vegagerðar er ráðgerð 2 660 m.kr. sem er 460 m.kr. hækkun frá 1978. Heildarútgjöld til vegamála eru áætluð 12 300 m.kr. eins og nánar er vikið að í greinargerðinni hér á eftir.

**Landshafnir.** Samtals er gert ráð fyrir 100 m.kr. lánsfjáröflun til framkvæmda við landshafnir. Skipting þessa fjármagns er þannig að 50 m.kr. fara til framkvæmda við höfnina í Rífi og 50 m.kr. til Njarðvíkurhafnar.

**Hafnargerð við Grundartanga.** Heildarkostnaður við Grundartangahöfn er áætlaður 906 m.kr. Kostnaður þessi skiptist í sömu hlutföllum og gildir um almenna hafnargerð, þ. e. 75% ríki og 25% sveitarfélög. Heildarkostnaður ríkissjóðs er því 680 m.kr. og sveitarfélaga 226 m.kr. Eftirstöðvar af kostnaðarhluta ríkissjóðs eru 230 m.kr. og hlutur sveitarfélaga er 176 m.kr. sem kemur fram í yfirliti um lánsfjáröflun til B-hluta. Heildarfjárbætur á árinu 1979 nemur því alls 406 m.kr.

**Landsvirkjun.** Til samræmis við reglur ríkisbókhalds eru eiginfjár- og hlutfjárframlög færð á lánahreyfingar í A-hluta. Fyrirhugað er að afla 180 m.kr. lánsfjár til að inna af hendi framlag ríkissjóðs til Landsvirkjunar 1979 vegna aukins eiginfjár fyrirtækisins.

**Járnblendifélagið, hlutfjárframlag.** Eins og segir í athugasemdum um Landsvirkjun færast hlutfjárframlög á lánahreyfingar í A-hluta. Hér er um að ræða 680 m.kr. fjáröflun en var 820 m.kr. 1978. Af þessari fjárhæð eru 128 m.kr. ætlaðar til að standa undir samningsbundnu hlutfjárframlagi 1979, og er það lokaframlag, en 552 m.kr. eru vegna samningsbundins framlags á árinu 1978. Var gert samkomulag um að fresta þeirri greiðslu til ársins 1979.

### B-hluti fjárlaga

**RARIK, almennar framkvæmdir.** Lántökur vegna almennra framkvæmda RARIK eru 1 608 m.kr. Auk þess nemur framlag úr Orkusjóði 130 m.kr. til að styrkja dreifikerfi í sveitum og tekjur af heimtaugargjöldum eru áætlaðar 90 m.kr. Verða þannig 1 828 m.kr. til ráðstöfunar til þessara framkvæmda. Nánari grein verður gerð fyrir einstökum framkvæmdaliðum í lánsfjáráætlun 1979 en helstu framkvæmdaþættir eru þessar: Virkjanir 16 m.kr., stofnlínur 370 m.kr., aðveitustöðvar 542 m.kr., innanbæjarkerfi 600 m.kr., styrking dreifikerfa í sveitum 130 m.kr. og aðrir þættir samtals 170 m.kr.

Á fjárlögum 1978 töldust framkvæmdir á Vestfjörðum til framkvæmda RARIK. Í þessari framsetningu er lánsfjáröflun til framkvæmda 1978 skipt milli RARIK og Orkubús Vestfjarða til samræmis við yfirlitið fyrir árið 1979.

**RARIK, vegna Vestmannaeyjastrengs.** Á árinu 1978 var tekið bráðabirgðalán til greiðslu kostnaðar við lagningu sæstrengs til Vestmannaeyja. Fjáröflun, sem hér er gert ráð fyrir, 290 m.kr., er til að greiða þetta bráðabirgðalán.

**Orkubú Vestfjarða.** Samtals er ráðgerð 360 m.kr. lántaka vegna Orkubús Vestfjarða. Samsvarandi lántaka vegna orkuframkvæmda á Vestfjörðum nam 518 m.kr. 1978 en í lánsfjáráætlun þess árs taldist þessi lántaka til lánsfjáröflunar vegna RARIK.

Heildarframkvæmdafé Orkubúsins er 410 m.kr., þar af er framlag Orkusjóðs vegna dreifikerfa í sveitum 20 m.kr., heimtaugargjöld 12 m.kr. og þátttaka sveitarfélaga í götulýsingu 18 m.kr. Nánari grein gerður gerð fyrir einstökum framkvæmdaliðum í lánsfjáráætlun 1979 en helstu framkvæmdaþættir eru þessir: Virkjanir (lúkning) 19 m.kr., stofnlínur og aðveitustöðvar 120 m.kr., innanbæjarkerfi 167 m.kr. og aðrir verkþættir samtals 104 m.kr.

**Sveitarafvæðing.** Áætluð er 130 m.kr. lántaka vegna sveitarafvæðingar og er það 70 m.kr. lægri fjárhæð en 1978. Fjárins er aflað til viðbótarframkvæmda við eldri veitur. Rafvæðingaráætlun um tengingu býla í allt að 3 km fjarlægð frá aðaldreifilínunum mun sem næst lokið en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvert verður framhald rafvæðingar í sveitum.

**Byggðalínur.** Ráðgerð er 1 853 m.kr. lántaka vegna byggðalínu. Af þeirri fjárhæð eru 1 313 m.kr. vegna Vesturlínu og verður línan þar með komin í Gilsfjörð og raforka um hana fyrir Dali, 265 m.kr. vegna aðveitustöðvar á Brennimel í Hvalfirði, 120 m.kr. vegna aðveitustöðva, fjarstýribúnaðar o. fl. á Norðurlínu, 66 m.kr. vegna aðveitustöðvar við Eyrarteig (Hryggstekk) og 89 m.kr. vegna háspennusíma, fjarstýribúnaðar o. fl. Í lánsfjáráætlun fyrir 1978 var lánsfjár aflað vegna vaxta og afborgana af byggðalínunum. Nú er horfið frá þessari tilhögun en þess í stað er Byggðasjóði falið að sjá um greiðslur vaxta og afborgana, alls 1 130 m.kr. (samanber greinargerð um Byggðasjóð).

**Kröfluvirkjun.** Í lánsfjáráætlun ársins 1978 var lánsfjáröflun vegna fjármagnsútgjalda alls 1 429 m.kr. Fjármagnsútgjöld ársins 1979 eru áætluð alls 2 080 m.kr. Nú er ráðgert að Orkusjóði verði falið að annast greiðslu fjármagnsútgjalda vegna Kröfluvirkjunar og til þess kemur bein fjárveiting á fjárlögum til sjóðsins. Á þessu stigi eru lántökur til framkvæmda ekki ráðgerðar en þær námu á síðasta ári 150 m.kr.

**Póstur og sími vegna jarðstöðvar.** Til framhaldsframkvæmda við jarðstöð og tengd mannvirki er áformað að afla 1 364 m.kr. lánsfjár vegna hluta póst- og síma-málastofnunarinnar í heildarframkvæmdum. Helstu framkvæmdaþættir eru sem hér segir:

|                          | 1978 | 1979  | Samtals |
|--------------------------|------|-------|---------|
| Jarðstöð .....           | 150  | 694   | 844     |
| Millilandastöð .....     | 100  | 510   | 610     |
| Húsbyggingar o. fl. .... | 120  | 160   | 280     |
|                          | 370  | 1 364 | 1 734   |

Kostnaðaráætlun fyrir jarðstöðina sjálfa er 1 314 m.kr. og í hlut Íslands koma 844 m.kr. Kostnaðaráætlun fyrir sjálfvirka millilandastöð er alls 610 m.kr. Kemur sú fjárhæð öll í hlut Íslands og er sú starfsemi að hluta ráðgerð við Grensásstöð landsímans. Þá er áætlað að húsbyggingar og aðrar framkvæmdir nemi alls 280 m.kr.

**Endurlán vegna Grundartangahafnar.** Eins og að framan greinir mun ríkissjóður annast lánsfjáröflun vegna hlutar viðkomandi sveitarfélaga við þessa hafnargerð, og eru eftirstöðvar áætlaðar 176 m.kr. er koma til greiðslu á árinu 1979.

Loks er í eftirfarandi yfirliti sýnd sundurliðun á afborgunum almennra lána ríkissjóðs ásamt samanburði við fjárlög 1978 í þús. kr.

|  | Fjárlög<br>1978  | Frumvarp<br>1979 | Mismunur         |
|--|------------------|------------------|------------------|
| <b>Lán hjá Seðlabanka Íslands</b> .....                          | <b>3 245 431</b> | <b>5 099 270</b> | <b>1 853 839</b> |
| Lán vegna yfirdráttarskulda .....                                | 2 185 251        | 3 666 011        | 1 480 760        |
| Lán vegna yfirdráttarskulda 1977/78 o. fl. (óverðtr.) .....      | -                | 550 000          | 550 000          |
| Lán vegna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins .....                 | 399 490          | 49 372           | -350 118         |
| Lán vegna Áburðarverksmiðju .....                                | 40 000           | -                | -40 000          |
| Lán vegna kaupa á Þórshamri .....                                | 18 015           | 5 092            | -12 923          |
| Lán vegna yfirdráttarskuldar RARIK .....                         | 341 839          | 484 176          | 142 337          |
| Lán vegna vegagerðar, yfirdráttarskuld .....                     | 133 406          | 171 101          | 37 695           |
| Lán vegna vegagerðar, erlend lán .....                           | 120 800          | 173 518          | 52 718           |
| Lán vegna vegagerðar, yfirtekin lán .....                        | 3 158            | -                | -3 158           |
| Ymis önnur lán en til vegagerðar .....                           | 3 472            | -                | -3 472           |
| <b>Önnur lán</b> .....   | <b>1 269 860</b> | <b>1 909 716</b> | <b>639 856</b>   |
| Spariskirteinalán, önnur en til vegagerðar (endurlán) .....      | 107 018          | 132 109          | 25 091           |
| Ymis endurlán (erlend) .....                                     | 140 718          | 133 939          | -6 779           |
| Ríkisfyrirtæki í B-hluta .....                                   | 356              | 356              | -                |
| Ríkisfyrirtæki í A-hluta .....                                   | 400              | -                | -400             |
| Innlánsstofnanir (bankar og sparisjóðir) .....                   | 2 784            | 2 784            | -                |
| Lánastofnanir (fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir) erlent fé  | 14 049           | 6 309            | -7 740           |
| Lánastofnanir (fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir) innlent fé | 2 959            | 14 482           | 11 523           |
| Bæjar- og sveitarfélög .....                                     | 13               | -                | -13              |
| Ymis erlend lán .....  | 42 030           | 184 293          | 142 263          |
| Ymis innlend lán .....   | 41 848           | 56 848           | 15 000           |
| Yfirtekin lán vegna kaupa á Baldri (innlend og erlend) .....     | 58 231           | 71 194           | 12 963           |
| Lán vegna kaupa á Landakotsspítala .....                         | 31 500           | 33 075           | 1 575            |
| Lán vegna járnblendiverksmiðju .....                             | 97 520           | -                | -97 520          |
| Skyldusparnaður, innheimtur með sköttum .....                    | 238 551          | 431 271          | 192 720          |
| Ymis lán, ósundurliðað .....                                     | -                | 101 100          | 101 100          |
| Lán til vegagerðar (önnur en hjá Seðlabanka):                    |                  |                  |                  |
| Spariskirteinalán (endurlán) .....                               | 151 280          | 267 963          | 116 683          |
| Önnur endurlán (erlend) .....                                    | 127 259          | 196 783          | 69 524           |
| Innlánsstofnanir (bankar og sparisjóðir) .....                   | 1 070            | 668              | -402             |
| Lánastofnanir, erlent fé .....                                   | 184 040          | 248 397          | 64 357           |
| Ymis innlend lán .....   | 2 081            | 1 992            | -89              |
| Lán ríkisstofnana í A-hluta .....                                | 26 153           | 26 153           | -                |
| <b>Samtals</b>   | <b>4 515 291</b> | <b>7 008 986</b> | <b>2 493 695</b> |

### Lánahreyfingar inn

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að heildarfjáröflun nemur 14 381 m.kr., þ. e. 3 500 m.kr. innlend lántaka, 5 457 m.kr. erlend lántaka og 5 424 m.kr. innheimta af endurlánuðum spariskirteinum. Ráðstöfun fjáröflunarinnar er sú að 4 550 m.kr. renna til innlausnar þriggja spariskirteinaflokka, útgefina 1966 og 1967, 5 781 m.kr. er varið til lánsfjármagnaðra B-hluta framkvæmda og 4 050 m.kr. til A-hluta framkvæmda. Auk þess nemur innheimta af veittum lánnum 80 m.kr. þannig að innstreymi vegna A-hluta verður samtals 4 130 m.kr. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting lánsfjáröflunar til opinberra framkvæmda og samanburður gerður við fjárlög 1978 í m.kr.

|  | Fjárlög<br>1978 | Frumvarp<br>1979 | Hækkun |
|--|-----------------|------------------|--------|
| Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé . . . . . | 3 755           | 5 424            | 1 669  |
| Innlausn spariskírteina . . . . .                  | 1 439           | 2 316            | 4 550  |
| Sérstök lántaka úr þjóðhátíðarsjóði . . . . .      |                 | 170              | 874    |
| Útgáfa spariskírteina . . . . .                    |                 | 3 100            | —      |
|  |                 |                  | —3 111 |
|  |                 |                  | -1 442 |
|  |                 |                  | -170   |
|  |                 |                  | 400    |
| Innlend lántaka alls . . . . .                     | 5 586           | 4 374            | -1 212 |
| Erlend lántaka . . . . .                           | 4 866           | 5 457            | 591    |
| Lántaka samtals                                    | 10 452          | 9 831            | -621   |

### Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins

Í þessum hluta greinargerðarinnar verður vikið nánar að helstu breytingum einstakra gjaldaliða sem orðið hafa frá fjárlagatölum 1978. Þó verður ekki rætt sérstaklega um breytingar á fjárlagaliðum sem eingöngu eiga rætur að rekja til launa- og verðlagsþróunarinnar. Hefur verið gerð sérstök grein fyrir þætti hennar varðandi útgjaldahækkunir framfarir í þessum athugasemdum.

#### 01 Forsætisráðuneytið

- 101 Aðalskrifstofa. Hækkun á þessum lið nemur 72 849 þús. kr. sem skýrist þannig: Laun hækka um 32 589 þús. kr. sem er 14 269 þús. kr. fram yfir eðlilegar launahækkunir. Þessi umframhækkun stafar af eftirfarandi: Gert er ráð fyrir launum blaðafulltrúa ríkisstjórnarinnar, ritara hans og rekstrarkostnaði samtals 11 833 þús. kr., þá er sérstök fjárveiting vegna helgargæslu í stjórnarráðshúsinu 2 436 þús. kr. Rekstrargjöld hækka um 10 556 þús. kr. sem er vegna eðlilegra verðlags-hækkana. Hlutdeild Íslands í kostnaði við Skrifstofu ráðherra nefndar Norðurlandaráðs hækka um 23 000 þús. kr. frá fjárlögum 1978. Stafar þessi hækkun annars vegar af nokkurri vanáætlun í fjárlögum 1978 og hins vegar af aukningu verkefna og gengisbreytingum. Framlag til Hrafnseyrarnefndar hækka um 3 000 þús. kr. og verður 5 000 þús. kr. Loks hækka viðhald um 2 595 þús. kr., sem er 1 650 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkunir, og er það vegna sérstakrar fjárveitingar til að mála Stjórnarráðshúsið.
- 171 Byggðasjóður. Framlag til Byggðasjóðs hækka um 379 000 þús. kr. eða um 18,2% og verður 2 458 000 þús. kr. Gert er ráð fyrir að Byggðasjóður taki að láni 1 130 000 þús. kr. og að eigið fé sjóðsins nemi 332 000 þús. kr. Verður ráðstöfunarfé sjóðsins þá 2% af útgjöldum samkvæmt þessu frumvarpi í samræmi við lagaákvæði. Af ráðstöfunarfé Byggðasjóðs eiga 1 130 000 þús. kr. að fara til vaxta og afborgana af lánum sem hafa verið tekin vegna byggðalína.
- 901 Húsameistari ríkisins. Af heildarhækkun fjárveitingarinnar til húsameistara-embættisins 62 556 þús. kr. eru 10 540 þús. kr. vegna stöðu fulltrúa, deildararkitekts og tækniteiknara en stöður þessar féllu niður við tillögugerð stofnunarinnar við fjárlagagerð fyrir árið 1978. Hækkun vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana er 52 016 þús. kr.

#### 02 Menntamálaráðuneytið

- 101 Aðalskrifstofa. Kostnaður við rekstur aðalskrifstofu ráðuneytisins eykst um 150 220 þús. kr., þar af er hækkun launaliðar 106 580 þús. kr. sem er um 12 400 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkunir. Skýrist þetta af því annars

vegar að tekið var mið af reikningstölum ársins 1977 við ákvörðun launaliðar og hins vegar að gert er ráð fyrir ráðningu fulltrúa vegna skipulagn-ingar kennslu í framhaldsskólum 3 946 þús. kr. Rekstrargjöld hækka um 42 390 þús. kr. sem eru eðlilegar verðlagshækkanir. Þá hækka liðirnir viðhald og stofnkostnaður um 1 250 þús. kr.

- 201 **Háskóli Íslands.** Framlag til skólans hækkar um 980 673 þús. kr., þar af eykst rekstrarkostnaður nettó um 734 773 þús. kr. en áætlað framlag frá Happraætti H. Í. og úr byggingarsjóði hækkar um 245 900 þús. kr. Gert er ráð fyrir fjórum nýjum hlutastöðum lektora í augn- og slysalækningum 8 835 þús. kr. Í tannlæknadeild verður sú breyting að í stað tveggja kennara koma þrjú lektorar en útgjaldaaukning vegna þessa er nánast engin vegna minni stundakennslu. Hækkun rekstrargjalda frá fjárlögum 1978 er 168 373 þús. kr., sem er um 40 000 þús. kr. umfram eðlilegar verðlagshækkanir, og skýrist af eftirfarandi: Vegna aukinna bókakaupa Háskólabókasafns 5 000 þús. kr., 13 000 þús. kr. vegna aukinna kaupa Reiknistofnunar á rekstrarvörum og 22 000 þús. kr. hækkun er skiptist á hinar ýmsu deildir háskólans vegna samningsbundinna greiðslna, sameiginlegs rekstrar, aukningar stundakennslu og rannsókna. Á móti hækkun rekstrargjalda Reiknistofnunar kemur jafnmikil hækkun sértekna. Áætlað ráðstöfunarfé til framkvæmda frá Happraætti H. Í. og úr byggingarsjóði er 633 900 þús. kr. og skiptist á eftirfarandi hátt á verkefni í þús. kr.:

|   |         |
|---|---------|
| Nýbyggingar á Landspítala- og háskólalóðum .....  | 464 900 |
| Viðhald húsa og lóða .....  | 50 000  |
| Tækjakaup .....   | 60 000  |
| Skipulagning lóðar og áætlanagerð vegna nýbygginga á háskólalóð .....                                 | 8 000   |
| Endurnýjun og viðhald húsgagna og búnaðar .....   | 16 000  |
| Húsnæði og búnaður vegna nýrra námsleiða, breytingar á húsnæði og flutnings milli leiguhúsnæðis ..... | 30 000  |
| Úrbætur í símamálum .....   | 5 000   |

Samtals 633 900

- 203 **Raunvísindastofnun háskólans.** Heildarhækkun framlags er 113 699 þús. kr., þar af hækka laun um 86 689 þús. kr. Af launahækkuninni eru 82 084 þús. kr. vegna samningsbundinna launahækkana, mismunurinn er vegna stöðu sérfræðings á reiknistofu, sem kemur inn að nýju, en staða þessi var lánuð Reiknistofnun háskólans. Önnur rekstrargjöld hækka um 18 144 þús. kr. vegna eðlilegra verðlagshækkana. Viðhald hækkar um 7 080 þús. kr., þar af 5 000 þús. kr. vegna viðhalds á húsi Raunvísindastofnunar. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 4 786 þús. kr. Til frádráttar kostnaði koma sértekjur 3 000 þús. kr. en ekki var gert ráð fyrir sértekjum í fjárlögum 1978.
- 276 **Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Framlag til sjóðsins, sem er eingöngu framlag frá Happraætti H. Í., hækkar um 35 200 þús. kr. og verður 91 200 þús. kr. sem skiptist þannig: Til greiðslu vaxta og afborgana 42 463 þús. kr., til byggingar skemmu fyrir iðnaðarrannsóknir 41 000 þús. kr. og lagfæring lóða og vega 7 737 þús. kr.
- 301 **Menntaskólinn í Reykjavík.** Heildarframlag til skólans verður 347 714 þús. kr. og er það 144 162 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1978 sem skýrist þannig: Laun hækka um 138 761 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu tveggja nýrra kennara samtals 6 651 þús. kr., aukningu stundakennslu að upphæð 8 000 þús. kr., hvort tveggja vegna fjölgunar nemenda, auk ráðningar ritara, 2 494 þús. kr., er samþykkt var af ráðninganefnd fyrr á þessu ári. Þá hækka rekstrargjöld um 5 401 þús. kr. Fjárveiting til kaupa á húsum á lóð skólans verður 10 000 þús. kr. sem er óbreytt upphæð frá fjárlögum 1978.



- 303 **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Fjárveiting til skólans hækkar um 39 069 þús. kr., þar af er 36 569 þús. kr. vegna almennra launa- og verðlagsbreytinga. Þá hækkar stofnkostnaður um 3 000 þús. kr. og verður 8 000 þús. kr. til framkvæmda við lóð skólans, m. a. til lagningar bundins slitlags. Þá eru sértekjur skólans hækkaðar um 500 þús. kr.
- 304 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Fjárveiting til skólans hækkar um 223 586 þús. kr., þar af laun um 212 860 þús. kr., kennarastöðum fjölgar um 1,5 stöðugildi eða 5 344 þús. kr. og inn er tekin fjárveiting 2 494 þús. kr. til samþykkrar stöðu skrifstofumanns. Vegna eðlilegra launahækkana hækka laun um 150 072 þús. kr. miðað við fjárlög 1978 en sú hækkun sem umfram er, 54 950 þús. kr., er vegna vanáætlaðs kennslukostnaðar í síðustu fjárlögum. Önnur rekstrargjöld hækka um 11 626 þús. kr., sem er eðlileg verðlagshækkun, og sértekjur skólans hækka um 900 þús. kr.
- 305 **Menntaskólinn við Sund.** Rekstrarfjárveiting til skólans hækkar um 156 687 þús. kr., þar af vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana 152 481 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu tveggja nýrra kennara vegna nemendafjölgunar 4 206 þús. kr. Framlag til stofnkostnaðar hækkar um 20 000 þús. kr. og verður 70 000 þús. kr. Er þar um að ræða þriðju endurgreiðslu samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg vegna húsakaupa skólans. Sértekjur eru nú áætlaðar 1 200 þús. kr. Alls hækkar því fjárveiting til skólans um 175 487 þús. kr.
- 306 **Menntaskólinn á Ísafirði.** Rekstrarfjárveiting til skólans eykst um 52 335 þús. kr., þar af eykst kennslukostnaður um 6 700 þús. kr. vegna nokkurrar nemendafjölgunar, að öðru leyti er um eðlilegar rekstrarhækkanir að ræða. Stofnkostnaður eykst um 13 000 þús. kr. og er sú fjárveiting til greiðslu útborgunar á íbúðarhúsi sem keypt verður fyrir embætti skólameistara. Þá eru sértekjur skólans lækkaðar um 400 þús. kr. Samtals hækkar því fjárveiting til skólans um 65 735 þús. kr.
- 307 **Menntaskóli á Austurlandi.** Fyrirhugað er að hefja kennslu við skólann í fimm bekkjardeildum haustið 1979. Rekstrarkostnaður skólans til áramóta 1979—1980 er áætlaður 32 066 þús. kr. Framlag til stofnkostnaðar hækkar um 57 000 þús. kr. og verður 200 000 þús. kr., sem áætlað er til að halda áfram þeim verum sem þegar hafa verið höðin út, en það er bygging heimavistarhúss og hluti mótuneytis með bráðabirgðafrágangi til kennslu. Samtals verður því fjárveiting til skólans 232 066 þús. kr.
- 308 **Menntaskólinn í Kópavogi.** Fjárveiting til skólans hækkar um 56 392 þús. kr. Launaliður hækkar um 54 229 þús. kr., þar af vegna ráðningar tveggja nýrra kennara 7 125 þús. kr. og 3 700 þús. kr. vegna aukningar kennslukostnaðar umfram verðlagshækkunir vegna nemendafjölgunar, að öðru leyti er um almennar launahækkunir að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 163 þús. kr. og er það eingöngu vegna almennra verðlagshækkana. Fjárveiting til framkvæmda er óbreytt frá fjárlögum 1978, 30 000 þús. kr., sem verja á til framhalds hönnunar og byrjunarframkvæmda við nýtt kennsluhús.
- 331 **Íþróttakennaraskóli Íslands.** Framlag til skólans hækkar um 9 533 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka um 22 533 þús. kr., þar af vegna fjölgunar nemenda 6 700 þús. kr. umfram verðlagshækkunir. Heimilað hefur verið að nýta ónotaðar fjárveitingar, sem ætlaðar voru til hönnunar nýrra bygginga við skólann, til þess m. a. að innrétta skólastofur sem staðið hafa ónotaðar í Húsmæðra-skóla Suðurlands með það fyrir augum að unnt sé að fjölga nemendum við skólann. Með þessari heimild er felld niður fjárveiting til áframhaldandi hönnunar mannvirkja við skólann 13 000 þús. kr.

- 351 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 236 250 þús. kr., þar af eru 69 000 þús. kr. vegna fjölgunar nemenda, að öðru leyti er hækkunin vegna almennra launa- og verðlagshækkana. Stofnkostnaðarfjárveiting lækkar um 36 000 þús. kr. frá fjárlögum 1978 og verður 200 000 þús. kr. Er þar um að ræða hlutdeild ríkissjóðs í lúkningu D-álmú 15 000 þús. kr., lúkningu verkstæðishúss 21 000 þús. kr., til framkvæmda við álmú E (tengiálmú) 84 000 þús. kr. og 80 000 þús. kr. er endurgreiðsla ríkissjóðs vegna þeirra framkvæmda sem Reykjavíkurborg hefur annast.
- 352 Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli. Á þessum lið kemur fram 96 881 þús. kr. hækkun sem auk verðlagshækkana skýrist af því að gert er ráð fyrir ráðningu fjögurra nýrra kennara.
- 353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja. Framlag til skólans lækkar um 129 043 þús. kr. Laun hækka um 121 198 þús. kr., þar af eru 33 000 þús. kr. umfram eðlilegar launa- og verðlagshækkanir sem er m. a. vegna ráðningar sex nýrra kennara vegna verulegrar fjölgunar nemenda í skólanum. Rekstrargjöld hækka um 3 545 þús. kr. sem er einvörðungu vegna verðlagshækkana. Viðhald lækkar um 700 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 5 000 þús. kr. og verður 40 000 þús. kr., þar af eru 35 000 þús. kr. vegna byggingar kennsluhúss og 5 000 þús. kr. til kaupa á kennslutækjum.
- 354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi. Í heild lækkar framlag til skólans um 110 832 þús. kr., þar af er launahækkun 98 200 þús. kr. sem er verulega umfram launa- og verðlagshækkanir. Hækkunin skýrist af því að gert er ráð fyrir að nemendum fjölgi milli skólaára úr liðlega 200 í 400. Hækkanir á öðrum liðum eru samtals 12 632 þús. kr. sem er innan við eðlilegar verðlagshækkanir.
- 423 Endurskoðun námsefnis á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Kostnaður eykst um 78 520 þús. kr. sem er um 19 000 þús. kr. umfram eðlilegar launa- og verðlagshækkanir og er vegna aukningar á námskráargerð og endurskoðun námsefnis á framhaldsskólastigi. Í fjárlögum 1978 er í fyrsta sinn fjárveiting til endurskoðunar námsefnis á framhaldsskólastigi.
- 514 Iðnskólinn í Reykjavík. Auk eðlilegra launahækkana, 235 510 þús. kr., verður 21 543 þús. kr. hækkun á þessum lið vegna fjölgunar kennara um 6,5 stöðugildi. Þá hækka rekstrargjöld um 1 339 þús. kr. og verða 3 780 þús. kr. Samtals lækkar því fjárveiting til skólans um 258 392 þús. kr.
- 515 Iðnskólar utan Reykjavíkur. Hækkun á þessum fjárlagalið er 227 437 þús. kr. sem er 121 760 þús. kr. umfram eðlilegar launa- og verðlagshækkanir og skýrist af því annars vegar að fleiri skólar falla nú undir þennan lið en áður, eða allir vélstjóra- og stýrimannaskólar utan Reykjavíkur auk iðnskóla, en hins vegar af nokkurri vanáætlun í fjárlögum 1978.
- 516 Iðnskólar, almennt. Fjárveiting til viðhalds lækkar um 5 000 þús. kr. frá fjárlögum 1978 og verður 15 000 þús. kr. en stofnkostnaðarframlag er óbreytt í krónutölu 63 000 þús. kr. Fjárveitinganefnd mun ákveða skiptingu stofnkostnaðar á einstakar framkvæmdir.
- 518 Fiskvinnsluskólinn. Fjárveiting til skólans lækkar um 12 605 þús. kr. Laun hækka um 9 080 þús. kr. Vegna fækkunar kennarastunda verður fækkun í kennaraliði sem nemur  $1\frac{1}{2}$  stöðu eða 4 492 þús. kr. en á móti bætist við  $\frac{1}{2}$  skrifstofumaður 1 248 þús. kr. Önnur hækkun á launalið er vegna almennra launahækkana. Aðrir gjaldaliðir hækka um 6 025 þús. kr. sem er vegna almennra verðlagshækkana. Þá eru sértekjur hækkaðar um 2 500 þús. kr. og verða 7 500 þús. kr.

- 521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Í fjárlögum 1978 var ekki áætlað fyrir launagreiðslum hjúkrunarnema, enda var að því stefnt að nemarnir féllu undir námslánakerfi Lánasjóðs isl. námsmanna. Ljóst er nú að þeir nemar er nú stunda nám við skólann munu áfram vera á launum í samræmi við þær reglur er tíðkast hafa. Af þessum sökum verður hækkun á fjárveitingu til skólans umfram verðlags-hækkanir er nemur um 130 000 þús. kr. Önnur hækkun á launum og rekstrar-gjöldum verður 74 006 þús. kr. sem er vegna almennra launa- og verðlags-hækkana. Þá hækkar viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður samtals um 500 þús. kr. Sértekjur eru hækkaðar um 3 495 þús. kr. Samtals hækkar fjárveiting til skólans um 201 011 þús. kr.
- 523 **Fósturskóli Íslands.** Hækkun á fjárveitingu til Fósturskólans er 35 194 þús. kr. Laun hækka um 33 024 þús. kr., þar af eru um 16 000 þús. kr. aukning kennslu-kostnaður er stafar af fjölgun nemenda og bekkjardeilda. Annar rekstrar-kostnaður hækkar um 2 170 þús. kr.
- 561 **Myndlista- og handíðaskólinn.** Samkvæmt lögum nr. 38/1965, um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, greiðist kostnaður af rekstri skólans sameiginlega af ríki og Reykjavíkurborg, þó þannig að ríkissjóður greiðir allan rekstrarkostnað kennaradeildar auk launa skólastjóra og fastra kennara. Í fjárlögum hefur aðeins verið tilgreind sú upphæð sem er áætlaður hluti ríkissjóðs í rekstri skólans. Þetta hefur m. a. leitt til nokkurra erfiðleika við gerð og framkvæmd greiðsluáætlunar. Sú breyting er nú gerð á framsetningu að sýndar eru brúttó-stærðir gjalda en hlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri skólans er færð til tekna til viðbótar tekjum af námskeiðsgjöldum. Samtals verða gjöld skólans 140 312 þús. kr. Sértekjur verða 48 787 þús. kr. sem er 45 937 þús. kr. framlag Reykjavíkurborgar og helmingur af námskeiðsgjöldum skólans eða 2 850 þús. kr. Framlag ríkissjóðs verður því 91 525 þús. kr.
- 609 **Héraðsskólar, almennt.** Fjárveiting til héraðsskóla almennt hækkar um 1 000 þús. kr. Framlag til viðhalds hækkar um 14 000 þús. kr. og verður 48 000 þús. kr., en stofnkostnaðarframlag lækkar um 13 000 þús. kr. og verður 169 000 þús. kr. Lækkun sem verður á stofnkostnaði skýrist af því að lokið er að mestu kostnaðarsömum framkvæmdum sem unnið hefur verið að á síðustu árum. Fjárveitinganefnd mun ákveða skiptingu stofnkostnaðar á einstakar framkvæmdir.
- 700—780 **Grunnskólar, rekstur.** Heildarkostnaður við rekstur grunnskóla hækkar um 4 474 621 þús. kr. Launaliðurinn hækkar um 4 218 621 þús. kr. frá fjárlögum 1978. Í þessari hækkun er meðtalin færsla nokkurra sérskóla af stofnunum afbrigðilegra barna, yfirvinnuþóknun til skólastjóra og greiðslur fyrir forfallakennslu, samtals 229 000 þús. kr., sem flutt er af liðnum grunnskólar, almennt. Bein hækkun launaliðar er því 3 989 621 þús. kr. Hafa þá kennslulaun í grunnskólum verið lækkuð sérstaklega um 150 000 þús. kr. sem ætlast er til að náist sem sparnaður með skerðingu reglugerðaheimilda um hámarkskenntustundir á viku skólaárið 1979/1980. Önnur rekstrargjöld hækka um 248 591 þús. kr. Yfirfærslur til sveitarfélaga — framlög til fræðsluskrifstofa — hækka um 7 399 þús. kr. en framlag til húsnæðisakaupa fyrir fræðsluskrifstofu á Austurlandi, 4 000 þús. kr. í fjárlögum 1978, fellur niður. Rekstrarfjárveiting til fræðsluskrifstofanna hækkar því í raun um 11 399 þús. kr.
- 791 **Grunnskólar, almennt.** Á liðnum kemur fram 54 726 þús. kr. lækkun vegna færslu yfirvinnuþóknunar skólastjóra og greiðslna vegna forfallakennslu á rekstur grunnskóla. Hækkun annarra liða verður 82 118 þús. kr. og kemur sú hækkun fram sem hér segir: Laun kennara í orlofi 39 274 þús. kr., kostnaður við stjórnskipaða prófdómara 16 227 þús. kr., til umferðarfræðslu í skólum 2 302 þús. kr. og til framkvæmdar sundskyldu í skólum 24 315 þús. kr.

- 792 **Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.** Þessi framlög hækka um 250 000 þús. kr. og verða samtals 1 626 000 þús. kr. Eins og venja hefur verið mun fjárveitinganefnd ákveða skiptingu þess fjár á einstakar framkvæmdir.
- 793 **Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn.** Framlagið verður óbreytt frá fjárlögum 1978 60 000 þús. kr., en um skiptingu þessarar fjárveitingar á einstakar framkvæmdir fer eftir ákvörðun fjárveitinganefndar.
- 798 **Stofnanir afbrigðilegra barna.** Hækkun á þessum lið verður 169 867 þús. kr. sem er verðlagshækkun, eftir að rekstur nokkurra sérdeilda hefur verið fluttur á rekstur grunnskóla.
- 803 **Dagvistarheimili, stofnkostnaður.** Framlag til byggingar dagvistarheimila hækkar um 50 000 þús. kr. og verður 230 000 þús. kr. Um skiptingu þessa framlags á einstakar framkvæmdir fer eftir ákvörðun fjárveitinganefndar.
- 872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Framlag hækkar um 826 726 þús. kr. og verður 2 234 861 þús. kr. Er þetta framlag að viðbættri lántökuheimild að upphæð 400 000 þús. kr. við það miðað að lánsflutfall sjóðsins verði 85% af umframfjárförf.
- 881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Hækkun á þessum lið er 12 100 þús. kr. og kemur þannig fram: Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum hækkar um 2 100 þús. kr., framlag til hjónagarða, sem var 15 000 þús. kr. í fjárlögum 1978, fellur niður en nýtt viðfangsefni er viðhald stúdentagarðanna 25 000 þús. kr.
- 976 **Menningsarsjóður.** Lækkun á þessum lið, 4 000 þús. kr., stafar af áætlaðri lækkun miðagjalds er rennur í sjóðinn. Miðagjald er áætlað 26 000 þús. kr. á næsta ári.
- 977 **Byggingarsjóður þjóðarbókhöllu.** Byggingarframlagið, sem fjármagnað verður með lántöku, lækkar um 20 000 þús. kr. frá fjárlögum 1978 og verður 200 000 þús. kr.
- 982 **Listir, framlög.** Hækkun á þessum lið er 74 827 þús. kr. og kemur fram á eftirfarandi viðfangsefnum: Launasjóður rithöfunda hækkar um 30 121 þús. kr., Rithöfundasjóður Íslands hækkar um 6 549 þús. kr. og starfslaun listamanna hækka um 4 157 þús. kr. Styrkur til innlendra kvikmyndagerðar, sem var í fjárlögum 1978 1 000 þús. kr., fellur niður en á móti koma ný viðfangsefni samkvæmt lögum nr. 14/1978, um Kvikmyndasafn Íslands og kvikmyndasjóð. Framlög til kvikmyndasafnsins eru 5 000 þús. kr. og til kvikmyndasjóðs 30 000 þús. kr. Önnur framlög á þessum lið eru óbreytt í krónutölu frá fjárlögum 1978.
- 983 **Ýmis visindaleg starfsemi.** Lækkun á þessum lið, 5 300 þús. kr., skýrist af því að lokið er framlengdri tveggja ára áætlun um sérstakar rannsóknir við Kröflu en fjárveiting til þeirra var 6 000 þús. kr. í fjárlögum 1978. Ný viðfangsefni á þessum lið eru Íslensk málnefnd 250 þús. kr., Íslenska stærðfræðifélagið 200 þús. kr. og Hið íslenska náttúrufræðifélag 250 þús. kr., en þau eru flutt að fjárlagalið „02 999 Ýmislegt“.
- 984 **Norræn samvinna.** Liður þessi hækkar um 4 450 þús. kr. Hækkun á hluta Íslands í norrænu menningarfjárlögunum nemur 3 604 þús. kr., annað framlag Íslands til byggingar norræns húss í Þórshöfn verður 1 830 þús. kr. og er það 1 251 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1978. Framlög til viðfangsefnanna norræna vatnafræðifélagið 100 þús. kr. og norræna tölfræðistofnunin 305 þús. kr. falla niður. Önnur framlög á þessum lið eru óbreytt frá fjárlögum 1978.

- 985 Félagsheimilaskjöldur. Hlutur sjóðsins af áæluðum skemmtanaskatti að frádreginni 10% lækkun er ætlaður 166 500 þús. kr. sem er 31 500 þús. kr. lækkun frá fjárlögum 1978.
- 991 Húsfriðunarsjóður Framlag til sjóðsins hækkar um 5 120 þús. kr. og verður 12 291 þús. kr. en lögum samkvæmt miðast framlagið við ákveðna fjárhæð á hvern íbúa og breytist í samræmi við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar.
- 999 Ýmislegt. Lækkun á þessum lið er 2 150 þús. kr. sem skýrist þannig, að niður fellur 2 100 þús. kr. framlag til byggingar sögualdarbæjar í Þjórárdal, framlög til Íslenskrar málnefndar, til Íslenska stærðfræðifélagsins og Hins íslenska náttúrufræðifélags samtals 650 þús. kr., eru flutt á fjárlagaliðinn „02 983 Ýmis vísindaleg starfsemi“. Þá er tekið upp nýtt viðfangsefni, íslenska brúðuleikhúsið, með 600 þús. kr. framlagi. Önnur framlög eru óbreytt frá fjárlögum 1978.

### 03 Utanríkisráðuneytið

- 101 Aðalskrifstofa. Kostnaður eykst um 105 083 þús. kr., þar af við yfirstjórn ráðuneytisins 86 673 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana. Framlög til einstakra verkefna utan yfirstjórnar breytast sem hér segir: Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum eykst um 11 800 þús. kr. og verður 36 300 þús. kr., til upplýsinga- og kynningarstarfsemi er varið 17 160 þús. kr. sem er lækkun um 5 160 þús. kr., lækkun vegna markaðsmála nemur 6 050 þús. kr. og framlag til kjöræðismanna hækkar um 300 þús. kr. Áætlaður kostnaður vegna samninga við erlend ríki lækkar hins vegar um 4 900 þús. kr. sem skýrist af því að kostnaður vegna samninga um landhelgismálið var áætlaður undir þessu viðfangsefni.
- 201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli. Gjöld hækka um 212 995 þús. kr. Launaliður hækkar um 184 879 þús. kr. sem er um 18 900 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Skýringin er annars vegar að nokkru meira launaflokkaskrið varð meðal löggæslumanna miðað við aðra starfshópa í síðustu kjarasamningum og hins vegar vegna samningsbundinna álagsgreiðslna sem ekki var áætlað fyrir í fjárlögum 1978. Önnur rekstrargjöld hækka um 21 806 þús. kr. sem er innan við eðlilegar verðlagshækkanir. Viðhald og stofnkostnaður hækkar samtals um 6 310 þús. kr. og verður 12 315 þús. kr. og er þessi lækkun m. a. til lagningar hitaveitu í húsnæði embættisins. Að öðru leyti er um eðlilegar hækkanir á þessum liðum að ræða. Þá eru sértekjur embættisins hækkaðar um 8 500 þús. kr.
- 301—313 Sendiráðin. Heildarkostnaður við sendiráðin eykst um 383 819 þús. kr. Launaliður hækkar um 201 955 þús. kr. Grunnkaupshækkanir flutningsskyldra starfsmanna eru 6 250 þús. kr. en að öðru leyti stafar launahækkunin af gengisbreytingum. Önnur rekstrargjöld hækka um 158 187 þús. kr., nær eingöngu gengisáhrif, en þar af eru 38 987 þús. kr. fært á sérstakan fjárlagalið, sendiráð almenn, vegna ýmissa óvissupáttanna sem eru í sérstakri athugun. Gert er ráð fyrir að úr þessum atriðum verði skorið áður en frumvarpið verður endanlega afgreitt. Viðhaldsliður hækkar um 10 517 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 13 160 þús. kr.
- 399 Ýmis utanríkismál. Sú 400 þús. kr. lækkun sem fram kemur á þessum fjárlagalið er vegna aukins framlags til Félags Sameinuðu þjóðanna.
- 401 Alþjóðastofnanir. Hækkun framlaga til alþjóðastofnana er 73 919 þús. kr. Er þá tekið tillit til að stofnfjárframlag til Alþjóðabankans fellur niður en það

var 90 000 þús. kr. í fjárlögum 1978. Yfirgnæfandi flest framlögin eru bundin í dollurum og er hækkunin því fyrst og fremst vegna áhrifa gengisbreytinga. Ný framlög eru til Neyðarhjálpastofnunar S. þ. 260 þús. kr., til Kvennaáratugarsjóðs S. þ. 520 þús. kr. og til alþjóðaárs barnsins 650 þús. kr.

#### 04 Landbúnaðarráðuneytið

- 101 Aðalskrifstofa. Auk eðlilegra launa- og verðlagshækkana, 29 507 þús. kr., er sérstök fjárveiting, 7 500 þús. kr., til athugunar á skipulagsmálum og til stefnumörkunar í landbúnaði. Heildarhækkun er því 37 007 þús. kr.
- 171 Jarðeignir ríkisins. Framlög óbreytt í krónum talið frá fjárlögum 1978, 41 650 þús. kr.
- 172 Jarðasjóður. Lögbundið framlag til Jarðasjóðs er skert um 10% eða 1 200 þús. kr. og verður 10 800 þús. kr.
- 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Framlag hækkar um 148 405 þús. kr., þar af hækkar launaliður um 80 449 þús. kr. vegna eðlilegra launahækkana. Rekstrargjöld, viðhald og stofnkostnaður hækka um 54 852 þús. kr., þar af hækka verðbætur á landgræðsluáætlun um 19 022 þús. kr. og nýtt viðfangsefni — sérstök þróunarverkefni — nemur 5 500 þús. kr. Þá hækka sértekjur stofnunarinnar um 2 000 þús. kr. og verða 13 000 þús. kr. Framlög til tilraunastöðvanna hækka um 15 104 þús. kr. og verða 122 379 þús. kr. Er skipting þeirra sem hér segir í þús. kr.:

|                      |        |
|----------------------|--------|
| Hestur .....         | 25 163 |
| Reykhólar .....      | 12 998 |
| Möðruvellir .....    | 39 243 |
| Skriðuklaustur ..... | 28 513 |
| Sámsstaðir .....     | 16 462 |

Samtals 122 379

Af fjárveitingunni til Hestbúsins fara 3 000 þús. kr. til tækjakaupa en 22 163 þús. kr. er rekstrarfjárveiting. Á Reykhólum eru 11 248 þús. kr. af framlaginu vegna rekstrar en til fjárfestingar í tækjakaupum eru áætlaðar 1 750 þús. kr. Heildarfjárfesting á Möðruvöllum verður 17 250 þús. kr., þar af til framhalds fjósbyggingar 10 000 þús. kr. og 7 250 þús. kr. til tækjakaupa en að öðru leyti er um rekstrarfjárveitingu að ræða. Af framlagi til Skriðuklausturs fara 23 113 þús. kr. til rekstrar en fjárfesting verður 5 400 þús. kr. til kaupa á dráttarvél, til lokagreiðslu vegna bifreiðakaupa auk minni háttar tækjakaupa. Á Sámsstöðum er ráðgert að verja fjárfestingarframlaginu, 4 700 þús. kr., til kaupa á dráttarvél, sláttuþyrlu og sláttuvél.

- 231 Skógrækt ríkisins. Framlag hækkar um 101 972 þús. kr., þar af verðtrygging landgræðsluáætlunar 37 136 þús. kr., sérstök fjárveiting 600 þús. kr. er til að safna borsýnum úr trjám og mæla áhringi en að öðru leyti er hækkun rekstrar-kostnaðar í samræmi við eðlilegar launa- og verðlagshækkannir. Með hliðsjón af reikningstölum 1977 eru tekjur stofnunarinnar áætlaðar 55 000 þús. kr. sem er 30 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1978.
- 235 Landgræðsla ríkisins. Hækkun á framlagi til landgræðslunnar er 227 089 þús. kr., þar af verðtrygging landgræðsluáætlunar 173 794 þús. kr., launa- og verðlags-hækkannir 63 292 þús. kr. og stofnkostnaðaraukning utan landgræðsluáætlunar 25 003 þús. kr. Sú hækkun skýrist af auknu framlagi til byggingar starfs-mannahúss sem verður 42 000 þús. kr. Með hliðsjón af reikningstölum 1977

- eru sértekjur stofnunarinnar áætlaðar 60 000 þús. kr. sem er 35 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1978. Tekin er nú upp í fyrsta sinn viðfangsefnaskipting á þessum fjárlagalið og er skipting fjárveitingarinnar, sem er 715 233 þús. kr., á einstök viðfangsefni sem hér segir: Yfirstjórn 54 748 þús. kr., almenn landgræðsla 38 463 þús. kr., landgræðsluverðir 11 633 þús. kr., rekstur flugvéla 35 730 þús. kr., búrekstur 22 314 þús. kr. og landgræðsluáætlun 552 335 þús. kr.
- 241 **Landnám ríkisins.** Fram kemur lækkun á þessum lið 38 818 þús. kr. sem skýrist af því að niður er fellt framlag til grænfóðurverksmiðja sem er 47 848 þús. kr. í fjárlögum 1978. Ennfremur fellur niður framlag til Inn-Djúpsáætlunar 7 000 þús. kr. en þeirri áætlun er lokið. Framlög til byggingar íbúðarhúsa hækka um 5 000 þús. kr. og til skipulagningar um 1 500 þús. kr. Rekstrarfjárveiting hækkar um 9 530 þús. kr. sem er vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana.
- 271 **Landgræðslusjóður.** Framlag til sjóðsins er óbreytt frá fjárlögum 1978 19 380 þús. kr. Er hér um að ræða hluta vindlingagjalds er rennur í sjóðinn.
- 272 **Einangrunarstöð holdanauta.** Framlagið lækkar um 1 106 þús. kr. frá fjárlögum 1978, enda er að mestu lokið uppbyggingu stöðvarinnar og fjárfestingarframlag, sem var 6 900 þús. kr., fellur niður.
- 286 **Landbúnaður, framlög.** Á þessum lið kemur fram 4 500 þús. kr. lækkun, sem er 10% skerðing á framlögum, annars vegar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins 3 400 þús. kr. og hins vegar Veðdeildar Búnaðarbankans 1 100 þús. kr. Önnur framlög eru óbreytt.
- 287 **Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Framlagið, sem er lögbundið, hækkar um 152 800 þús. kr. og verður 643 500 þús. kr. en hefur þá verið skert um 10%.
- 288 **Jarðræktarframlög.** Framlag til jarðræktarframlaga hækkar um 233 304 þús. kr. og skiptist hækkunin þannig: Laun héraðsráðunauta og ferðakostnaður þeirra, hvort tveggja lögbundnar greiðslur úr ríkissjóði, hækkar um 43 304 þús. kr. sem eru eðlilegar launa- og verðlagshækkunarir. Jarðræktarframlögin eru áætluð 990 000 þús. kr. og hækka um 190 000 þús. kr. frá fjárlögum 1978. Skiptist hækkunin sem hér segir: Plógræsi 5 000 þús. kr., önnur jarðrækt 109 000 þús. kr. og byggingarframkvæmdir 89 000 þús. kr. en framlag til vatnsveitna lækkar um 13 000 þús. kr.
- 289 **Framræsla.** Framræsluframlögin hækka um 85 000 þús. kr. og verða 260 000 þús. kr., þar af er flýttigreiðsla 45 000 þús. kr.
- 290 **Útflutningsuppbætur.** Gert er ráð fyrir samtals 5 337 000 þús. kr. útgjöldum vegna útflutningsuppbóta, þar af 537 000 þús. kr. sem áætlað er að þær fari fram úr fjárlagatölu 1978 og greiðist af fjárveitingu næsta árs. Þá felur fjárveitingin í sér 300 000 þús. kr. vegna verðjöfnunargjalds bænda (1 000 þús. kr. greiðast árið 1978) og 4 500 þús. kr. eru áætlaðar útflutningsuppbætur vegna framleiðsluársins 1978/79. Er það byggt á áætlun Hagstofu Íslands frá s. l. sumri en reynist sú áætlun of lág, þrátt fyrir mikla aukningu niðurgreiðslna innanlands og gengisfellingu, er gert ráð fyrir að það sem á kynni að vanta verði tekið á fjárlög 1980, á sama hátt og nú er gert.
- 299 **Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála.** Lækkun sem fram kemur á þessum lið, 25 910 þús. kr., skýrist af því að niður er felld fjárveiting til Laxastiga í Laxá S-Þing. sem er 40 000 þús. kr. í fjárlögum. Verðbætur á landgræðsluáætlun hækka um 14 090 þús. kr. en önnur framlög eru óbreytt.
- 501 **Bændaskólinn á Hvanneyri.** Síðustu ár hefur verið nokkurt ósamræmi á milli niðurstöðu rekstrarreiknings skólans og fjárlaga, bæði hvað snertir útgjöld og

tekjur. Þetta er nú reynt að lagfæra sem leiðir til þess að hlutfallsleg aukning útgjalda og sértekna er nokkru hærrí en verðlagshækkunir segja til um. Framlag til stofnunarinnar hækkar um 109 164 þús. kr. og skiptist þannig: Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 99 914 þús. kr. sem er 20 391 þús. kr. umfram eðlilegar verðlags- og launahækkunir og er skýringuna að finna hér að framan. Viðhald hækkar um 5 600 þús. kr. og verður 17 000 þús. kr. Þá eru sértekjur skólans hækkaðar um 32 190 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag hækkar um 3 650 þús. kr. og er hækkunin öll vegna véla- og verkfæraakaupa. Skipting stofnkostnaðar, sem verður 66 500 þús. kr., skiptist þannig í þús. kr.

|                                      |        |
|--------------------------------------|--------|
| Lúkning starfsmannaálmú .....        | 30 000 |
| Endurbætur á skólastjórabústað ..... | 15 000 |
| Lóðir og lagnir .....                | 3 000  |
| Brunævarnir .....                    | 2 500  |
| Tækjakaup .....                      | 9 500  |
| Ósundurliðað .....                   | 6 500  |

Samtals 66 500

- 502 **Bændaskólinn á Hólum.** Hækkun á framlagi til skólans er 28 080 þús. kr. Laun og rekstrargjöld hækka um 34 830 þús. kr. sem eru eðlilegar launa- og verðlagshækkunir. Stofnkostnaðarframlag verður 18 350 þús. kr. og hækkar um 250 þús. kr. frá fjárlögum 1978. Þar af fara 17 100 þús. kr. til að halda áfram framkvæmdum við byggingu hesthúss og til lagningar hitaveitu en 1 250 þús. kr. eru ætlaðar til tækjakaupa. Þá eru sértekjur skólans hækkaðar um 7 000 þús. kr.
- 503 **Garðyrkjuskólinn á Reykjum.** Fram kemur 44 593 þús. kr. hækkun á þessum lið, þar af er hækkun rekstrarkostnaðar og viðhalds 37 523 þús. kr. Er það 3 000 þús. kr. umfram eðlilegar launa- og verðlagshækkunir og er sérstök fjárveiting til að skera úr um arðsemi ylræktar í stórum stíl. Áætlað er að sértekjur skólans hækki um 5 300 þús. kr. og verði 11 300 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag hækkar um 12 370 þús. kr. og verður 35 370 þús. kr. sem varið verður til að halda áfram þeim framkvæmdum sem nú er unnið að, þ. e. heimavistarálmú og anddyri.

#### 05 Sjávarútvegsráðuneytið

- 101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun nemur 41 492 þús. kr., þar af ráðning aðstoðarmanns ráðherra 3 347 þús. kr. en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar hækkunir.
- 203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Af heildarhækkun fjárveitingarinnar, 81 139 þús. kr., eru 5 008 þús. kr. vegna ráðningar útibússtjóra að útibúi stofnunarinnar á Akureyri. Aðrar hækkunir eru í samræmi við launa- og verðlagshækkunir.
- 215 **Framleiðslueftirlit sjávarafurða.** Niðurstaða reikninga stofnunarinnar, a. m. k. tveggja síðustu ára, leiða í ljós að rekstrarkostnaður hefur verið mun hærrí en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þess vegna var nú við ákvörðun fjárveitingar til Framleiðslueftirlitsins höfð hliðsjón af reikningstölum fyrir árið 1977 og fjárveitingin hækkuð frá fjárlagatölu 1978 um 28 000 þús. kr. umfram eðlilegar launa- og verðlagshækkunir. Fjárveitingin verður í heild 430 415 þús. kr. sem er 184 342 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1978.
- 274 **Aflatryggingasjóður.** Mótfamlag ríkissjóðs til almennu deildar sjóðsins hækkar um 205 800 þús. kr. og verður 480 300 þús. kr. Fast framlag til togaradeildar, sem verið hefur 2 500 þús. kr. samkvæmt lögum nr. 77/1962, fellur nú niður.
- 275 **Fiskveiðasjóður.** Framlag til Fiskveiðasjóðs, sem verið hefur á fjárlagalið „Ýmislegt á sviði sjávarútvegs“, er nú sérstakur fjárlagaliður. Hækkun á framlag-



inu er 472 500 þús. kr. og verður 1 275 500 þús. kr. Skerðing um 10% á sér stað frá ákvæðum laga nr. 5/1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, í samræmi við meginforsendur frumvarpsins.

- 299 Ýmislegt á sviði sjávarútvegs. Fram kemur lækkun á þessum lið sem nemur 770 539 þús. kr. og vegur þar þyngst, eins og áður er frá greint, að framlag til Fiskveiðasjóðs, 803 000 þús. kr. í fjárlögum 1978, er fært á sérstakan fjárlagalið. Hækkun annarra framlaga er því 32 461 þús. kr. og skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Rekstrarkostnaður veiðieftirlits 26 253 þús. kr., verðuppbætur á línufisk 20 000 þús. kr., eftirlit með hvalvinnslustöðvum 108 þús. kr., en framlag til Vátryggingasjóðs fiskiskipa lækkar um 13 900 þús. kr. og verður 136 100 þús. kr. Er það lokagreiðsla á halla Vátryggingasjóðs eftir „eldra kerfi“ samkvæmt ríkisstjórnarákvörðun frá árinu 1976.

#### 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

- 101 Aðalskrifstofa. Kostnaður eykst um 47 397 þús. kr., þar af 2 000 þús. kr. vegna nýskipaðrar náðanefndar og 2 215 þús. kr. vegna ráðningar aðstoðarmanns ráðherra. Með hliðsjón af reikningstölum 1977 verður nokkur aukning á yfirvinnu, eða um 5 500 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkunarir, eða samtals 37 682 þús. kr.
- 201 Hæstiréttur. Hækkun á þessum lið verður 27 563 þús. kr. frá fjárlögum 1978. Laun hækka um 8 168 þús. kr., eingöngu vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 14 195 þús. kr., sem er 6 500 þús. kr. umfram verðlagshækkunarir og er það vegna útgáfu dómasafns ásamt registrum. Þá hækkar viðhald um 4 100 þús. kr. og verður 5 000 þús. kr. vegna viðgerða á dómhúsi Hæstaréttar og endurbóta á húsnæði dómsins. Stofnkostnaður hækkar um 1 600 þús. kr. og verður 2 000 þús. kr. varið til endurnýjunar á skrifstofubúnaði og til bókakaupa. Sértekjur hækka um 500 þús. kr.
- 206 Lögreglustjórnin í Reykjavík. Kostnaður við lögreglustjóraembættið eykst um 750 227 þús. kr. og verður 2 021 531 þús. kr. Útgjaldahækkunin skýrist þannig: Launagjöld hækka alls um 693 223 þús. kr. sem eru eðlilegar launahækkunarir. Hækkun annarra rekstrarliða er 116 668 þús. kr. og gjaldfærðs stofnkostnaður 5 396 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður alls 35 650 þús. kr. en þar af verður varið 15 000 þús. kr. til áframhalds undirbúningi framkvæmda við lögreglustöð í Breiðholti. Eigin tekjur embættisins hækka um 65 060 þús. kr. og verða 75 128 þús. kr.
- 207 Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík. Framlag lækkar um 7 220 þús. kr. og verður 2 280 þús. kr. Er það til að ljúka frágangi á þaki og til greiðslu uppsetningar á lyftu.
- 208 Rannsóknarlögregla ríkisins. Auk eðlilegra launa- og verðlagshækkana, 134 415 þús. kr., er gert ráð fyrir ráðningu skrifstofumanns, 2 793 þús. kr., og enn fremur stöðum þriggja rannsóknarlögreglumanna, 8 332 þús. kr., sem samþykktar hafa verið af fjárveitinganefnd. Er heildarhækkun þannig 145 540 þús. kr.
- 211—237 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Heildarhækkun framlaga er 1 154 405 þús. kr. frá fjárlögum 1978 eða 59,5% og verður heildarkostnaður 3 092 978 þús. kr. Launaliður verður 2 414 585 þús. kr. sem er hækkun um 970 599 þús. kr. Í fjárlögum 1978 var sérstakur fjárlagaliður „Dóm- og löggæsla“ til þess að mæta kostnaði við ráðningu nýrra starfsmanna á sviði dóm- og löggæslu. Fjárveitinganefnd hefur skipt þessari fjárveitingu og ákveðið eftirfarandi nýjar stöður (fjárhæðir í þús. kr.):

|   |        |
|---|--------|
| Akranes, lögreglumaður . . . . .        | 2 793  |
| Sauðárkrókur, lögreglumaður . . . . .   | 2 712  |
| Selfoss, lögreglumaður . . . . .        | 2 712  |
| Keflavík, lögreglumaður . . . . .       | 2 712  |
| Kópavogur, löglærður fulltrúi . . . . . | 3 815  |
| Samtals                                 | 14 744 |

Þá hefur Ráðninganefnd samþykkt stöður innheimtustjóra á Akureyri, 3 886 þús. kr., og ½ stöðu bókara á Hvolsvelli, 1 669 þús. kr. Þá er sérstök fjárveiting á fjárlagalið „06 211 Embætti sýslumanna- og bæjarfógeta“ 6 694 þús. kr., sem ætluð er til lausráðningar starfsmanns er hefði það verkefni að vinna að bættu skipulagi og auknu aðhaldi við sýslumannsembætti. Ákveðið hefur verið að setja yfirvinnu takmörk hjá sýslumanns- og bæjarfógetaembættum og hefur áætlun um yfirvinnulaun verið lækkuð um 125 000 þús. kr. miðað við eðlilegar launahækkunar. Aðrir rekstrarliðir en laun hækka um 168 792 þús. kr. og verða 546 301 þús. kr. Hækkunin er nokkuð innan við eðlilegar verðlagshækkunar. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 22 926 þús. kr. og verður 161 762 þús. kr. Helstu framkvæmdaframlög eru til Borgarness 35 000 þús. kr. til að halda áfram framkvæmdum við byggingu nýrrar lögreglustöðvar og sýsluskristofu, til Stykkishólms 6 500 þús. kr. til útborgunar á kaupverði á íbúðarhúsi sem keypt var til afnota fyrir sýslumann, á Grundarfirði verður 1 500 þús. kr. varið til að lagfæra húsnæði lögreglu, til byggingar lögreglustöðvar á Bolungavík 13 500 þús. kr., bygging skrifstofuhúss á Eskifirði 30 000 þús. kr., 2 000 þús. kr. eru ætlaðar til breytinga á fangahúsi í Vestmannaeyjum, stofnkostnaður í Keflavík verður 43 300 þús. kr., þar af 35 100 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar. Þá eru ýmsar smærri framkvæmdir, samtals 29 962 þús. kr. Sértekjur embættanna hækka um 7 912 þús. kr. og verða alls 29 700 þús. kr.

- 241 **Hegningarhús.** Framlag til Hegningarhúss verður 75 067 þús. kr. og er það hækkun um 29 791 þús. kr. sem skýrist þannig: Laun hækka um 23 006 þús. kr., þar af 2 000 þús. kr. vegna aukinnar yfirvinnu, en að öðru leyti er um að ræða almennar launahækkunar. Þá hækka önnur rekstrargjöld um 6 785 þús. kr., þar af eru 2 100 þús. kr. vegna breytinga á skipan mótuneytis fanga. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður verður óbreytt frá fyrra ári.
- 242 **Vinnuhælið á Litla-Hrauni.** Framlag hækkar um 111 979 þús. kr. sem skiptist þannig: Laun hækka um 95 754 þús. kr., þar af eru 25 000 þús. kr. vegna aukinnar yfirvinnu- og álagsgreiðslna sem er til komin vegna nauðsynjar á aukinni gæslu. Þá hækkar læknskostnaður um 1 200 þús. kr. Rekstrargjöld hækka um 28 025 þús. kr., viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður samtals um 2 700 þús. kr. Á móti þessum hækkunum koma hækkaðar sértekjur um 14 500 þús. kr.
- 251 **Landhelgisgæslan.** Heildarkostnaður er áætlaður 2 725 870 þús. kr. eða hækkun um 837 279 þús. kr. Miðast áætlunin við óbreytt umfang starfseminnar.
- 252 **Bifreiðaeftirlit.** Kostnaður við starfsemi bifreiðaeftirlits er áætlaður 428 073 þús. kr. án tillits til eigin tekna stofnunarinnar. Útgjöld aukast því um 177 005 þús. kr. eða 70,5%, þar af laun 121 656 þús. kr., rekstrargjöld, 44 359 þús. kr., viðhald 1 720 þús. kr. og stofnkostnaður 9 270 þús. kr. Í þessu frumvarpi er annars vegar fylgt markaðri stefnu frá 1977 um fjármögnun starfseminnar og hins vegar að sértekjur stofnunarinnar og innheimt gjöld af bifreiðaeigendum í ríkissjóð jafngildi kostnaði við starfsemi bifreiðaeftirlitsins. Tekjur og gjöld eru sýnd í eftirfarandi yfirliti:

| Gjaldahlið:                    |         | Tekjuhlið:                      |         |
|--------------------------------|---------|---------------------------------|---------|
| Laun .....                     | 282 215 | Skráningargjald .....           | 250 000 |
| Önnur rekstrargjöld .....      | 116 868 | Skoðunargjald .....             | 80 000  |
| Viðhald .....                  | 4 720   | Prófgjald bifreiðarstjóra ..... | 27 252  |
| Gjaldfærður stofnkostnaður ... | 24 270  | Sértekjur stofnunar .....       | 70 821  |
|                                | <hr/>   |                                 | <hr/>   |
| Samtals                        | 428 073 |                                 | 428 073 |

Þess skal getið að gjöld vegna skráningar, skoðunar og prófa bifreiðarstjóra eru innheimt í rikissjóð.

- 254 **Sjómælingar og sjókortagerð.** Framlag til stofnunarinnar verður 75 762 þús. kr. og er hækkun milli ára 28 866 þús. kr. Laun, önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 33 566 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra launa- og verðlagshækkana. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 1 700 þús. kr. og verður 4 300 þús. kr. Þessi lækkun er vegna þess að veittar voru 6 000 þús. kr. á fjárlögum fyrir árið 1978 til kaupa á staðsetningartæki og verður fjárveitingin núna lokagreiðsla á tækinu. Þá hækka sértekjur stofnunarinnar um 3 000 þús. kr.
- 281 **Dómsmál, ýmis kostnaður.** Hækkun á þessum lið er 42 094 þús. kr. sem skiptist þannig: Málskostnaður 27 309 þús. kr., útgáfa lagasafns — nýtt viðfangsefni — 755 þús. kr., meðdómsmenn 4 646 þús. kr., setu- og varadómarar 3 888 þús. kr. og aðrir liðir 5 496 þús. kr.
- 282 **Ýmis löggæslukostnaður.** Framlag hækkar um 33 506 þús. kr., þar af héraðslögregla 6 339 þús. kr., til kaupa á lögreglubifreiðum 16 000 þús. kr. og ýmis löggæslukostnaður 11 167 þús. kr.
- 283 **Fangamál, ýmis kostnaður.** Hækkun á þessum lið er 14 390 þús. kr. og skiptist þannig: Fangahjálp 2 400 þús. kr. sem er styrkur til Verndar til húsakaupa, sjúkrakostnaður refsifanga 10 200 þús. kr., námskeið fangavarða 498 þús. kr. og geðlækninga- og sálfræðipjónusta við refsifanga 1 292 þús. kr. Framlag til byggingar rikisfangelsa og vinnuhæla er óbreytt frá fjárlögum 1978, 100 000 þús. kr.
- 301 **Þjóðkirkjan.** Framlag til Þjóðkirkjunnar hækkar samtals um 309 888 þús. kr., þar af er launahækkun 248 634 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra launahækkana. Þá hækka önnur rekstrargjöld um 45 904 þús. kr., þar af er 3 500 þús. kr. hækkun til presta og prófaste sem er vegna sammingsbundinna greiðslna svo sem aksturssamninga, dvalarkostnaðar og embættisferða innan prófastsdæmis. Viðhald hækkar um 17 900 þús. kr. og verður 51 600 þús. kr. sem skiptist þannig: Viðhald embættisbústaða 50 000 þús. kr., yfirstjórn 1 000 þús. kr. og biskupsbústaður 600 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 38 900 þús. kr. sem er 900 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1978. Upp í þessar hækkanir koma nú sértekjur af æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar 7 000 þús. kr. Þá hækka framlög til einstaklinga og samtaka um 3 550 þús. kr. Framlög til viðfangsefna sem hækka mest frá fjárlögum 1978 eru þessi: Yfirstjórn hækkar um 13 332 þús. kr. vegna launa- og verðlagshækkana, þá hækkar viðfangsefnið prestar og prófastar um 266 798 þús. kr. sem er eingöngu vegna umsaminna taxtahækkana. Önnur viðfangsefni hækka samtals um 29 758 þús. kr.
- 371 **Kirkjubyggingasjóður.** Framlag lækkar um 1 500 þús. kr. og verður alls 13 500 þús. kr. sem er almenn 10% skerðing á framlögum til fjárfestingarsjóða.

## 07 Félagsmálaráðuneytið

- 101 Félagsmálaráðuneytið, aðalskrifstofa. Útgjöld vegna skrifstofunnar nema alls 67 274 þús. kr. og er það 31 297 þús. kr. aukning frá fjárlögum. Launaútgjöld aukast um 25 500 þús. kr., að hluta vegna hálftrar stöðu aðstoðarmanns ráðherra og að hluta vegna hækkunar á öðrum launum í samræmi við reikningsniðurstöður auk eðlilegra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 5 597 þús. kr. vegna verðlagsbreytinga og viðhald um 200 þús. kr.
- 271 Húsnæðismálastofnun ríkisins. Hækkun framlaga til stofnunarinnar nemur samtals 1 351 700 þús. kr. eða 28,2% og verða þau alls 6 140 700 þús. kr. Í samræmi við forsendur frumvarpsins eru eftirtaldir tekjustofnar stofnunarinnar skertir um 10%. Framlag skv. lögum nr. 30/1970 lækkar um 7 500 þús. kr. og verður 67 500 þús. kr., framlag til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis lækkar um 1 800 þús. kr. og verður 16 200 þús. kr., launaskattur lækkar þrátt fyrir skerðingu um 1 237 000 þús. kr. eða 28,5% og verður alls 5 580 000 þús. kr. og byggingarsjóðsgjöld af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum hækka um 124 000 þús. kr. eða 35,1% og verða alls 477 000 þús. kr.
- 272 Byggingarsjóður verkamanna. Framlag lækkar um 3 000 þús. kr. og verður 297 000 þús. kr. Lækkunin er í samræmi við forsendur frumvarpsins um lækkun framlaga til fjárfestingarsjóða.
- 301 Skipulagsstjóri. Hækkun útgjalda nemur 58 000 þús. kr. vegna eðlilegra launa og verðlagsbreytinga en eins og áður eru útgjöld embættisins áætluð jöfn lögbundnum framlögum. Samkvæmt lögum nr. 42/1974 er skylt að greiða árlega úr ríkissjóði til framkvæmda skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs. Auk þess rennur til embættisins skipulagsgjald sem er markaður tekjustofn.
- 302 Embætti ríkissáttasemjara. Embætti ríkissáttasemjara var stofnað með lögum nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum. Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða en á móti fellur niður viðfangsefnið „sáttanefndir í vinnudeilum“ á lið 981, vinnumál. Útgjöld vegna embættisins eru áætluð alls 24 926 þús. kr., þar af laun 21 032 þús. kr. vegna stöðu ríkissáttasemjara, fulltrúa og skrifstofumanns. Rekstrargjöld eru áætluð 3 894 þús. kr.
- 371 Lánasjóður sveitarfélaga. Framlag lækkar um 39 600 þús. kr. eða 35,2% og nemur alls 152 100 þús. kr. Framlagið hefur þá verið lækkað í samræmi við forsendur frumvarpsins um framlög til fjárfestingarsjóða. Samkvæmt núgildandi lögum skal árlegt framlag ríkissjóðs eigi vera lægra en 2½% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sama ár.
- 399 Vatnsveitur. Framlag til vatnsveitna er alls 65 000 þús. kr. og er það 15 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1978.
- 971 Erfðafjársjóður, framlag. Framlag til sjóðsins lækkar um 54 000 þús. kr. frá fjárlögum en framlagið er skert um 10% í samræmi við frumvarpsforsendur.
- 972 Biæreráðasjóður. Framlag ríkissjóðs lækkar um 12 100 þús. kr. og verður 83 700 þús. kr. Þegar tillit hefur verið tekið til 10% lækkunar eins og til annarra fjárfestingarsjóða. Framlag til sjóðsins er lögbindið og er annars vegar 50 kr. á hvern íbúa landsins og hins vegar 0,35% af söluvörum landbúnaðarins. Framlag sveitarfélaga til sjóðsins nemur jafnhárra upphæð.

- 975 Styrktarsjóður vangefinna. Tekjur sjóðsins eru markaðar og eru hluti af vörugjaldi. Framlagið nemur 150 000 þús. kr. og er það sama fjárhæð og í fjárlögum 1978. Rétt er að geta að ákvæði laga nr. 83/1977, um breytingu á lögum nr. 97/1971 um vörugjald, þar sem kveðið er á um framlag ríkissjóðs til Styrktarsjóðs vangefinna, gildir aðeins til ársloka 1978.
- 981 Vinnumál. Þessi liður hækkar um 4 760 þús. kr. og skýrist hækkunin þannig: Framlag til sáttanefnda í vinnudeilum 9 728 þús. kr. í fjárlögum 1978 fellur niður, sbr. athugasemd við lið 07-302, framlag til félagsdóms hækkar um 888 þús. kr. og ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota hækkar um 6 000 þús. kr. í ljósi raunverulegra útgjalda ársins 1978. Þá bætist við nýtt viðfangsefni, stuðningur við samtök vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi, 7 600 þús. kr.
- 999 Ýmis framlög. Framlög á þessum lið hækka um 55 465 þús. kr., þar af framlag til Slysavarnarfélags Íslands vegna tilkynningarskyldu skipa 11 265 þús. kr., meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga 3 500 þús. kr. og meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1947 35 000 þús. kr. Framlag til styrktarfélags lamaðra og fatlaðra lækkar um 1 600 þús. kr. og verður 2 400 þús. kr. sem er gjald af seldum eldspýtum. Framlag til talbókagerðar fyrir blinda og sjónskerta 1 200 þús. kr. fellur niður enda var um að ræða fjárveitingu til eins árs. Þá er tekið upp nýtt viðfangsefni, vegna tjóns af náttúruhamförum í Norður-Þingeyjarsýslu 8 500 þús. kr., og er það gert í samræmi við mat á skemmdum vegna náttúruhamfara.

#### 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

- 271 Tryggingastofnun ríkisins. Framlög á þessum lið renna til slysstrygginga, lífeyristrygginga og sjúkratrygginga. Í eftirfarandi yfirliti eru niðurstöður allra tryggingaþátta dregnar saman og hækkunin frá fjárlögum 1978 sýnd:

#### Almannatryggingar 1978 og 1979 (Í millj. kr.)

|                                | Fjárlög<br>1978      | Frumvarp<br>1979     | Hækkun |
|--------------------------------|----------------------|----------------------|--------|
| Slysstryggingar .....          | 937                  | 1 584                | 647    |
| Lífeyristryggingar .....       | 19 721               | 25 024               | 5 303  |
| (Þar af atvinnurekendur) ..... | (2 761)              | (3 504)              | (743)  |
| Sjúkratryggingar .....         | 13 227 <sup>1)</sup> | 21 395 <sup>1)</sup> | 8 168  |
| Samtals                        | 33 885               | 48 003               | 14 118 |
| Hlutur ríkissjóðs .....        | 30 187               | 42 915               | 12 728 |
| Hlutur atvinnurekenda .....    | 3 698                | 5 088                | 1 390  |

<sup>1)</sup> Þ. e. áætlað framlag ríkissjóðs á árinu.

Framlög til almannatrygginga hækka samkvæmt yfirlitinu um 14 118 m.kr. og koma af þeirri fjárhæð 12 728 m.kr. í hlut ríkissjóðs og 1 390 m.kr. í hlut atvinnurekenda. Heildarlækkun nemur 41,7%. Kostnaður við lífeyristryggingar og framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum 1978 og frumvarpi 1979 eru sýnd í eftirfarandi yfirliti:

**Lífeyristryggingar 1978 og 1979**  
(Í millj. kr.)

|                                 | Fjárlög<br>1978 | Frumvarp<br>1979 | Hækkun       |
|---------------------------------|-----------------|------------------|--------------|
| Ellilífeyrir .....              | 10 144          | 12 970           | 2 826        |
| Tekjutrygging .....             | 4 562           | 5 775            | 1 213        |
| Uppbót á lífeyri .....          | 840             | 1 140            | 300          |
| Heimilisuppbót .....            | 494             | 652              | 158          |
| Órorkustyrkur .....             | 722             | 1 026            | 304          |
| Barnalífeyrir .....             | 826             | 968              | 142          |
| Mæðralaun .....                 | 570             | 777              | 207          |
| Fæðingarstyrkur .....           | 444             | -                | ÷ 444        |
| Ekkjubætur og lífeyrir .....    | 514             | 880              | 366          |
| <b>Bætur samtals</b>            | <b>19 116</b>   | <b>24 188</b>    | <b>5 072</b> |
| <b>Kostnaður</b> .....          | <b>223</b>      | <b>346</b>       | <b>123</b>   |
| Til varasjóðs .....             | 382             | 490              | 108          |
| <b>Gjöld samtals</b>            | <b>19 721</b>   | <b>25 024</b>    | <b>5 303</b> |
| <b>Hluttur ríkissjóðs</b> ..... | <b>16 960</b>   | <b>21 520</b>    | <b>4 560</b> |
| Hluttur atvinnurekenda .....    | 2 761           | 3 504            | 743          |

Heildaraukning kostnaðar við lífeyristryggingar er þannig 5 303 m.kr. eða 26,9% frá fjárlögum 1978. Þar af koma 4 560 m.kr. í hlut ríkissjóðs og 743 m.kr. í hlut atvinnurekenda. Ástæður útgjaldabreytinga vegna lífeyristrygginganna, auk fjölgunar bótaþega í hverjum bótaflokki, eru í stórum dráttum tvær. Í fyrsta lagi hafa orðið bótahækkunir frá samþykkt síðustu fjárlaga, þ. e. 5,5% í mars (7,5% vegna tekjutryggingar) 15,0% 1. júní og 8,0% 1. september. Auk þess er áætlað fyrir bótahækkunum í samræmi við forsendur um hækkun launa 7,5% 1. desember n. k. Í öðru lagi lækka útgjöld vegna niðurfellingar fæðingarstyrks úr lífeyristryggingunum, þ. e. 444 m.kr. í fjárlögum 1978. Með lögum nr. 59/1978, um breyting á lögum um almannatryggingar, er m. a. sú breyting gerð að fæðingarstyrkur fellur niður sem einn liður lífeyristrygginganna. Þess í stað er gert ráð fyrir að kostnaður vegna fæðinga á sjúkrastofnunum og í heimahúsum greiðist af sjúkratryggingunum.

Framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginga á árinu 1979 nema alls 21 395 m.kr. Hækkun einstakra liða er eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

**Sjúkratryggingar 1978 og 1979**  
(Í millj. kr.)

|  | Fjárlög<br>1978 | Frumvarp<br>1979 | Hækkun |
|--|-----------------|------------------|--------|
| Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum .....   | 11 018          | 16 925           | 5 907  |
| Læknishjálpar .....                      | 920             | 1 455            | 535    |
| Lyf .....                                | 1 170           | 2 370            | 1 200  |
| Dagpeningar .....                        | 605             | 1 062            | 457    |
| Tannlækningar .....                      | 447             | 790              | 343    |
| Ýmis sjúkrakostnaðir .....               | 890             | 1 340            | 450    |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaðir ..... | 223             | 380              | 157    |
| Til varasjóðs .....                      | 76              | 120              | 44     |
| Samtals                                  | 15 349          | 24 442           | 9 093  |
| Útgjaldahluti ríkissjóðs .....           | 13 584          | 21 630           | 8 046  |
| Framlag ríkissjóðs á árinu .....         | 13 227          | 21 395           | 8 168  |

Af heildarútgjöldum vegna sjúkratrygginga nemur framlag ríkissjóðs 88,5% og hlutur sveitarfélaga 11,5%. Hækkun framlags ríkissjóðs frá fjárlögum 1978 er 8 168 m.kr. eða 61,7%. Um hækkunir einstakra liða sjúkratrygginga er þetta að segja: Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum hækka um 5 907 m.kr. frá síðustu fjárlögum. Hækkunin skýrist þannig í meginráttum: Taxtar grunnbyggjalda hækkuðu á árinu 1978 um 9,5% 1. mars, 12,5% 1. júní, 7,9% 1. júlí og 9,3% 1. september. Þá er áætlað að þeir hækki um 7,5% 1. desember og er það í samræmi við launaforsendur frumvarpsins og hækkun rekstrar-kostnaðar til áramóta. Tillit er tekið til rekstrarbreytinga árána 1976 og 1977, sem komu til leiðréttingar á síðari hluta árs 1978, og skýrir það 7,9% hækkun daggjaldtaxta 1. júlí. Um 255 m.kr. þessarar rekstrarbreytingar, sem fyrirhugað var að bæta 1978, greiðist væntanlega með halladaggjöldum á árinu 1979. Að lokum er þess að geta að úr daggjöldum fyrir árið 1979 hafa verið felldar 600 m.kr. vegna laga nr. 57/1978, en þar er gert ráð fyrir að viðhald sjúkrahúsa greiðist að jöfnu af ríki og sveitarfélögum og að til þess komi bein fjárveiting á fjárlögum. Sú fjárveiting verður 300 m.kr. og er færð á lið 08-381. Útgjöld vegna læknishjálpar aukast um 535 m.kr. og vegna lyfja um 1 200 m.kr. og skýrist hækkunin að hluta af magnaukningu og verðlagshækkunum. Sérstök athugun, sem gerð var á miðju ári 1978, bendir til vanáætlunar þessara liða í fjárlögum 1978 og er það nú leiðrétt. Áætlunin er við það miðuð að þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði og kostnaði vegna sérfræðipjónustu aukist sem nemur 940 m.kr. Í fjárlögum 1978 var einnig gert ráð fyrir hliðstæðri hækkun en hún hefur ekki komið til framkvæmda þegar frumvarp þetta er samið. Um aðra liði áætlunarinnar er það að segja að þeir hækka yfirleitt í samræmi við hækkun verðlags og líklega magnaukningu. Loks skal þess getið að mismunur útgjaldahluta og framlags ríkissjóðs stafar af því að ávallt færast eitthvað yfir áramót af greiðslu skuldbindinga sem stofnað er til á árinu.

- 273 Atvinnuleysistryggingasjóður. Heildarframlag til sjóðsins hækkar um 1 474 140 þús. kr. eða 90,4%, þar af nemur atvinnuleysistryggingagjald atvinnurekenda 491 380 þús. kr. sem færast jafnframt á tekjuhlíð frumvarpsins. Mótframlag ríkissjóðs, sem er tvöfalt framlag atvinnurekenda, hækkar því um 982 760 þús. kr. Hlutfallslega mikil framlagsaukning skýrist að hluta af

magnaukningu, þ. e. fjölgun vinnuvikna, og að hluta af hækkun þess grunnkaups sem iðgjald til sjóðsins er miðað við, en það eru vikulaun samkvæmt 1. taxta Dagsbrúnar í september 1978.

- 310 **Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar.** Í fjárlögum 1978 voru 125 000 þús. kr. á þessum lið vegna launamála á ríkisspítölum og/eða heilsugæslustöðvum. Nú eru áætlaðar 210 000 þús. kr. til þessara mála og nemur hækkunin 85 000 þús. kr. eða 68,0%. Samsvarar það eðlilegri taxtahækkun launa. Ákvörðun um ráðstöfun fjárins verður tekin af fjárveitinganefnd.
- 319 **Matvælarannsóknir ríkisins.** Stofnunin fær nú sjálfstætt fjárlaganúmer en taldist áður til ýmissa heilbrigðismála (08-399). Í lögum nr. 74/1977 er kveðið á um starfsemi stofnunarinnar. Framlag hækkar um 28 927 þús. kr. frá fjárlögum eða 133,9%. Laun hækka um 9 625 þús. kr. og er þá miðað við sömu fastarstöður og heimild er fyrir nú. Önnur rekstrargjöld hækka um 10 852 þús. kr. vegna eðlilegra verðbreytinga og aukinnar starfsemi. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 9 000 þús. kr. og verður alls 11 000 þús. kr. Loks eru tekjur áætlaðar 550 þús. kr. en voru engar í fjárlögum yfirstandandi árs.
- 302, 311, 312, 371—377 **Ríkisspítalar.** Við gerð þessa frumvarps fór fram sérstök athugun á launakostnaði og starfsmannahaldi ríkisspítalanna og tengdra stofnana. Að athugininni stóðu heilbrigðisráðuneytið, skrifstofa ríkisspítalanna, launadeild fjármálaráðuneytisins og fjárlaga- og hagsýslustofnun. Með þessari athugun var stefnt að því í fyrsta lagi að fá úr því skorið hvert starfsmannahald ríkisspítalanna er og í öðru lagi að leiðrétta vanáætlanir fyrri ára. Þá var sérstakt mat lagt á þátt afleysinga, yfirvinnu og álagsgreiðslna í heildarlaunakostnaði hlutaðeigandi stofnana. Niðurstöður athugunarinnar leiða til þess að hlutfallsleg breyting á launalið ríkisspítalanna og tengdra stofnana vikur í vissum tilvikum verulega frá almennri hækkun launataxta frá síðustu fjárlögum. Að fenginni niðurstöðu þessarar athugunar var ákveðið að stöðuheimildir á einstökum stofnunum ríkisspítalanna yrðu sem hér segir:

|                                   |         |
|-----------------------------------|---------|
| Skrifstofa ríkisspítalanna .....  | 38,5    |
| Rannsóknastofa háskólans .....    | 54,7    |
| Blóðbankinn .....                 | 18,7    |
| Landspítalinn .....               | 735,5   |
| Fæðingardeild Landspítalans ..... | 110,5   |
| Kleppspítali .....                | 295,7   |
| Vífilstaðaspítali .....           | 108,0   |
| Kristneshælið .....               | 40,9    |
| Kópavogshælið .....               | 144,2   |
| Vistheimilið Gunnarsholti .....   | 10,0    |
| Samtals stöðuheimildir            | 1 556,7 |

Fjárveitingar til ríkisspítalanna hækka alls um 4 762 848 þús. kr. og verða alls 11 577 300 þús. kr., þar af rekstrarframlæg 11 074 100 þús. kr., sem skiptast á einstakar stofnanir eins og hér segir í m.kr.:



|                                  | Fjárlög<br>1978 | Frumvarp<br>1979 | Hækkun  |
|----------------------------------|-----------------|------------------|---------|
| Skrifstofa ríkisspítalanna ..... | 128,4           | 232,9            | 104,5   |
| Rannsóknastofa háskólans .....   | 104,2           | 255,9            | 151,7   |
| Blóðbankinn .....                | 38,5            | 92,2             | 53,7    |
| Landspítalinn .....              | 3 286,4         | 5 680,3          | 2 393,9 |
| Fæðingadeild Landspítalans ..... | 423,0           | 958,0            | 535,0   |
| Kleppsspítali .....              | 1 147,0         | 1 934,0          | 787,0   |
| Vífilsstaðaspítali .....         | 409,5           | 676,9            | 267,4   |
| Kristneshæli .....               | 194,8           | 305,3            | 110,5   |
| Kópavogshæli .....               | 506,6           | 812,5            | 305,9   |
| Vistheimilið Gunnarsholti .....  | 75,7            | 126,1            | 50,4    |
| Samtals                          | 6 314,1         | 11 074,1         | 4 760,0 |

Laun hækka samtals um 3 428 436 þús. kr., rekstrargjöld um 1 140 452 þús. kr., viðhald um 208 980 þús. kr. en sértekjur hækka um 17 820 þús. kr. Það veldur óverulegri hækkun sértekna að nú er við það miðað að engin greiðsla komi frá Tryggingastofnun ríkisins vegna fæðinga eins og er á yfirstandandi ári, enda hefur fæðingarstyrkurinn verið felldur niður úr lífeyris-tryggingum. Laun hækka vegna almennra taxtahækkana en einnig vegna nýrrar áætlunar um launagreiðslur eins og yfirvinnu, afleysingar, vaktaálag o. fl. Stefnt er að lækkun yfirvinnu og álagsgreiðslna á sama hátt og í grunnskólum og í löggæslu og er bein lækkun vegna þess 270 000 þús. kr.

Framlög vegna stofnkostnaðar á ríkisspítölum hækka um 2 800 þús. kr. og verða samtals 503 200 þús. kr. Skiptast þau þannig á einstök sjúkrahús og verkþætti í þús. kr.:

|   |         |         |
|---|---------|---------|
| Landspítalinn                                 |         | 461 200 |
| Geðdeild .....                                | 231 500 |         |
| Röntgentæki .....                             | 36 000  |         |
| Göngudeild, Hátún .....                       | 17 200  |         |
| Símsstöð .....                                | 6 500   |         |
| Sjúkramóttaka .....                           | 20 000  |         |
| Færsla deilda .....                           | 20 000  |         |
| Tækjakaup .....                               | 100 000 |         |
| Stjórnun, eftirlit o. fl. ....                | 30 000  |         |
| Fæðingardeild Landspítalans                   |         | 35 000  |
| Endurbætur gömlu deildar .....                | 20 000  |         |
| Lokafrágangur, tæki o. fl. nýju deildar ..... | 15 000  |         |
| Kristnes                                      |         | 2 000   |
| Til dagheimilis .....                         | 2 000   |         |
| Blóðbankinn                                   |         | 5 000   |
| Tenging hæða .....                            | 5 000   |         |
| Samtals                                       |         | 503 200 |

- 378 **Læknishéraðasjóður.** Framlag til sjóðsins nemur alls 22 500 þús. kr. og hækkar því um 4 500 þús. kr.
- 380 **Námslán læknastúdenta.** Framlag lækkar um 1 000 þús. kr. og nemur alls 2 000 þús. kr. Er það sú fjárhæð sem kveðið er á um í reglugerð nr. 6/1974.
- 381 **Til sjúkrahúsa og læknisbústaða.** Heildarhækkun framlaga til þessa liðar nemur 505 386 þús. kr. og verður samtals 2 064 483 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig: Styrkur til heilsuverndarstöðva 47 386 þús. kr., til byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 158 000 þús. kr. og vegna viðhalds sjúkra-

húsa 300 000 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 57/1978 fellur viðhald bygginga og tækja úr daggjöldum en til að standa straum af þessum útgjöldum koma að hluta beinar fjárveitingar úr ríkissjóði. Nema þær 50% kostnaðar og er framlag sveitarfélaga sama fjárhæð. Þessi liður er nýr í frumvarpi fyrir 1979. Til byggingar sjúkrahúsa og læknisbústaða renna alls 1 458 000 þús. kr. og verður áætlun um ráðstöfun fjárins lögð fyrir fjárveitinganefnd.

- 391 Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar. Framlag hækkar um 357 552 þús. kr. eða 84,4% og skýrist þannig: Laun 291 552 þús. kr., en þá er miðað við 119 fastar heimilaðar stöður lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Hækkunin er 74,2% og skýrist af almennum forsendum um launahækkunir og af þóknunargreiðslu í samræmi við kjarasamninga lækna frá því í ársbyrjun 1978. Rekstrargjöld hækka um 10 000 þús. kr. vegna verðlagshækkana og gjaldfærður stofnkostnaður um 6 000 þús. kr. Með lögum nr. 57/1978 er ákveðið að viðhald heilsugæslustöðva dreifist jafnt á ríki og sveitarfélög. Til þessa verkefnis er nú varið í fyrsta sinn 50 000 þús. kr.
- 399 Ýmis heilbrigðismál. Þessi liður hækkar alls um 95 376 þús. kr. eða 36%. Þar af 20 000 þús. kr. vegna nýs viðfangsefnis lyfsólusjóðs. Sjóður þessi starfar samkvæmt lögum nr. 49/1978. Niður falla starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar 2 000 þús. kr. og útgjöld vegna matvælarannsóknna lækka um 16 609 þús. kr. en Matvælarannsóknir ríkisins, sem starfa samkvæmt lögum nr. 74/1977, fá fjárveitingu á lið 08 319. Helstu hækkunarliðir aðrir eru: Skólar heilbrigðisstétta 18 011 þús. kr., ljósmæðralaun 20 058 þús. kr. Minningar-sjóður Landspítalans 15 500 þús. kr., lyfjanefnd 10 194 þús. kr., lyfjaeftirlit 8 321 þús. kr., lyfjaverðlagsnefnd 2 560 þús. kr., námsferðir héraðslækna og embættislækna 3 263 þús. kr. og aðrir minni liðir 19 078 þús. kr.
- 471 Gæsluvistarsjóður. Framlag lækkar um 6 300 þús. kr. og nemur alls 61 600 þús. kr. Lækkunin er gerð í samræmi við forsendur frumvarpsins um 10% lækkun framlaga til fjárfestingarsjóða.

#### 09 Fjármálaráðuneytið

- 201 Embætti ríkisskattstjóra. Fjárveiting hækkar um 85 182 þús. kr., þar af er aukning á launalið 76 531 þús. kr. Við afgreiðslu fjárlaga ársins 1978 féll niður fjárveiting til eins skrifstofumanns en það er nú leiðrétt. Önnur rekstrargjöld hækka um 12 011 þús. kr. og er þar eingöngu um eðlilegar verðlagshækkunir að ræða. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 3 360 þús. kr. og verður 1 000 þús. kr.
- 202 Skattstofan í Reykjavík. Fjárveiting hækkar um 161 139 þús. kr. Laun hækka um 132 597 þús. kr., þar af 2 712 þús. kr. vegna ráðningar nýs skrifstofumanns og eru þá fastar stöður hjá embættinu alls 65. Önnur rekstrargjöld hækka um 28 582 þús. kr. og er sú hækkun um 17 000 þús. kr. umfram eðlilegar verðlagshækkunir sem skýrist af mistökum við tillögugerð til fjárlaga fyrir árið 1978. Viðhald hækkar um 160 þús. kr. og sértekjur stofnunarinnar um 200 þús. kr.
- 203 Skattstofa Vesturlands, Akranesi. Fjárveiting hækkar um 23 239 þús. kr. Laun hækka um 21 694 þús. kr. og er það um 4 200 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkunir. Tala fastra starfsmanna er óbreytt en hækkunin verður á ýmsum öðrum launum og er þar tekið mið af reikningstölum fyrri ára. Önnur rekstrargjöld hækka í samræmi við eðlilegar verðlagshækkunir eða um 1 899 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 546 þús. kr., viðhald lækkar um 400 þús. kr. og sértekjur hækka um 500 þús. kr.

- 206 Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri. Fjárveiting hækkar um 41 199 þús. kr. Laun hækka um 34 291 þús. kr. og er það tæplega 1 100 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkunarir. Ef um er að ræða nokkra hækkun á ýmsum öðrum launum með hliðsjón af reynslu síðustu ára. Önnur rekstrargjöld hækka um 6 828 þús. kr., sem er um það bil 3 500 þús. kr. yfir hækkun verðlags, og er um að ræða leiðréttingu vegna vanáætlunar við tillögugerð til fjárlaga 1978. Viðhald hækkar um 130 þús. kr., stofnkostnaður hækkar um 150 þús. kr. og sértekjur um 200 þús. kr.
- 209 Skattstofa Vestmannaeyja. Heildarfjárveiting hækkar um 10 997 þús. kr. og er það verulega umfram eðlilegar launa- og verðlagshækkunarir. Laun hækka um 8 552 þús. kr. og er það um 1 700 þús. kr. umfram almennar launahækkunarir. Tala fastra starfsmanna breytist ekki en tilfærsla í launaflokkum og vanáætlun ýmissa annarra launa í tillögugerð til fjárlaga 1978 valda þessari hækkun. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 345 þús. kr. sem er um 1 600 þús. kr. umfram eðlilegar verðlagshækkunarir. Veldur hækkun húsaleigu mestu um þessa hækkun. Viðhald hækkar um 50 þús. kr., stofnkostnaður um 150 þús. kr. og sértekjur um 100 þús. kr.
- 261 Tollstjórinn í Reykjavík. Sú breyting er gerð á framsetningu fjárveitinga til embættisins frá fyrri árum að kostnaður við rekstur tollhússins er tekinn inn sem sérstakt viðfangsefni í fjárveitingu til embættisins og á móti eru teknar upp sértekjur jafnháar gjöldum vegna hússins. Að öðru leyti er hækkun fjárveitinga ekki umfram eðlilegar launa- og verðlagshækkunarir.
- 381 Uppbætur á lífeyri. Líður þessi hækkar um 1 694 114 þús. kr. og verður 3 585 039 þús. kr., þar af fara 3 116 894 þús. kr. til greiðslu á lífeyri en 468 545 þús. kr. til greiðslu á eftirstöðvum á uppbótum á lífeyri. Er þá gert ráð fyrir að skuld þessi sé þar með jöfnuð.
- 402 Fasteignamat ríkisins. Föstum starfsmönnum fjölgar um einn skrifstofumann og veldur það hækkun um 2 696 þús. kr. Að öðru leyti hækka laun um 57 375 þús. kr. og er það um 3 200 þús. kr. umfram almennar launahækkunarir vegna vanáætlana 1978. Önnur rekstrargjöld hækka um 27 601 þús. kr. frá fjárlögum 1978 og er það um 12 700 þús. kr. umfram eðlilegar verðlagshækkunarir. Við þá hækkun er tekið mið af reikningstölum 1977. Viðhald hækkar um 400 þús. kr. og stofnkostnaður um 600 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 15 000 þús. kr. og gjöld umfram tekjur hækka um 73 672 þús. kr.
- 999 Ýmislegt. Lækkun á þessum lið frá fjárlögum 1978 verður 228 949 þús. kr. og veldur þar mestu lækkun á óvissum útgjöldum 340 000 þús. kr. Helstu breytingar aðrar eru þær að tekin eru upp tvö ný viðfangsefni: Ýmis sameiginlegur kostnaður 30 000 þús. kr., sem er til að standa undir ýmsum sameiginlegum kostnaði ráðuneyta, og ennfremur eru 75 000 þús. kr. ætlaðar til að bæta framkvæmd skattalaga og efla skatteftirlit. Niður eru felld þrjú viðfangsefni, til orlofsheimila BHM og BSRB samtals 51 500 þús. kr., en þessi framlög verða eftirleiðis greidd samtökunum af launatengdum gjöldum hvernar ríkisstofnunar. Þá fellur niður framlag til Norræna fjárfestingarbankans 81 000 þús. kr., en greiðslum til hans lýkur á árinu 1978. Breytingar á öðrum viðfangsefnum eru þessar: Símakostnaður og burðargjöld fyrir stjórnarráðið hækkar um 28 516 þús. kr., skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna hækkar um 63 400 þús. kr. kostnaður við kjarasamninga hækkar um 12 340 þús. kr., dómkreöfur og málskostnaður hækkar um 12 922 þús. kr., tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum hækka um 9 825 þús. kr., kostnaður vegna millipinganefnda hækkar um 4 307 þús. kr., þungaskattsálagning með öikumælum hækkar um 4 241 þús. kr. og framlag til samtaka opinberra starfsmanna hækkar um 3 000 þús. kr.

## 10 Samgönguráðuneytið.

- 211 **Vegagerð ríkisins.** Heildarkostnaður vegna vegagerðar er áætlaður samtals 12 300 000 þús. kr. og er það 2 995 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1978 eða 32,1%. Áætlun þessi er allfrábrugðin niðurstöðum gildandi vegáætlunar fyrir tímabilið 1977—80. Samkvæmt vegalögum nr. 113/1976 ályktar Alþingi um vegáætlun til fjögurra ára og skal áætlunin endurskoðuð að tveim árum liðnum frá samþykkt hennar. Endurskoðun vegáætlunar fyrir 1979—1980 hefur enn ekki farið fram en í gildandi vegáætlun er miðað við 7 000 000 þús. kr. framlag til vegamála. Þess má geta að vegáætlun fyrir 1978 var endurskoðuð fyrir það ár og fjárframlög til vegamála hækkuð um 2 305 000 þús. kr. frá vegáætlun. Eftirfarandi yfirlit sýnir í grófum dráttum sundurliðun heildarkostnaðar og fjármögnun vegagerðar samkvæmt fjárlögum 1978, vegáætlun 1977—80 og frumvarpi 1979 í m.kr.:

|                             | Fjárlög<br>1978 | Vegáætlun<br>1979 | Frumvarp<br>1979 |
|-----------------------------|-----------------|-------------------|------------------|
| <b>Heildarútgjöld</b> ..... | <b>9 305</b>    | <b>7 000</b>      | <b>12 300</b>    |
| Nýbyggingar .....           | 4 635           | 3 114             | 6 350            |
| Viðhald .....               | 3 000           | 2 683             | 3 700            |
| Annað .....                 | 1 670           | 1 203             | 2 250            |
| <b>Fjármögnun</b> .....     | <b>9 305</b>    | <b>7 000</b>      | <b>12 300</b>    |
| Fastir tekjustofnar .....   | 5 800           | 4 407             | 9 640            |
| Framlag ríkissjóðs .....    | 1 305           | 793               | —                |
| Lántökur .....              | 2 200           | 1 800             | 2 660            |

Framlög til nýbygginga hækka um 1 715 000 þús. kr., til viðhalds um 700 000 þús. kr. og önnur útgjöld um 580 000 þús. kr. Um tekjuhliðina er þetta að segja: Fastir tekjustofnar hækka um 3 840 000 þús. kr. eða 66,2%, þar af innflutningsgjald af bensíni 3 023 000 þús. kr., þungaskattur 800 000 þús. kr. og gúmmígjald 17 000 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir að lántökur hækki um 460 000 þús. kr. (sbr. greinargerð um lánahreyfingar) en á hinn bóginn falla bein ríkisframlög niður.

Auk framangreindra útgjalda greiðir ríkissjóður 2 484 249 þús. kr. af lánunum sem tekin hafa verið vegna vegagerðar, þ. e. 1 060 422 þús. kr. í afborganir og 1 423 827 þús. kr. í vexti. Endurskoðun vegáætlunar stendur yfir og verður sú áætlun væntanlega lögð fyrir haustþing.

- 321 **Strandferðir, framlög.** Hækkun framlaga vegna Skipaútgerðar ríkisins nemur 248 463 þús. kr. Til fjárfestinga er ætlað samtals 31 000 þús. kr. en það er hækkun frá fjárlögum 1978 um 30 500 þús. kr. Fjármunum þessum er fyrirhugað að verja til kaupa og endurbóta á flutningagámum, gaffallyfturum o. fl. Þá er gert ráð fyrir 46,3% tekjuaukningu útgerðarinnar vegna aukinna flutninga og hækkunar farm- og fargjaldataxta. Framlög til flóabáta og vöruflutninga eru óbreytt frá gildandi fjárlögum.
- 331 **Vita- og hafnamál, aðalskrifstofa.** Framlög hækka um 51 223 þús. kr. og skýrist sú breyting þannig: Útgjöld vegna launa, rekstrargjalda, viðhalds og stofnkostnaðar hækka alls um 77 223 þús. kr. og er um eðlilega hækkun allra liða að ræða. Á móti kemur að sértekjur stofnunarinnar hækka um 26 000 þús. kr. en vinna verkfræðinga og tæknifræðinga er seld með álagi þeim aðilum er að hlutaðeigandi hafnargerð standa.

- 332 **Vitamál.** Hækkun nemur 85 223 þús. kr., þar af 76 925 þús. kr. vegna launa og 8 898 þús. kr. vegna annarra rekstrargjalda. Viðhald eykst um 11 400 þús. kr. sem er nokkru meira en verðlagsforsendur gefa tilefni til. Stofnkostnaður er óbreyttur í samræmi við þá meginstefnu að framlög til framkvæmda haldist óbreytt í krónutölu frá gildandi fjárlögum og nemur því alls 27 000 þús. kr. Loks hækka sértekjur stofnunarinnar um 12 000 þús. kr. og verða alls 28 000 þús. kr. Tekjurnar eru tvíþættar. Annars vegar hlutdeild veðurstofu í launum vitavarða og hins vegar þjónustu við innsiglingarljós sem hafnarsjóðir bera kostnað af.
- 333 **Hafnamál.** Framlög til hafnamála lækka samtals um 50 428 þús. kr. og skýrist sú breyting þannig: Hafnarmannvirki og lendingabætur lækka um 14 000 þús. kr. og framlag til hafnabótasjóðs lækkar þar af leiðandi um 1 700 þús. kr. Framlag til hafrannsóknna og mælinga hækkar um 7 900 þús. kr. og til sjóvarnargarða um 34 000 þús. kr. vegna endurgreiðslna bráðabirgðalána auk vaxta, en lánin voru tekin hjá Viðlagatryggingu 1978 í tengslum við gerð sjóvarnargarða við Stokkseyri og Eyrarbakka. Greiðslur vaxta og afborgana af landshafnarlánunum á þessum fjárlagalið hækka um 49 763 þús. kr. vegna vísitölu- og gengisbreytinga. Loks er að geta framlaga til hafnargerðar sem fjármögnuð er með lánsfé. Þessi framlög lækka alls um 115 000 þús. kr., þar af 20 000 þús. kr. vegna Grundartangahafnar, 70 000 þús. kr. vegna Landshafnar í Keflavík-Njarðvík og 25 000 þús. kr. vegna þess að framlag til Þorlákshafnar fellur með öllu niður. Þá var á síðasta ári lokið greiðslu eftirstöðva framlaga við gerð hafnarmannvirkja að fjárhæð 11 391 þús. kr.
- 341 **Siglingamálastofnun ríkisins.** Framlag hækkar samtals um 69 830 þús. kr., þar af 58 672 þús. kr. vegna launa, 8 538 þús. kr. vegna annarra rekstrargjalda og 2 620 þús. kr. vegna stofnkostnaðar og verður hann 7 200 þús. kr. alls.
- 471 **Flugmálastjórn.** Framlag til flugmálastjórnar hækkar um 518 560 þús. kr. sem í meginatriðum skýrist þannig: Launakostnaður hækkar um 322 580 þús. kr. og aðrir rekstrarliðir um 161 901 þús. kr., hvort tveggja vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana. Þá hækka sértekjur um 31 555 þús. kr. Afborgun lána hækkar um 5 509 þús. kr. og verður 41 845 þús. kr. Innheimtar afborganir lækka um 60 125 þús. kr. Þessi lækkun á rót sína að rekja til þess að í fjárlögum fyrir árið 1978 voru 70 000 þús. kr. innborganir vegna sölu flugskýlis á Reykjavíkurflugvelli. Framlag til framkvæmda, 600 000 þús. kr., er óbreytt frá fjárlögum 1978 og mun fjárveitinganefnd ákveða skiptingu þess fjár á einstakar framkvæmdir.
- 651 **Ferðamál.** Framlag hækkar samtals um 13 140 þús. kr. og skýrist hækkunin þannig: Laun hækka um 10 919 þús. kr., sem er hlutfallslega nokkru meiri hækkun en taxtahækkanir gefa tilefni til, og stafar sú umframhækkun af því að starfsemi Ferðamálaráðs er nú fastmótaðri en var á síðasta ári. Rekstrargjöld nema nú 6 221 þús. kr. en voru engin í fjárlögum og gildir þar sama skýring og að ofan. Samkvæmt lögum nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, skal framlag Ferðamálasjóðs nema 40 000 þús. kr. Í samræmi við meginforsendur frumvarpsins miðast áætlun þessi við að framlag lækki um 4 000 þús. kr. og verði 36 000 þús. kr.

## 11 Iðnaðarráðuneytið

- 201 **Iðntæknistofnun Íslands.** Lög um Iðntæknistofnun Íslands eru nr. 41/1978 en löggin gera m. a. ráð fyrir sameiningu Iðnþróunarstofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar iðnaðarins. Tekjur stofnunarinnar eru sem hér segir: Framlag á fjárlögum, hluti af jöfnunargjaldi (sbr. lög nr. 83/1978) og aðrar tekjur fyrir selda þjónustu. Tekjur stofnunarinnar í frumvarpinu skiptist þannig að hluti

- jöfnunargjalds nemur 91 000 þús. kr., sértekjur stofnunarinnar 37 000 þús. kr. og framlag ríkissjóðs 195 371 þús. kr. eða samtals 323 371 þús. kr. Launagjöld stofnunarinnar eru alls 206 390 þús. kr. og er það 79 911 þús. kr. eða 63,2% hækkun frá fjárveitingu til Iðnþróunarstofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar iðnaðarins á árinu 1978. Önnur rekstrargjöld nema alls 95 981 þús. kr. og hækka um 33 802 þús. kr. eða 54,4% frá fjárlögum. Viðhald hækkar um 1 250 þús. kr. og verður alls 4 000 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður alls 17 000 þús. kr. og hækkar um 5 000 þús. kr. Þá er áætlað að sértekjur stofnunarinnar aukist um 15 442 þús. kr. Samtals hækkar því fjárveiting til stofnunarinnar samanborið við fyrri tvær stofnanir um 104 521 þús. kr. eða 57,5% sem er eingöngu vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana.
- 221 **Lánasjóðir iðnaðarins.** Framlag til lánasjóða iðnaðarins hækkar samtals um 20 000 þús. kr. vegna aukins framlags til iðnlánasjóðs um sömu upphæð. Heildarframlag til iðnlánasjóðs er því 270 000 þús. kr. en til iðnrekstrarsjóðs renna 50 000 þús. kr.
- 235 **Fyrirtæki og stofnanir, framlög.** Framlag hækkar um 2 600 þús. kr. og nemur alls 20 000 þús. kr. Framlagið rennur óskert til útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.
- 299 **Iðja og iðnaður, framlög.** Útgjöld vegna þessa liðar eru eingöngu til fyrirtækja og atvinnuvega og til einstaklinga, heimila og samtaka. Framlög hækka alls um 65 300 þús. kr. og skýrist hækkunin þannig: Viðfangsefnið, til iðnþróunar, er nýtt en til þess renna alls 76 000 þús. kr. sem er hluti jöfnunargjalds, sbr. lög nr. 83/1978. Tvö verkefni í fjárlögum 1978 falla nú niður, þ. e. iðnkynning 6 500 þús. kr. og norræni iðnaðarsjóðurinn 4 200 þús. kr. Framlög til norræna iðnaðarsjóðsins flyst á aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins og fellur undir liðinn Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs. Er þetta gert í samræmi við breytingar á fjárframlögum aðildarþjóðanna að sameiginlegum verkefnum. Aðrir liðir eru óbreyttir.
- 301 **Orkustofnun.** Framlag til stofnunarinnar hækkar um 419 514 þús. kr., þar af um 216 180 þús. kr. eða 54,3% vegna rekstrargjalda, 2 800 þús. kr. vegna viðhalds og 7 735 þús. kr. vegna stofnkostnaðar. Er hér um hækkunir að ræða í samræmi við verðlagsbreytingar. Laun aukast um 255 199 þús. kr. og nema alls 633 803 þús. kr. Er sú fjárveiting miðuð við starfsmannahald eins og hér segir: Fastar stöður eru alls 90 og í 20 stöður eru starfsmenn ráðnir til sérstakra verkefna. Stöður alls eru því 110. Á föstum stöðum stofnunarinnar hafa þær breytingar átt sér stað að ónotuð staða forstöðumanns raforkudeildar auk tveggja staða gæslumanna í Sandbúðum eru felldar niður. Í stað þeirra bætast við stöður jarðfræðings, jarðeðlisfræðings og símavarðar sem óhjákvæmilegt mun vera að ráða þegar stofnunin flytur í nýtt húsnæði að Grensásvegi 9. Skipting starfsmanna er sú, að fastir starfsmenn skrifstofu- og hagdeildar eru 12, raforkudeildar 44, þar af 6 ráðnir til sérstakra verkefna, jarðhitadeildar 47, þar af 11 ráðnir til sérstakra verkefna, og jarðkönnunardeildar 7, þar af 3 ráðnir til sérstakra verkefna. Tekjur stofnunarinnar hækka um 62 400 þús. kr. eða 78,3%. Helstu svæði sem áformað er að rannsaka á árinu 1979 samkvæmt þessari áætlun eru Austurland, Blanda og Vestfirðir auk annarra verkefna.
- 371 **Orkusjóður.** Á þessum lið kemur fram 2 670 000 þús. kr. hækkun og nemur heildarframlag til sjóðsins 4 745 000 þús. kr. Aukning framlagsins skýrist af tvennu: Verðjöfnunargjald hækkar um 335 000 þús. kr. og annað ríkisframlag hækkar um 2 335 000 þús. kr. Frumvarpið miðast við eftirfarandi ráðstöfun fjár sjóðsins: Tekjur af verðjöfnunargjaldi renni óskiptar til Rafmagnsveitna

ríkisins eins og lög gera ráð fyrir, samtals 1 210 000 þús. kr., framlag til styrkingar dreifikerfa í sveitum verði 150 000 þús. kr., þ. e. hækki um 10 000 þús. kr., til almennra lánagreiðslna renni 593 000 þús. kr., þ. e. hækkun um 91 000 þús. kr., lán til jarðhitaleitar og hitaveituframkvæmda verði 700 000 þús. kr., þ. e. hækkun um 150 000 þús. kr., og verður þessum framlögum skipt í meðferð þingsins. Þá er gert ráð fyrir að Orkusjóður annist greiðslur vegna afborgana og vaxta af lánunum sem tekin hafa verið vegna Kröfluvirkjunar, alls 2 080 000 þús. kr., og er það nýtt verkefni sjóðsins. Áður hafa þessar greiðslur verið fjármagnaðar með lántökum á lánsfjáráætlun. Loks hækka útgjöld vegna rekstrar Orkusjóðs um 4 000 þús. kr. en til rekstrarins eru ætlaðar 12 000 þús. kr. í heild.

## 12 Viðskiptaráðuneytið

- 101 Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa. Útgjöld aukast alls um 40 931 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig: Laun hækka um 27 579 þús. kr., þar af 2 677 þús. kr. vegna hálftrar stöðu aðstoðarmanns ráðherra, en að öðru leyti er um eðlilega taxtahækkun launa að ræða. Önnur rekstrargjöld aukast um 12 852 þús. kr., sem er nokkru meira heldur en almenn verðlagsforsenda gefur tilefni til en reikningsniðurstaða ársins 1977 bendir til knapprar áætlunar í fjárlögum 1978. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 500 þús. kr. og verða samtals 1 000 þús. kr.
- 201 Niðurgreiðslur á vöruverði. Niðurgreiðslur ríkissjóðs á vöruverði eru áætlaðar 17 397 000 þús. kr. á árinu 1979 en auk þess er framlag í lífeyrissjóð bændu fært á þennan lið 640 000 þús. kr. Hækkar liðurinn í heild um 11 206 000 þús. kr., þar af beinar niðurgreiðslur um 10 911 000 þús. kr. og lífeyrissjóðsframlag um 295 000 þús. kr. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting niðurgreiðslna á einstaka þætti ásamt framlagi í lífeyrissjóð bændu.

|   | Áætlað<br>söllumagn | Niðurgreiðsla<br>kr./einingu<br>sept. 1978 | Ársútgjöld<br>millj. kr. |
|---|---------------------|--|--------------------------|
| 1. Dillakjöt .....                              | 8 800 tonn          | 570  | 5 016                    |
| 2. Annað kindakjöt .....                        | 1 500 tonn          | 255  | 383                      |
| 3. Geymslukostnaður kindakjöts ..               | .                   | .  | 1 200                    |
| 4. Nautakjöt .....                              | 2 400 tonn          | 292  | 700                      |
| 5. Mjólk frá mjólkurbúum .....                  | 49 millj. l         | 86   | 4 214                    |
| 6. Heimamjólk .....                             | 0,6 millj. l        | 50   | 30                       |
| 7. Undanrenna .....                             | 3,5 millj. l        | 20   | 70                       |
| 8. Rjómi .....                                  | 1,3 millj. l        | 300  | 390                      |
| 9. Smör .....                                   | 1 450 tonn          | 1 550                                      | 2 248                    |
| 10. Ostur .....                                 | 550 tonn            | 110  | 60                       |
| 11. Skyr .....                                  | 1 700 tonn          | 178  | 303                      |
| 12. Kartöflur .....                             | 11 000 tonn         | 95   | 1 045                    |
| 13. Ull .....                                   | 1 650 tonn          | 403  | 665                      |
|   |                     |  | 16 324                   |
| Áætluð aukning niðurgreiðslna í des. 1978 ..... |                     |  | 3 873                    |
|   |                     |  | 20 197                   |
| Sérstök lækun niðurgreiðslna á árinu 1979 ..... |                     |  | 2 800                    |
|   |                     |  | 17 397                   |
| Framlag í lífeyrissjóð bændu .....              |                     |  | 640                      |
|   |                     |  | 18 037                   |

Niðurgreiðslur eru hér áætlaðar 16 324 000 þús. kr. á heilu ári miðað við það niðurgreiðslustig sem gildir í október 1978. Áætlað er fyrir auknum niðurgreiðslum í desember n. k. samtals 3 873 000 þús. kr. en skipting þeirra niðurgreiðslna á einstaka vöruflokka er óákveðin. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að á árinu 1979 verði dregið úr niðurgreiðslum að fjárhæð 2 800 000 þús. kr. og verður tekin ákvörðun um framkvæmd þessara niðurgreiðslulækkunar síðar.

